

KJARASAMNINGUR

Kennarasambands Íslands

og

fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

RITSTÝRÐUR KJARASAMNINGSTEXTI

sem í heild gildir frá 1. mars 2014

tekinn saman af

Kennarasambandi Íslands

og

Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Kjarasamningstexti þessi er unninn í samvinnu Kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Kennarasambandi Íslands og byggir á eftirtöldum gögnum:

Heildarútgáfu kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sem í heild sinni gildir frá 1. febrúar 2006 til 30. apríl 2008.

Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila dags. 16. júní 2008. Gildistími 1. júní 2008 – 31. mars 2009.

Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila dags. 16. nóvember 2009. Gildistími 1. júlí 2009 – 30. nóvember 2010.

Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila dags. 26. maí 2011. Gildistími 1. maí 2011 – 31. mars 2014.

Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila dags 4. apríl 2014. Gildistími 1. mars 2014 – 31. október 2016.

Samkomulag um breytingar og sérstakar kjarasamningsgreinar dags. 1. apríl 2015, vegna upptöku nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum frá 1. ágúst 2015 og nauðsynlegar breytingar á eldri kjarasamningsgreinum vegna þess samkvæmt 12. grein. Aðilar eru sammála um að kjarasamningur þeirra frá 4. apríl 2014 haldi gildi sínu með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast.

Frumeintök ofangreindra samkomulaga halda gildi sínu.

Efnisyfirlit

Kjarasamningsmarkmið	bls.	1
1 Kaup	-	2
1.1	Mánaðarlaun	
1.2	Röðun starfa og mat álags	
1.3	Sérstök tímabundin umbun	
1.4	Tímakaup í dagvinnu	
1.5	Tímakaup í yfirvinnu	
1.6	Álagsgreiðslur, vaktaálag	
1.7	Persónuuppbót (desemberuppbót)	
2 Vinnutími	-	6
2.1	Almennt, árlegur starfstími skóla, vinnutími kennara	
2.2	Dagvinna	
2.3	Yfirvinna	
2.4	Hvíldartími	
2.5	Bakvaktir	
2.6	Réttur til mánaðarlauna, stundakennsla	
2.7	Um öldungadeildarkennslu og hliðstæða kennslu	
3 Matar- og kaffitímar, fæði og mötuneyti	-	15
3.1	Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili	
3.2	Matar- og kaffitímar í yfirvinnu	
3.3	Vinna í matar- og kaffitímum	
3.4	Mötuneyti og fæðispeningar	
4 Orlof	-	17
4.1	Lengd orlofs	
4.2	Orlofsfé og orlofsuppbót	
4.3	Orlofsárið	
4.4	Sumarorlofstímabil	
4.5	Ákvörðun orlofs	
4.6	Veikindi í orlofi	
4.7	Frestun orlofs	
4.8	Áunninn orlofsréttur	
4.9	Orlofssjóður	
5 Ferðir og gisting	-	19
5.1	Ferðakostnaður samkvæmt reikningi	
5.2	Dagpeningar innanlands	
5.3	Greiðsluháttur	
5.4	Akstur til og frá vinnu	
5.5	Fargjöld erlendis	
5.6	Dagpeningar á ferðum erlendis	
5.7	Dagpeningar vegna námskeiða o.fl.	
5.8	Ferðakostnaðarnefnd	
5.9	Kostnaður við námskeið	
5.10	Kostnaður vegna vinnuskyldu í tveimur skólum	
6 Aðbúnaður og hollustuhættir	-	21
6.1	Aðbúnaður og hollustuhættir	

7	Tryggingar	bls.	22
7.1	Slysatryggingar		
7.2	Farangurstrygging		
7.3	Tjón á persónulegum munum		
8	Verkfæri og vinnuföt	-	24
8.1	Verkfæri		
8.2	Einkennis- og hlífðarföt		
9	Afleysingar	-	25
9.1	Staðgenglar		
9.2	Launað staðgengilsstarf		
9.3	Aðrir staðgenglar		
10	Endurmenntun, eftirmenntun	-	26
10.1	Framhaldsnám		
10.2	Launalaust leyfi og námsorlof		
10.3	Starfsmenntunarsjóðir		
10.4	Vísindasjóður HÍK / Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ		
11	Stofnanapáttur og samstarfsnefndir	-	29
11.1	Skilgreining stofnanasamnings		
11.2	Markmið stofnanasamnings		
11.3	Gerð og framkvæmd stofnanasamnings		
11.4	Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefnda		
11.5	Sáttanefnd		
12	Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa	-	32
12.1	Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður		
12.2	Réttur til launa vegna veikinda og slysa		
12.3	Starfshæfnisvottorð		
12.4	Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa		
12.5	Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns		
12.6	Skráning veikindadaga		
12.7	Veikindi og slysaforföll í fæðingarorlofi		
12.8	Veikindi barna yngri en 13 ára		
12.9	Ákvæði til bráðabirgða		
12.10	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		
13	Tilhögun fæðingarorlofs	-	36
13.1	Gildissvið		
13.2	Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi		
13.3	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		
14	Fjölskyldu- styrktarsjóður og iðgjöld í starfsendurhæfingarsjóð		37
14.1	Hlutverk fjölskyldu- og styrktarsjóðs		
14.2	Aðild að fjölskyldu- og styrktarsjóði		
14.3	Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs		
14.4	Iðgjaldagreiðslur launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð		
14.5	Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna		
14.6	Starfsendurhæfingarsjóður		
15	Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar	-	39
15.1	Framlag í séreignasjóð		
16	Launaseðill og félagsgjöld	-	40
16.1	Launaseðill		
16.2	Félagsgjöld		

17	Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf	bls.	41
17.1	Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf		
18	Gildistími og samningsforsendur	bls.	42
18.1	Gildistími		
18.2	Samningsforsendur		
Bókanir, samkomulög og yfirlýsing með kjarasamningi frá 1. apríl 2015			
	Bókanir	-	43
	Samkomulag forsendunefndar, 9. okt. 2014		44
	Samkomulag forsendunefndar, 10. nóv. 2015		46
	Yfirlýsing	-	48
Bókanir, viðaukar, fylgiskjal og fleira með kjarasamningi frá 4. apríl 2014			
	Bókanir	-	49
	Viðauki 1	-	50
	Viðauki 2	-	52
	Samkomulag um tiltekin kjör stjórnenda		54
	Samkomulag um tiltekin kjör náms- og starfsráðgjafa		55
	Fylgiskjal 1, launatöflur		56
Kjarasamningur 2015 birtur í heild			
	Kjarasamningur frá 1. apríl 2015	-	59
Kjarasamningur 2014 birtur í heild			
	Kjarasamningur frá 4. apríl 2014	-	66
Skýrsla verkefnisstjórnar 2015			
	Skýrsla verkefnisstjórnar um undirbúning nýs vinnumats fyrir framhaldsskólakennara		86
Viðauki við skýrslu verkefnisstjórnar 2015			
	Viðauki við skýrslu verkefnisstjórnar um vinnumat framhaldsskólakennara frá 4. febrúar 2015		103
Önnur kjarasamningsgögn			
	Reglur FJR og KÍ um heimild til greiðslu tímakaups til kennara	-	107
	Greiðslureglur vegna nemenda sem mæta að jafnaði ekki í kennslustundir en njóta þó leiðsagnar	-	108
	Um ákvæði kjarasamninga um kennslu í öldungadeildum, meistaraskóla og sambærilegu námi.	-	110
	Reglur um mismun á vinnuskyldu við kennslu kennara sem féllu frá 10 og 15 ára afslætti með kjarasamningi 2001 eða í annarri umferð vals 2006 og þeirra sem völdu að halda óbreyttum afslætti.		111
	Viðauki 1 með kjarasamningi aðila undirrituðu 18. mars 2005		113
	Samkomulag um barnsburðarleyfi kennara	-	117
	Samningur um rétt þungaðra kvenna til mæðraskoðunar	-	117
	Reglur um Verkefna- og námsstyrkjasjóð KÍ	-	118

Kjarasamningsmarkmið

Markmið og forsendur þessa samnings

Þessum kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra er ætlað að skapa innan framhaldsskóla þau starfsskilyrði sem nauðsynleg eru til að markmið nýrra laga um skólastarf nái fram að ganga. Enn fremur er leitast við að skapa nýja og bætta umgjörð um kennarastarfið og færa laun kennara þannig til betri vegar um leið og skólum verður gert auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Með samningnum er leitast við að gera þetta fyrst og fremst með því að aðlaga kjarasamninginn að breyttum viðmiðum laga um framhaldsskóla um námseiningar og færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálum. Það er gert með áætlun um samningu nýs vinnumats og innleiðingu þess sem fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og kennara munu leiða í samstarfi sín á milli með þátttöku fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Með því er þess vænst að hagur bæði skóla og kennara batni, auk þess sem skólaþróun verði auðveldari innan skólanna til að mæta margvíslegum þörfum nemenda.

Þessu til stuðnings verður fjárhagur skóla styrktur og umbúnaður um fjárveitingar og skiptingu þeirra á milli skóla bættur til að ná fram markmiðum laganna og kjarasamningsins. Samningsaðilar telja að með samningnum aukist möguleikar skóla til að haga starfi sínu með breytilegum hætti.

1 Kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. janúar 2016 greidd samkvæmt neðangreindri launatöflu:

Lfl	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	355.977	364.876	373.776	382.675	391.575	400.474	409.374	418.273	427.173
02	373.776	383.121	392.465	401.810	411.154	420.498	429.842	439.188	448.532
03	392.465	402.277	412.088	421.900	431.712	441.523	451.335	461.146	470.958
04	412.088	422.390	432.693	442.995	453.297	463.599	473.901	484.204	494.506
05	432.693	443.510	454.327	465.144	475.963	486.780	497.597	508.414	519.231
06	454.327	465.686	477.044	488.403	499.760	511.118	522.477	533.834	545.193
07	477.044	488.970	500.897	512.822	524.748	536.674	548.601	560.527	572.453
08	500.897	513.418	525.941	538.463	550.986	563.508	576.031	588.553	601.075
09	525.941	539.089	552.238	565.386	578.535	591.684	604.831	617.980	631.129
10	552.238	566.044	579.850	593.655	607.462	621.268	635.073	648.879	662.686
11	579.850	594.346	608.842	623.338	637.835	652.331	666.827	681.323	695.820
12	608.842	624.064	639.284	654.505	669.727	684.947	700.169	715.389	730.611
13	639.284	655.266	671.249	687.231	703.212	719.195	735.177	751.160	767.141
14	671.249	688.030	704.811	721.592	738.374	755.155	771.936	788.717	805.498
15	704.811	722.431	740.052	757.672	775.292	792.912	810.533	828.153	845.773
16	740.052	758.553	777.054	795.555	814.057	832.558	851.059	869.560	888.062
17	777.054	796.480	815.907	835.333	854.760	874.186	893.612	913.039	932.465
18	815.907	836.304	856.702	877.100	897.498	917.895	938.293	958.691	979.088

1.1.2 Dagkaup

Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

1.2 Röðun starfa og mat álags

1.2.1 Röðun starfa í launaflokka

Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verk efni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

1.2.2 Persónu- og tímabundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2, sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum. Í stofnanasamningi skal kveðið á um hvort og með hvaða hætti álagið skiptist.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og forsendur þeirra skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

1.3 Sérstök tímabundin umbun

1.3.1 Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. gr. 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það

hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir gr. 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

1.4 Tímakaup í dagvinnu

1.4.1 Tímakaup í dagvinnu, útreikningur

Tímavinnukaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarlaunum starfsmanns skv. gr. 1.1.1 og 1.1.2.

1.4.2 Tímakaup í dagvinnu, hverjum má greiða

Heimilt er að greiða tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Lífeyrisþegum sem vinna hluta úr starfi.
2. Starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum.
3. Stundakennurum.

1.5 Tímakaup í yfirvinnu

1.5.1 Yfirvinnukaup, útreikningur

Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmannsins.

1.5.2 Stórhátíðarkaup, útreikningur

Öll vinna sem unnin er á stórhátíðum skv. gr. 2.1.4.3, greiðist með tímakaupi sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum starfsmannsins.

1.5.3 Yfirvinna fjarri föstum vinnustað

Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd skv. tímareikningi, skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann.

1.5.4 Föst yfirvinnugreiðsla, heimilt að semja um

Heimilt er að semja sérstaklega um fasta þóknun fyrir yfirvinnu.

1.5.5 Yfirvinna vegna forfallakennslu sem varir í viku eða skemur

Yfirvinnustund vegna þessarar kennslu telst 1,3 klukkustund, sé lengd hennar 40 mínútur og hlutfallslega, sé hún lengri.

Í lengri afleysingum ber að meta vinnu sem hlutfall af vinnumati áfanga.

1.6 Álagsgreiðslur, vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag, hlutfall

Vaktaálag fyrir hverja klukkustund skal vera 33,33% af tímakaupi í dagvinnu sbr. gr. 1.4.1 á tímabilinu kl. 17:00 til 24:00, 45% á tímabilinu kl. 00:00 til 08:00, svo og á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum öðrum en stórhátíðardögum en 90% á þeim dögum, sbr. gr. 2.1.4.3. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Tímakaup á bakvakt

Tímakaup á bakvakt er vaktaálag skv. gr. 1.6.1.

1.6.3 Samfelldur vinnutími, eyður

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Greitt skal fyrir eyður í vinnutíma með álagi skv. gr. 1.6.1.

1.6.4 Eyður á dagvinnutímabili

Greiðsla fyrir eyður og bakvakt á dagvinnutímabili skv. gr. 2.2.1 er 33,33% vaktaálag.

1.6.5 Eyður í stundaskrá, hvenær greitt fyrir

Á eyður í stundaskrá umfram 3 á viku greiðist álag skv. gr. 1.6.1 enda séu þær ekki tilkomnar vegna óska kennara.

1.6.6 Eyður í stundaskrá, hvenær ekki greitt fyrir

Til eyðu telst ekki:

1. Hlé milli kennslustunda eftir að skyldukennslustundum er lokið dag hvern.
2. Lengsta samfellt hlé milli kennslustunda á tímabilinu kl. 11:30-13:30.

1.6.7 Yfirvinnustundir á stundaskrá, skilgreining

Leiði kennsla til yfirvinnu, skal telja kennslustundir til yfirvinnu í þeirri röð sem hér greinir:

1. Fyrst skulu taldar síðustu kennslustundir fyrir kl. 13:30 á dögum þeim sem kennari kennir án matarhlés á tímabilinu kl. 11:30-13:30.
2. Næst skulu taldar kennslustundir utan marka dagvinnutímabils.
3. Að lokum skulu taldar þær kennslustundir í viku hverri er ganga lengst fram eftir degi og þá fyrst þær er síðast falla til í viku hverri.

1.7 Persónuuppbót (desemberuppbót)

1.7.1 Persónuuppbót, hvernig reiknuð

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót í desember ár hvert sem nemi:

Á árinu 2014	73.600 kr.
Á árinu 2015	78.000 kr.

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda persónuuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þó starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna

fæðingarorlofs. Málsgrein þessi gildir þó ekki um þá starfsmenn sem hefja töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí - 31. desember ár hvert.

Starfsmaður sem hefur töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí - 31. desember, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember sem miðast við 12 mánaða starf og meðalstarfshlutfall.

2 Vinnutími

2.1 Almennt, árlegur starfstími skóla, vinnutími kennara

2.1.1 40 stunda vinnuvika

Vinnuskylda starfsmanns í fullu starfi skal vera 40 stundir á viku til jafnaðar yfir árið.

2.1.2 Vinnutíma breytt með samningi

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsræði um hvenær vinnuskylda er gegnt. Leita skal skriflegs samþykkis samningsaðila þegar heimilda þessara er neytt.

2.1.3 Samfelldur vinnutími

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið.

2.1.4 Frídagar

2.1.4.1 Almennir frídagar

Almennir frídagar eru laugardagar og sunnudagar.

2.1.4.2 Sérstakir frídagar

Sérstakir frídagar eru:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur
6. Annar í páskum
7. Sumardagurinn fyrsti
8. 1. maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17. júní
13. Frídagur verslunarmanna
14. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
15. Jóladaur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.1.4.3 Stórhátíðardagar

Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
7. Jóladaur
8. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.1.5 **Árlegur starfstími skóla**

2.1.5.1 Starfstími framhaldsskóla er ákveðinn með lögum og í reglugerð er fjallar nánar um útfærslu hans.

Verði breytingar á þessum ákvæðum laga og reglugerðar gildir málsmeðferð samkvæmt síðasta hluta 7. greinar þessa kjarasamnings.

Sjá um starfstíma á skólaárinu 2014 – 2015 í bókun 2 með samningi dags. 4. apríl 2014 og viðauka við viljayfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðherra með þeim samningi.

2.1.6 **Vinnutími kennara**

2.1.6.1 **Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma**

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Ársvinnuskyldunni er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti. Þessir vinnuþættir sem verða þættir A, B og C reiknast með eftirfarandi hætti.

Þáttur A byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá ársvinnuskyldunni. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi.

Þáttur B byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

Þáttur C byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Tílittekinn tími sem verkefnunum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

2.1.6.2 **Viðmið um vinnumat kennara**

Mat á vinnu kennara vegna námsáfanga er byggt á áfangalýsingu viðkomandi áfanga og er unnið af kennurum og skólustjórnendum. Vinnumat skal byggja á hlutlægum viðmiðum og málefnalegum tilefnum. Eftirfarandi þættir eru metnir eftir því sem við á en fleiri þættir koma einnig til greina.

Umfang

Einingafjöldi áfanga.

Nemendafjöldi*

Nemendafjöldi í námshóp að teknu tilliti til ákvæða um hámarksnemendafjölda í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nú nr. 4/2001, og nemendafjöldaviðmiða í reiknilíkani.

Gerð og samsetning nemendahópsins*

Námsstaða nemenda.

Kennsluhættir*

Tímamagn, form kennslu (til dæmis fjar- og dreifkennsla), námshraði og yfirferð.

Undirbúningur

Upphafsunirbúningur, stöðugur undirbúningur og úrvinnsla. Nýir áfangar, endurhönnun áfanga, þverfagleg kennsla.

Námsmat*

Verkefni, próf, endurgjöf og leiðsagnarmat.

Námsefni

Hvort til er námsefni eða hvort semja þarf það að hluta til eða öllu leyti.

Hæfniprep

Skipun námsáfanga á hæfniprep (1 til 4) getur haft áhrif á vinnu kennara, svo sem undirbúning, samningu verkefna og prófa og úrvinnslu.

**Stjórnumerkir eru þeir þættir þar sem taka þarf tillit til gildandi ákvæða kjarasamnings og aðlaga núgildandi greinar að nýju vinnumati, samanber 12. grein. Sama á við um hliðstæð ákvæði í reglugerðum og auglýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.*

Áhrif persónu-/aðstæðubundinna þátta á frávik frá grunnmati áfanga

Fjöldi námsefna, endurteknir áfangar eða önnur sambærileg atriði.

Reikna skal 30% álag á prófavinnu kennara sem halda yfirlitspróf/stúdentpróf, úr a.m.k. tveggja ára námsefni að því marki sem vinna þeirra stafar frá þeim.

2.1.6.3 Sívirkt mat

Breytingar á hlutlægum viðmiðum sem eiga við um mat á vinnu kennara vegna námsáfanga skulu hafa áhrif á vinnumat áfangans á hverjum tíma.

Vinnumat áfanga skal vera óbreytt frá upphafi til loka hans og miða skal vinnumat við nemendafjölda eftir þrjár vikur (nemendafjöldi fjórðu viku). Um áfanga með annan fjölda kennsluvikna en 15 gildir með sama hætti nemendafjöldi eftir fimmtung kennslutímans. Fjölgun í námshópum skal þó hafa áhrif á vinnumat frá þeim tíma sem hún verður ef hún er umfram nemendafjöldann í fjórðu viku.

Leiði fækkun nemenda á fyrstu fullu þremur vikunum til þess að kennari uppfylli ekki ráðningarhlutfall sitt, verður hann ekki krafinn um aðra vinnu til uppfyllingar þess hluta vöntunar á vinnuframlagi.

2.1.6.4 Sveigjanlegt mat vegna meginbreytinga

Verði meginbreytingar gerðar á útfærslu skóla á leiðum til námsloka svo sem tímalengd náms eða öðru ytra skipulagi sem hefur áhrif á kennslufyrirkomulag innan skólans skal endurmeta vinnumat áfanga sem tilheyra slíkri breytingu.

Við slíkt endurmat skal meðal annars taka tillit til þess hvort aukið álag fylgi nýju fyrirkomulagi svo sem vegna hraðari yfirferðar námsefnis en í venjulegu skólahaldi eða annars sem áhrif kann að hafa á vinnu kennara.

Slíkt mat verður unnið á sama hátt og almennt vinnumat og ræðst af þeim breytingum sem gera á.

2.1.6.5 Fjöldi vinnustunda bundinn út skólaár/önn

Fjöldi stunda sem settur er á stundaskrá og kennari tekur að sér við upphaf skólaárs/annar, er bindandi til loka tímabils vinnuskýrslu (skólaárs,annar eða spannar/lotu). Samanber þó 3. grein þessa samkomulags um ákvæði um endanlegan fjölda nemenda.

2.1.6.6 Sundurliðun vinnuþáttar B

2.1.6.6.1 Vinnuþættir B-hluta

<i>B miðað við 180 skóladaga</i>	<i>klst.</i>	<i>Skýring</i>
Kaffitímar á starfstíma	105	35 mín/60 mín x 36 vikur x 5 dagar
Símenntun/starfsþróun	80	2 vikur til umráða fyrir kennara
Frágangur og undirbúningur	32	8 klst. x 4 dagar við lok og upphaf skólaárs/anna
Önnur vinna skv. reglugerð	143	um það bil 4 klst á viku í 36 vikur þar af áætlað:
Kennarafundir		u.þ.b. 27 klst. á starfstíma skólans
Yfirseta í prófum annara		u.þ.b. 20 klst. á skólaárinu.
Faglegt samstarf		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Viðtalstímar		u.þ.b. 24 klst. á starfstíma skólans
Almenn upplýsingagjöf		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans

2.1.6.6.2 Samspil vinnuþátta í vinnumati og áhrif viðbótarorlofs

Taflan hér að neðan sýnir samspil vinnuþátta í vinnumati kennara eftir aldri þegar hvorki er um aukningu á B-hluta að ræða né sérstök verkefni eða viðbótarstörf í C-hluta.

Aldur	Án afsláttar en með viðbótarorlofi	Aldursafsl. af A-þætti	A	B	C	Stundir á ári	
			kennslu-þáttur	fastur hluti	sérstök verkefni		
< 30 ára	1.440 klst.		1.440 klst.	360 klst.	0 klst.	1.800 klst.	
30-37 ára	1.416 klst.		1.416 klst.	360 klst.	0 klst.	1.776 klst.	
38-54 ára	1.392 klst.		1.392 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.	
55-59 ára	1.392 klst.	4,17%	58 klst.	1.334 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
60 ára +	1.392 klst.	20,83%	290 klst.	1.102 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.

2.1.6.7 Um viðmið og fjöldatölur

Heildarfjöldi þeirra tíma í vinnumati áfanga sem taka mið af hverjum einstökum nemanda breytist eftir fjölda nemenda með eftirfarandi takmörkunum þó:

1. Aldrei skal greiða heildartímafjölda sem er lægri en sá sem fengist ef nemendur væru 2/3 af viðmiðunarfjölda.
2. Aukaálag komi á nemendahluta vinnumats sem nemi 100% á hvern nemanda umfram viðmið auk frávíks í öllum hópum.
3. Þess utan komi hliðstætt 20% álag á 29. og 30. nemanda í hópum með 25 nemenda fjöldaviðmið.
4. Vinnumat áfanga, skal aldrei fara undir 174,5 klst. fyrir þriggja eininga áfanga samkvæmt viðmiðunarfjölda samanber nánari útfærslu í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar um vinnumat.

Hér er átt við viðmiðunarfjöldatölur eftir námsgreinum í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 4/2001. Sjá einnig ákvæði í annarri málsgrein 12. greinar kjarasamnings um samráð mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Kennarasamband Íslands og viðauka með yfirlýsingu ráðuneytisins frá 4. apríl 2014 auk viðmiða úr reiknilíkani ráðuneytisins.

2.1.6.8 Reikniaðferðir vegna vinnumats endurtekinna áfanga

Við gerð vinnumats kom fram mismunandi mat á endurteknum áföngum sem aðilar töldu ekki rétt að tækju gildi við innleiðingu matsins. Því varð að samkomulagi að um endurtekinna áfanga gilti að hann teldist 92% af grunnmati áfangans á skólaárinu 2015-2016, en 90% af matinu skólaárið 2016-2017.

Um reikniaðferðir í vinnumati:

Ef kennari tekur að sér tvo hópa eða fleiri í sama áfanga skerðist vinnumatið fyrir umframhópa um 8% skólaárið 2015-2016 og 10% skólaárið 2016-2017, skv. eftirfarandi reglum (tölurnar í svigunum vísa til síðara skólaársins):

Heildarfjöldi nemenda í öllum hópum kennarans í áfanganum skal lagður til grundvallar.

Mat á áfanganum skal miðast við meðaltalsfjölda nemenda beggja/allra hópa kennarans í áfanganum.

Skerðingin reiknast af heildarfjölda sömu áfanga samkvæmt eftirfarandi reiknitölum:

- 4% (5%) af báðum hópum ef þeir eru tveir
- 5,33% (6,67%) af öllum hópum ef þeir eru þrír
- 6% (7,5%) af öllum hópum ef þeir eru fjórir, o.s.frv.

Ofangreind skerðing hefur ekki áhrif á álag vegna yfirstærðar einstakra námshópa í áfanga samkvæmt liðum 2. og 3. í 4. grein.

2.1.7 **Vinnuskylda við stjórnun**

2.1.7.1 Vinnuskylda stjórnanda reiknast almennt 40 stundir á viku fyrir utan orlofstíma að því marki sem þeim eru falin stjórnunarstörf, sbr. þó gr. 2.1.2. Þeir skulu þó eiga kost á að nýta 80 stundirnar sem getið er í gr. 2.1.6.2 í samráði við skólameistara.

2.2 **Dagvinna**

2.2.1 **Dagvinnutímabil**

Dagvinna skal unnin á tímabilinu kl. 08-17 frá mánudegi til föstudags, sbr. þó gr. 2.1.2.

2.2.2 **Dagvinna utan dagvinnumarka**

Þeir sem vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skulu fá óþægindaálag, jafnhátt vaktaálagi, fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Liggi hluti viðverutíma, kennsla og aðliggjandi stundahlé, utan marka dagvinnutímabils, greiðist álag á þann tíma. Álag þetta skal vera jafnhátt vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hverja klukkustund eða hlutfallslega.

2.3 **Yfirvinna**

2.3.1 **Yfirvinna, skilgreining**

Yfirvinna telst sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma, svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé.

2.3.2 **Yfirvinna á sérstökum frídögum, greiðslur**

Öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2, greiðist sem yfirvinna skv. gr. 1.5.

2.3.3 **Útköll**

2.3.3.1 **Útköll, greiðslur**

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 3 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því hann fór til vinnu en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkallsins.

2.3.3.2 **Útkall um nætur og á helgidögum**

Ef útkall hefist á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 á mánudegi til föstudags eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 1/2 klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða 1/2 klst. til viðbótar unnum tíma.

Grein þessi, 2.3.3.2, tekur þó ekki til útkalls sem er í beinu framhaldi af daglegri vinnu eða lýkur áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu en um þau tilvik fer eftir gr. 2.3.3.1.

2.3.4 **Yfirvinna í hlutastarfi/viðbót við hlutastarf**

2.3.4.1 **Yfirvinna í hlutastörfum**

Hafi starfsmaður skv. lögum eða samningi skemmri vikulega vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í gr. 2.1.1, skal vinna umfram hana greidd skv. gr. 2.3.4.2-2.3.4.3.

- 2.3.4.2 **Yfirvinna í hlutastörfum, óregluleg**
Óreglubundin vinna umfram hina skertu vinnuskyldu eða samfelld vinna skemur en einn mánuð greiðist með því kaupi sem greitt er fyrir yfirvinnu.
- 2.3.4.3 **Hlutastarf, greiðslur fyrir reglubundna vinnu umfram mánuð**
Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka allt að fullri vinnuskyldu greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum enda hafi viðkomandi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst.
- 2.3.5 **Yfirvinna, gjalddagi**
Öll yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils. Sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili.
- 2.3.6 **Greiðsla fastrar yfirvinnu**
Yfirvinna skv. föstum vinnuáætlunum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum á gildistíma vinnuskýrslu.
- 2.3.7 **Matartími sem kennt er í, greiddur sem yfirvinna**
Kennari skal hafa samfellt matarhlé skv. gr. 3.1 en verði því ekki við komið, greiðist kennsla, sem fram fer í matartíma, þannig að á kennslustund í kennsluskyldu kemur yfirvinnuálag, þ.e. munurinn á dagvinnu og yfirvinnu, á þann tíma sem á skortir að matartími kennarans sé 30 mínútur. Greiðsla fyrir vinnu í matartíma verður því sem hér segir:

Matarhlé 25 mínútur, greiddar 15 mínútur.
Matarhlé 20 mínútur, greiddar 20 mínútur.
Matarhlé 15 mínútur, greiddar 25 mínútur.
Matarhlé 10 mínútur, greiddar 30 mínútur.
- Greitt er með yfirvinnukaupi eða yfirvinnuálagi eftir því sem við á.
- 2.3.8 **Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsón**
Fyrir umsón í nemendaferðum sem skipulagðar eru sem hluti af kennslustarfi framhaldsskóla, skal greiða allt að 12 klst. á dag að frádregnum fjölda kennslustunda á stundaskrá viðkomandi kennara á ferðadegi. Standi ferð yfir nótt, greiðast að auki 3 klukkustundir.
- 2.3.9 **Próf sem kennari leggur fyrir að uppfylltri vinnuskyldu**
Vegna prófa sem kennari leggur fyrir að uppfylltri vinnuskyldu skal greiða sem hér segir:
- Vegna samningar prófs úr námsefni einnar annar/hálfs vetrar greiðast 4 stundir í yfirvinnu.
 - Vegna samningar prófs úr námsefni eins vetrar/tveggja anna greiðast 7 stundir í yfirvinnu.
 - Vegna samningar prófs úr námsefni tveggja vetra eða fleiri greiðast 9,5 stundir í yfirvinnu.
 - Vegna yfirferðar hvernar prófúrlausnar greiðast 20 mínútur í yfirvinnu. Vegna yfirferðar prófs úr námsefni tveggja vetra eða fleiri greiðast 30 mínútur fyrir hverja úrlausn ef tímalengd prófs er 2 klst. eða meira. Þó greiðist að lágmarki 1 klukkustund vegna yfirferðar hvers prófs.
 - Fari próftími yfir 2 klst., bætist 1/2 klukkustund við tíma vegna samningar prófs.
 - Vegna viðveru á próftíma greiðist eftir tímalengd prófs með yfirvinnu enda ljúki kennari vinnuskyldu sinni á annan hátt.

Þau próf sem hér um ræðir, geta verið m.a. endurtektarpróf, endurtekin endurtektarpróf, endurtektarpróf úr námsefni fleiri ára, próf vegna áfanga sem ekki eru kenndir á önninni (árinu), sérstök próf vegna P-nemenda eða nemenda sem að jafnaði mæta ekki í kennslustundir og stöðupróf.

2.3.10 **Stöðupróf fyrir nemendur fleiri skóla**

Taki kennari við tiltekinn skóla að sér að halda stöðupróf fyrir fleiri skóla (sbr. bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 14.08.89) skal vegna prófsamningar, viðveru meðan á prófi stendur, mats á verkefnum og samráðs innan skólans og milli skóla greiða eftir reikningi skv. almennum reglum um yfirvinnu.

2.3.11 **Kennsla við fleiri en einn framhaldsskóla**

Kennsla umfram fullt starf (100%) í fleiri en einum framhaldsskóla greiðist sem yfirvinna.

2.3.12 **Greiðslur fyrir leiðsögn kennaranema**

Öll vinna æfingakennara við að leiðbeina kennaranemum skal greidd sem yfirvinna. Kennslustund æfingakennara þegar kennaraefni kenna undir beinni tilsögn hans, skal vegna ábyrgðar og álags metin með 20% álagi. Að auki skal greiða fyrir hverja 40 mín. kennslustund með kennaranema 0,6 klst. og hlutfallslega sé lengd kennslustundar önnur. Fundir sem haldnir eru fyrir æfingakennara utan dagvinnumarka verði greiddir eftir lengd funda.

2.4 **Hvíldartími**

2.4.1 Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Á skipulegum vaktaskiptum er þó heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klst. sbr. þó bókun vegna a. og d. liðar 13. gr. í samningi ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og samninganefndar ríkisins, Reykjavíkurborgar og launanevndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

Verði því við komið, skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 og 06:00.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

2.4.2 Við sérstakar aðstæður, þegar þjarga þarf verðmætum eða þegar almannahæill krefst þess og halda þarf uppi nauðsynlegri heilbrigðis- eða öryggisþjónustu, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá veita undantekningarlaust 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til dagvinnulauna auk álags.

Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð, er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar þannig að frítökuréttur, 11/2 klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 1/2 klst. (í dagvinnu) af frítökuréttinum, óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags, skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til yfirvinnu á frídegi eða helgi, greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi stofnunar í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

- 2.4.3 Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. 1 vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.
- 2.4.4 Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá sömu stofnun eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi. Þó má stofnun með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi þar sem sérstakar ástæður gera slík frávík nauðsynleg.
- 2.4.5 **Hlé**
Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en 6 klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.
- 2.4.6 Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og samninganefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga frá 23. janúar 1997, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

Í stað fylgiskjalsins er vísað til ritsins „Skipulag vinnutíma“, útgefnu af samráðsnefnd um vinnutíma í janúar 2002.

Við útreikning á meðalvinnutíma við kennslu á viku skv. 2. mgr. 6. gr. þess samnings skal viðmiðunartímabil fyrir félagsmenn í KÍ þó vera 12 mánuðir (skólaárið) í stað 6 mánaða.

2.5 Bakvaktir

- 2.5.1 **Bakvakt, skilgreining**
Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli. Það telst ekki bakvakt ef starfsmaður dvelst á vinnustað skv. yfirmælum yfirmanns.
- 2.5.2 **Frí í stað greiðslu**
Starfsmaður á rétt á fríi í stað greiðslu. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi en 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi.
- 2.5.3 **Lágmarksgreiðsla fyrir útkall á bakvakt**
Sé starfsmaður á bakvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma sem unninn er þó aldrei minna en 2 klst. fyrir útkall.
- 2.5.4 **Bakvaktargreiðsla þegar yfirvinna er greidd**
Bakvaktargreiðsla fellur niður þann tíma sem yfirvinnukaup er greitt.

2.6 Réttur til mánaðarlauna, stundakennsla

Sjá ennfremur reglur FJR og KÍ um heimild til greiðslu tímakaups til kennara á bls. 110.

- 2.6.1 **Stundakennari í a.m.k. 1/4 hluta starfs, laun**
Stundakennari sem ráðinn er til kennslu í a.m.k. 3 mánuði, er svari til a.m.k. 1/4 hluta starfs kennara í fullu starfi, taki laun sem fastráðinn væri miðað við ráðningarlutfall, menntun og starfsaldur.
- 2.6.2 **Stundakennari í a.m.k. 1/4 hluta starfs, vinnutími**
Um stundakennara sem falla undir ákvæði gr. 2.7.1, gilda sömu ákvæði um vinnutíma og um fastráðna kennara m.t.t. launahlutfalls skv. gr. 2.7.1.
- 2.6.3 **Stundakennari, laun eins og fastráðinn**

Stundakennari sem tekur laun skv. sömu reglum og fastir kennarar, hefur einnig sama vinnutíma.

2.6.4

Stundakennslutaxtar

Við ákvörðun launa fyrir stundakennslu sem ekki fellur undir samning þennan, skal hafa samráð við stéttarfélagið.

2.7

Um öldungaeildarkennslu og hliðstæða kennslu

2.7.1

Álag vegna öldungaeildarkennslu

Kennslustund í öldungaeildum sem starfa skv. reglum, er menntamálaráðuneytið setur, og í annarri hliðstæðri kennslu sem miðast við að farið sé allt að tvöfalt hraðar yfir námsefni en í venjulegu skólahaldi, skal metin með 60% álagi.

Sjá ennfremur bókun um greiðslu fyrir kennslu í öldungaeildum, meistaraskóla og sambærilegu námi bls. 110.

3 Matar- og kaffitímar, fæði og mótuneyti

3.1 Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili

3.1.1 Matartími, tímasetning og lengd

Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30 og telst hann eigi til vinnutíma.

3.1.2 Matartími lengdur, stytur eða felldur niður

Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi skóla-meistara og þeirra kennara sem málið varðar.

3.1.3 Matartíma breytt, áhrif á dagvinnutímabil

Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt skv. gr. 3.1.2, lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengri skv. gr. 3.1.2, telst lengingin ekki til vinnutímans.

3.1.4 Kaffitímar, lengd þeirra

Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.

3.1.5 Kaffitími lengdur, stytur eða felldur niður

Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.

3.1.6 Kaffitímar kennara, lengd og tímasetning

Kaffitímar kennara skulu vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og 15 mínútur síðdegis í þeim skólum sem starfa a.m.k. 3 heilar kennslustundir eftir kl. 13:00.

3.2 Matar- og kaffitímar í yfirvinnu

3.2.1 Matartími í yfirvinnu

Sé unnin yfirvinna, skulu matartímar vera 1 klst. kl. 19-20 að kvöldi, kl. 03-04 að nóttu og á tímabilinu kl. 11:30-13:30 á frídögum skv. gr. 2.3.2. Matartímar þessir á yfirvinnutímabili teljast til vinnutímans.

3.2.2 Kaffitími í yfirvinnu

Sé unnin yfirvinna eða aukavakt, skulu kaffitímar vera kl. 21:00-21:20, kl. 00:00-00:20, kl. 05:40-06:00 og kl. 07:45-08:00. Kaffi- og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu kl. 08-17 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.

3.3 Vinna í matar- og kaffitímum

3.3.1 Matartími skertur, greidd yfirvinna

Verði því ekki við komið að veita starfsmanni fullan matartíma á dagvinnutímabili eins og samningur þessi mælir fyrir um skv. gr. 3.1, skal matartíminn greiddur að þeim hluta sem yfirvinna.

Sjá gr. 2.3.7.

3.3.2 Matar- og kaffitímar sem unnir eru á yfirvinnutíma

Matar- og kaffitímar á yfirvinnutímabili sem unnir eru, greiðast sem viðbót við yfirvinnutíma og auk þess kaffitímar í yfirvinnu, sé unnið að fremri mörkum þeirra.

3.4 Mötuneyti og fæðispeningar

3.4.1 Matur á vinnustað

Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað, skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan eða kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðis- yfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.

3.4.2 Matur fæst ekki á vinnustað

Á þeim vinnustöðum þar sem ekki eru starfrækt mötuneyti, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti á vegum ríkisins eða látinn í té útbúnaður til að flytja matinn á matstofu vinnustaðar þannig að starfsmönnum sé flutningur matarins að kostnaðarlausu.

3.4.3 Matur keyptur af öðrum

Ef skóli kaupir mat hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða fyrir sambærilegan mat upphæð er svarar til meðaltalsverðs er starfsmenn greiða í mötuneyti Stjórnarráðs.

3.4.4 Fæðispeningar greiddir, skilgreining

Starfsmenn sem hafa ekki aðgang að matstofu en ættu að hafa það skv. gr. 3.4.1 til 3.4.3, skulu fá það bætt með fæðispeningum sem nema 448 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag. Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu matvöruálagar í vísitölu neysluverðs (01 matur og drykkjarvörur) með vísitölu febrúarmánaðar 2016 sem grunnvísitölu (165,8 stig miðað við undirvísitölur frá 2008) enda uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

- a) Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar 1/2 stöðu á viku.
- b) Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11 til 14 að frádregnu matarhléi.
- c) Matarhlé sé aðeins ein kennslustund.

3.4.5 Réttur starfsmanna til að fylgjast með rekstri mötuneytis

Þar sem mötuneyti er á vinnustöðum, skulu starfsmenn sem kaupa þar fæði, tilnefna 2 trúnaðarmenn úr sínum hópi til að fylgjast með rekstri mötuneytisins og eiga aðgang að reikningum þess.

4 Orlof

4.1 Lengd orlofs

4.1.1 Lágmarksorlof

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

4.1.2 Viðbótarorlof

Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

4.1.3 Fyrri réttur

Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í gr. 4.1.1 skal halda honum en um frekari ávinnslu fer skv. gr. 4.1.2.

4.2 Orlofsfé og orlofsuppbót

4.2.1 Orlofsfé

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu- og álagsgreiðslur skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

4.2.2 Orlofsuppbót

Á árinu 2014	39.500 kr.
Á árinu 2015	42.000 kr.
Á árinu 2016	44.500 kr.

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður lætur af störfum eftir a.m.k. 5 mánaða samfellt starf á orlofsárinu.

Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

4.3 Orlofsárið

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4.4 Sumarorlofstímabil

4.4.1 Tímabil sumarorlofs

Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september.

4.4.2 Lágmarkslengd orlofs á sumarorlofstíma

Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar.

4.4.3 Orloflenging utan sumarorlofstíma

Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um fjórðung. Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni stofnunar.

4.5 Ákvörðun orlofs

4.5.1 Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um hvenær orlof skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma, sé þess óskað af hálfu starfsmanns og því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

4.6 Veikindi í orlofi

4.6.1 Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

4.6.2 Veikindi kennara í sumarhléi

Sé kennari veikur í sumarhléi svo nemi einum mánuði eða lengri tíma, skal það sem fram yfir er, skoðast veikindi í orlofi allt að fullum orlofstíma. Veikindi skulu skýlaust sönnuð sbr. ákvæði gr. 4.6.1.

4.7 Frestun orlofs

4.7.1 Frestun orlofs

Nú tekur starfsmaður ekki orlof eitthvert ár og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

4.7.2 Greiðsla í stað orlofs

Nú tekur starfsmaður ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

4.8 Áunninn orlofsréttur

4.8.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.

4.9 Orlofssjóður

4.9.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð KÍ. Gjald þetta skal nema 0,25% af fullum launum félagsmanna KÍ og greiðist mánaðarlega eftir á skv. útreikningum launagreiðanda.

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður samkvæmt reikningi

5.1.1 Ferðakostnaður vegna ferða innanlands

Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum ríkisins skal greiðast eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.

5.1.2 Ferðakostnaður, áætlaður og greiddur fyrirfram

Starfsmenn skulu fá fyrirframgreiðslu áætlaðs ferðakostnaðar.

5.1.3 Ferðakostnaður, uppgjör

Um uppgjör ferðakostnaðar, þar með talið akstursgjald, fer eftir sömu reglum og um uppgjör yfirvinnu.

5.2 Dagpeningar innanlands

5.2.1 Gisti- og fæðiskostnaður, dagpeningar

Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikninga.

5.2.2 Dagpeningar ákveðnir af nefnd

Dagpeningar á ferðalögum innanlands skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.

5.3 Greiðsluháttur

5.3.1 Fyrirfram skal af stofnun og starfsmanni ákveðið hvaða háttur á greiðslu ferðakostnaðar skal viðhafður hverju sinni.

5.4 Akstur til og frá vinnu

5.4.1 Hverjum skal greiða akstur

Vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna, skal ríkið sjá honum fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiða honum ferðakostnað. Slíkar ferðir teljast til vinnutíma að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúðarsvæðis til vinnustaðar.

5.4.2 Ferðir utan ferðatíma almenningsvagna

Hefjist vinnutími starfsmanns eða sé hann kallaður til vinnu eða vinnu hans lýkur á tímabilinu kl. 00:05-06:55 virka daga og kl. 00:05-10:00 um helgar. Skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Eins fer á sérstökum frídögum þegar almenningsvagnar ganga ekki. Sama gildir um lok vinnutíma.

5.5 Fargjöld erlendis

5.5.1 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt farseðlar.

5.6 Dagpeningar á ferðum erlendis

5.6.1 Ferðakostnaður erlendis, dagpeningar

Annar ferðakostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum sem skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.

- 5.6.2 **Dagpeningar á ferðum erlendis, hvað greiða á**
Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu og hvers konar persónuleg útgjöld.
- 5.7 Dagpeningar vegna námskeiða o.fl.**
- 5.7.1 Dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu ákveðnir af nefnd skv. gr. 5.8.
- 5.8 Ferðakostnaðarnefnd**
- 5.8.1 **Dagpeningar endurskoðaðir**
Upphæð dagpeninga skv. samningi þessum skal endurskoða þegar þörf er á og samningsaðili óskar þess, þó ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Endurskoðunin skal unnin af nefnd er sé skipuð einum fulltrúa BSRB, einum fulltrúa BHM, einum fulltrúa KÍ og þremur fulltrúum tilnefndum af fjármálaráðherra.
- 5.8.2 **Dvalarkostnaður endurskoðaður**
Nefnd þessi skal einnig endurskoða flokkun landa eftir dvalarkostnaði, svo og greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar starfsmanna, sé notkun hennar nauðsynleg vegna starfsins.
- 5.8.3 **Oddamaður**
Náist ekki samkomulag í nefndinni, skal oddamaður tilnefndur af Hagstofu Íslands.
- 5.9 Kostnaður við námskeið**
- 5.9.1 Starfsmenn er sækja viðurkennd kennaranámskeið að mati menntamálaráðuneytisins skulu fá greidd fargjöld að og frá námskeiðsstað og að auki fulla dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, sé starfsmönnum sem gista þurfa á námskeiðsstað, ekki séð fyrir gistingu og fæði með öðrum hætti. Umrædd kennaranámskeið skulu kostuð af ríkissjóði.
- 5.10 Kostnaður vegna vinnuskyldu í tveimur skólum**
- 5.10.1 Nú innir kennari vinnuskyldu sína af hendi í tveimur skólum og skal þá fara um greiðslur til hans vegna ferðatíma og ferðakostnaðar milli vinnustaða skv. úrskurði nefndar skv. gr. 5.8.1.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1.1 Aðbúnaður og hollustuhættir

Um aðbúnað og hollustuhætti fer skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og öðrum reglum eftir atvikum.

7 Tryggingar

7.1 Slysatriygingar

7.1.1 Starfsmenn skulu slysatriyggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda reglur nr. 30/1990 og nr. 31/1990 sem fjármálaráðherra hefur sett.

7.1.2 Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	961.700 kr.
vegna slyss í starfi	961.700 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	2.945.800 kr.
vegna slyss í starfi	7.041.700 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur $\frac{1}{3}$ hluti bóta til foreldra en $\frac{2}{3}$ hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	4.029.800 kr.
vegna slyss í starfi	11.491.800 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	961.700 kr.
vegna slyss í starfi	2.298.100 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggðri andast, á það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölul. er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 53. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

6. Bætur greiðast aðeins samkvæmt einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölul. geta komið bætur skv. 4. tölul.

7.1.3 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

vegna slyss utan starfs	7.746.400 kr.
vegna slyss í starfi	20.437.400 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

- 7.1.4 Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í mars 2016, 432,8 stig. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir sem giltu í september 2004 miðað við þær breytingar sem hafa orðið á vísitölu neysluverðs frá september 2004, 235,6 stig, til uppgjörsmánaðar bóta. Vísitölubinding bóta takmarkast við 3 ár frá slysadegi.

Bótafjárhæðir eru uppfærðar mánaðarlega og birtar á vef fjármálaráðuneytisins – <http://www.fjr.is>.

- 7.1.5 Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart vátryggða, skulu slysabætur samkvæmt slysstryggingum þessum koma að fullu til frádráttar skaðabótum er honum kann að verða gert að greiða.

- 7.1.6 Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Embætti ríkislögmanns fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins

7.2 Farangurstrygging

- 7.2.1 Um farangurstryggingar starfsmanna gilda reglur um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins, nr. 281/1988.

7.3 Tjón á persónulegum munum

- 7.3.1 Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Náist ekki samkomulag, skal farið skv. mati eins fulltrúa frá hvorum aðila kjarasamningsins. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki skal bæta tjón ef það verður sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.

8 Verkfæri og vinnuföt

8.1 Verkfæri

- 8.1.1 Starfsmönnum er ekki skylt að leggja sér til verkfæri nema svo sé sérstaklega um samið.

8.2 Einkennis- og hlífðarföt

8.2.1 Einkennis- og hlífðarföt

Þar sem krafist er einkennisfatnaðar eða sérstök hlífðarföt eru nauðsynleg, t.d. vinnusloppar, skal starfsmönnum séð fyrir slíkum fatnaði þeim að kostnaðarlausu. Sama gildir um hlífðarföt vegna óþrifalegra starfa og starfa sem hafa óvenjulegt fataslit í för með sér.

8.2.2 Hreinsun og viðgerðir á einkennis- og hlífðarfötum

Hreinsun á fatnaði skv. gr. 8.2.1 skal látin í té starfsmanni að kostnaðarlausu tvisvar á ári. Meiri háttar viðgerðir og tjón á slíkum fatnaði skal bætt af ríkisins hálfu. Starfsmenn skulu fara vel og samviskusamlega með vinnufatnað og hlífðarföt.

9 Afleysingar

9.1 Staðgenglar

9.1.1 Staðgengilsstarf í skemmri tíma

Aðilar eru um það sammála að ekki þurfi að jafnaði að fela starfsmanni sérstaklega að gegna starfi yfirmanns nema fjarvera yfirmanns vari lengur en 7 vinnudaga samfelt.

9.2 Launað staðgengilsstarf

9.2.1 Launað staðgengilsstarf, hvenær greitt eftir flokki yfirmanns

Sé aðalstarf starfsmannsins launað sem staðgengilsstarf yfirmanns, ber starfsmanninum laun eftir flokki hans, gegni hann starfi yfirmanns lengur en 4 vikur samfelt eða hafi hann gegnt starfi yfirmanns lengur en 6 vikur á hverjum 12 mánuðum. Laun eftir flokki yfirmanns greiðast einungis frá lokum nefndra fjögurra eða sex vikna.

9.3 Aðrir staðgenglar

9.3.1 Laun starfsmanns sem falið er að gegna starfi hærra launaðs starfsmanns

Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma er hann gegnir starfi hans.

10 Endurmenntun, eftirmenntun

10.1 Framhaldsnám

10.1.1 Kostur á framhaldsnámi

Starfsmaður á kost á reglubundinni þjálfun, námskeiðum eða annars konar menntun til að viðhalda menntun sinni. Miða skal við reglugerð nr. 331/1997, um framhaldsskóla með áorðnum breytingum.

10.2 Launalaust leyfi og námsorlof

10.2.1 Réttur til launalauss leyfis vegna endurmenntunar eða verkefna

Starfsmaður skal eiga rétt á launalaus leyfi í hæfilegan tíma ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við skólayfirvöld.

10.2.2 Námsorlof

Námsorlof kennara skv. 12. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, skulu árlega miðast við 22 ársverk í dagvinnu í samræmi við launaflokk og þrep orlofsþega. Þessi fjöldi orlofa á við þá félagsmenn KÍ sem heyra undir samning þennan.

Til viðbótar þessum námsorlofum, koma til 5 ársverk í dagvinnu sbr. skilgreiningu gr. 10.2.2 og neðanskráða yfirlýsingu menntamálaráðherra og 3 ársverk í dagvinnu skv. reglugerð nr. 331/1997 skv. yfirlýsingu menntamálaráðherra frá 17. mars 2005.

Yfirlýsing menntamálaráðherra II [dags. 30.12.2000]:

Menntamálaráðuneytið mun í kjölfar undirritunar kjarasamnings KÍ og fjármálaráðuneytis og þess að þau markmið sem lýst er í yfirlýsingu menntamálaráðherra frá 27. desember sl. sýni sig í framkvæmd, beita sér fyrir 5 viðbótarorlofum sem námsorlofsnefnd (sbr. reglugerð nr. 331/1997) úthlutar sérstaklega eftir umsóknum skólameistara.

Úr yfirlýsingu menntamálaráðherra frá 17. mars 2005:

Menntamálaráðuneytið mun í kjölfar undirritunar kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og þess að þau markmið sem lýst er í yfirlýsingu menntamálaráðherra frá 17. mars 2005 sýni sig í framkvæmd, beita sér fyrir 3 viðbótarorlofum skv. reglugerð nr. 331/1997.

Yfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra frá 11. nóvember 2009:

Í tengslum við kjarsamningsgerð vegna KÍ/framhaldsskóla mun menntamálaráðherra beita sér fyrir að tvö ársverk í dagvinnu bætist við þau 25 ársverk sem um er getið í gr. 10.2.2., 1. mgr í gildandi kjarasamningi og tengjast framkvæmd efnis laga um framhaldsskóla. Annað ársverkið bætist við vegna námsorlofa sem úthlutað verður vegna skólaársins 2010-11 en hitt vegna ársins 2011-12.

Úr viðauka við yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðherra frá apríl 2014:

Í samræmi við yfirlýsingu ráðherra dagsettri 4. apríl 2014 mun mennta- og menningarmálaráðuneytið í kjölfar undirritunar samnings Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsmálaráðherra beita sér fyrir að 5 m. kr. framlag renni til SEF, samstarfsnefndar um endurmenntun kennara, á árinu 2014 og að það framlag verði fast á samningstímanum. Þá verði á samningstímanum bætt við þremur námsorlofum kennara, samanber grein 10.2.2. í kjarasamningi, einu á hverju ári samningsins. Hið fyrsta er almennt námsorlof en seinni tvö eru námsorlof sem skólameistarar sækja um fyrir hönd kennara.

- 10.2.3 **Styrkir til einstaklinga, sem eru í launuðu námsorlofi**
Menntamálaráðuneytið greiði styrki til einstaklinga sem eru í launuðu námsorlofi eða sækja sér viðbótar- eða endurmenntun. Styrkir þessir nemi hið minnsta 20% af því fé sem varið er til launaðra námsorlofa á ári hverju.

10.3 **Starfsmenntunarsjóðir**

Bókun 6/2001

Aðilar eru sammála um að fella saman í einn sjóð, starfsmenntunarsjóð skv. gr. 10.3.1, 10.3.2 og vísindasjóð skv. gr. 10.5.1, 10.5.2, þegar þeir hafa komið sér saman um þær reglur sem hinn nýi sjóður skal starfa eftir. Þar til halda eldri reglur sjóðanna gildi sínu.

10.3.1 **Starfsmenntunarsjóður BHM (HÍK)**
Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Starfsmenntunarsjóð BHM vegna HÍK. Gjald þetta skal nema 0,22% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna.

10.3.2 **Starfsmenntunarsjóður KÍ**
Ríkissjóður greiðir starfsmenntunarsjóðsgjald í Verkefna- og námsstyrkjasjóð KÍ. Gjald þetta skal nema 0,22% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna.

10.4 **Vísindasjóður HÍK / Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ**

Bókun 6/2001

Aðilar eru sammála um að fella saman í einn sjóð, starfsmenntunarsjóð skv. gr. 10.3.1, 10.3.2 og vísindasjóð skv. gr. 10.5.1, 10.5.2, þegar þeir hafa komið sér saman um þær reglur sem hinn nýi sjóður skal starfa eftir. Þar til halda eldri reglur sjóðanna gildi sínu.

10.4.1 **Vísindasjóður HÍK**
Vísindasjóður HÍK skal stuðla að auknum rannsóknum, þróunarstarfi og endurmenntun félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa skv. reglum sem aðilar settu. Sjóðurinn greiðir m.a. styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem félögin standa fyrir, aukapóknun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af föstum dagvinnulaunum. Starfsmaður sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum.

10.4.2 **Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ**
Sérstakur sjóður skal stuðla að auknum rannsóknum og þróunarstarfi í skólum svo og endurmenntun kennara innan KÍ. Úr sjóðnum verði úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa skv. reglum sem aðilar hafa sett í sameiningu. Sjóðurinn greiði m.a. styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem KÍ stendur fyrir, þóknun fyrir umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í KÍ. Starfsmaður sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum. Semja má um aðra ráðstöfun þess fjármagns sem hér um ræðir enda leiði það ekki af sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

11 Stofnanapáttur og samstarfsnefndir

11.1 Skilgreining stofnanasamnings

11.1.1 Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélaga um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

11.2 Markmið stofnanasamnings

11.2.1 Markmið stofnanasamnings er að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarSKIPULAG stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana.

11.3 Gerð og framkvæmd stofnanasamnings

11.3.1 Gera skal stofnanasamning á hverri stofnun við KÍ/starfsmenn. Takist það ekki skal vísa málinu til sáttanefndar sbr. gr. 11.5.

Við gerð samningsins skal semja um röðun starfa sbr. gr. 1.2.1 og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttu-stig/sérhæfing), sbr. íslenska starfaflokkun ÍSTARF 95, sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

11.3.2 Í stofnanasamningi skal einnig semja um hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum sbr. gr. 1.2.2.

Persónubundnir þættir sem gera menn hæfari í starfi eru t.d.:

Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.

Tímabundnir þættir sem koma til greina eru t.d.:

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.

Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefnda

11.4.1 Skipan samstarfsnefnda

- 11.4.1.1 Hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnunum.
KÍ skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnunin tilnefnir allt að 3 fulltrúa og jafnmarga til vara.
- 11.4.2 **Hlutverk samstarfsnefnda**
- 11.4.2.1 Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 11.4.2.2 Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.
- 11.4.3 **Starfshættir samstarfsnefnda**
- 11.4.3.1 **Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings**
Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundum svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.
Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að sáttanefnd fjármálaráðuneytis og KÍ fjalli um málið sbr. gr. 11.5.
- 11.4.3.2 **Vegna ágreiningsmála**
Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundum svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundum nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.
- 11.5 Sáttanefnd**
- 11.5.1 **Skipan**
Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- 11.5.2 **Hlutverk**
Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað skv. gr. 11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi túlkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

11.5.3

Starfshættir

Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.

12 Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

12.1 Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður

- 12.1.1 Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumanni /yfirmanni stofnunar þykir þörf á.
- 12.1.2 Ef starfsmaður kemur ekki til starfa vegna veikinda eða slyss í meira en 5 vinnudaga samfleytt, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði. Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir starfsmanns, skal hann sanna óvinnufærni sína með læknisvottorði eftir nánari ákvörðun forstöðumanns/yfirmanns.
- 12.1.3 Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slyss um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt eftir nánari ákvörðun forstöðumanns/yfirmanns en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega. Frá þessu má þó veita undanþágu eftir tillögu trúnaðarlækni ef hann telur auðsætt að um lengri veikindafjarvist verði að ræða.
- 12.1.4 Skyld er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greidd af vinnuveitanda.
- 12.1.5 Endurgreiða skal starfsmanni gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 12.1.1-12.1.4. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.
- 12.1.6 Vinnuveitandi greiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

12.2 Réttur til launa vegna veikinda og slysa

- 12.2.1 Starfsmaður sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í a.m.k. 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

<u>Starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
0- 3 mánuði í starfi	14 dagar
Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
Eftir 7 ár í starfi	175 dagar

Við framantalinna rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

<u>Starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
Eftir 12 ár í starfi	273 dagar
Eftir 18 ár í starfi	360 dagar

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.2 Starfsmaður sem ráðinn er í tímavinnu, sbr. þó gr. 12.2.3, eða er ráðinn skemur en 2 mánuði, skal halda launum skv. gr. 12.2.6 - 12.2.7 svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

<u>Starfstími</u>	<u>Fjöldi daga</u>
Á 1. mánuði í starfi	2 dagar
Á 2. mánuði í starfi	4 dagar
Á 3. mánuði í starfi	6 dagar
Eftir 3 mánuði í starfi	14 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	30 dagar

Við framantalinna rétt bætist auk þess réttur til dagvinnulauna í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Við þessi laun bætast ekki greiðslur skv. gr. 12.2.6-12.2.7.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.3 Réttur eftirlaunaþega í tímavinnu, eða annars konar vinnu, til launa vegna óvinnufærni af völdum veikinda eða slysa skal vera 1 mánuður á hverjum 12 mánuðum. Laun í veikindum skal miða við meðaltal dagvinnulauna síðustu 3 mánuði fyrir veikindi.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

- 12.2.4 Starfsmaður sem skilar vinnuskyldu sinni óreglubundið eða með öðrum hætti en dagvinnumaður í reglubundinni vinnu, skal teljast hafa verið fjarverandi í eina viku þegar hann hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa sem nemur vikulegri vinnuskyldu hans og hlutfallslega þegar um styttri eða lengri fjarvist vegna óvinnufærni er að ræða.

- 12.2.5 Við mat á ávinnsurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

- 12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaks mánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Í veikindum kennara skal greiða samkvæmt þeirri stundaskrá sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans.

- 12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu

almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.

Starfsmaður skóla og annarra stofnana þar sem venjuleg starfsemi liggur niðri hluta ársins, skal í stað reglu þessarar aðeins fá greidda aðra yfirvinnu en greinir í gr. 12.2.6 þá mánuði sem venjuleg starfsemi fer fram og skal yfirvinnustundafjöldinn ákveðinn með því að finna mánaðarlegt meðaltal þeirra tilfallandi yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 9 heilu starfsmánuði stofnunarinnar eða samsvarandi tímalengd ef starfsmánuðir eru færri eða fleiri.

- 12.2.8 Ef starfsmaður er fjarverandi vegna orlofs á viðmiðunartímabili skv. gr. 12.2.7, skal telja að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinn hluta tímabilsins.
- 12.2.9 Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á eðlilegri leið til eða frá vinnu, greiðast laun skv. gr. 12.2.7 frá upphafi fjarvistanna.
- 12.2.10 Ef starfsmaður að læknisráði og með leyfi forstöðumanns vinnur skert starf vegna slyss eða veikinda, skal miða greiðslu veikindalauna fyrir dagvinnu við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.

12.3 Starfhæfnisvottorð

- 12.3.1 Starfsmaður sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.

12.4 Lausn frá störfum vegna endurtekinnar eða langvarandi óvinnufærni vegna veikinda eða slysa

- 12.4.1 Ef starfsmaður er óvinnufær vegna veikinda eða slysa svo mánuðum skiptir á hverju ári um fimm ára tímabil og ekki er skýlaust vottað samkvæmt ákvæðum gr. 12.3.1 að hann hafi fengið heilsubót sem ætla megi varanlega, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 12.4.2 Þegar starfsmaður hefur verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni skv. gr. 12.2.1, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests.
- 12.4.3 Ekki skulu framangreind ákvæði um veikinda- og slysaforföll vera því til fyrirstöðu að starfsmaður láti af störfum er hann óskar þess ef hann er samkvæmt læknisvottorði orðinn varanlega ófær um að gegna starfi vegna vanheilsu. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar.

12.5 Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns

- 12.5.1 Þegar starfsmaður er leystur frá störfum skv. gr. 12.4.1-12.4.3, skal hann halda föstum launum skv. gr. 12.2.6 í 3 mánuði.
- 12.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993.
- 12.5.3 Þegar starfsmanni er veitt lausn skv. gr. 12.4.1-12.4.3 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 12.5.1 -12.5.2 koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 12.2.1-12.2.10 var tæmdur.

12.6 Skráning veikindadaga

- 12.6.1 Halda skal skrá yfir veikindadaga starfsmanns við hverja stofnun. Ef starfsmaður flyst milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum eftir því sem við á.

12.7 Veikindi og slysaföröll í fæðingarorlofi

- 12.7.1 Veikindatími starfsmanns í fæðingarorlofi telst ekki til veikindaforfalla og á starfsmaður ekki rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum þann tíma.

12.8 Veikindi barna yngri en 13 ára

- 12.8.1 Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns samkvæmt öðrum greinum.

12.9 Ákvæði til bráðabirgða

- 12.9.1 Starfsmaður sem hefur fyrir 1. janúar 2001, áunnið sér fleiri veikindadaga skv. áðurgildandi reglum, skal halda þeim á meðan á samfelldri ráðningu stendur en um frekari ávinnslu fer skv. kafla þessum.

12.10 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

- 12.10.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna um veikindarétt, samráðsnefnd, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000.

13 Tilhögun fæðingarorlofs

13.1 Gildissvið

13.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, þó með þeirri viðbót sem talin er upp hér á eftir.

13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.

13.2.3 Starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar. Starfsmaður er áfram í þeim lífeyrissjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda en launagreiðandi ber ábyrgð á réttindaávinnslu starfsmanns í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

13.2.4 Starfsmaður sem nýtur fyrirframgreiðslu launa, skal eiga rétt til fyrirframgreiðslu frá launagreiðanda þann mánuð sem hann hefur töku fæðingarorlofs og fellur sá réttur niður þann mánuð sem hann kemur til baka úr fæðingarorlofi.

13.3 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

13.3.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna um barnsburðarleyfi, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneðndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framan­greindum samtökum, sem undirritað var 24. október 2000.

14 Fjölskyldu- og styrktarsjóður og iðgjöld í Starfsendurhæfingarsjóð

14.1 Hlutverk fjölskyldu- og styrktarsjóðs

- 14.1.1 Stofnaður skal fjölskyldu- og styrktarsjóður. Hlutverk hans er:
1. að taka við iðgjöldum launagreiðanda og ávaxta þau,
 2. að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi,
 3. að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.
- 14.1.2 Vegna þess mismunar sem er á greiðslum sem tóku mið af reglugerð nr. 410/1989, um barnsurðarleyfi starfsmanna ríkisins, annars vegar og skv. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, hins vegar, fer hluti af iðgjaldi launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð til að greiða þann mismun. Fyrri réttindi sem tóku mið af reglugerð nr. 410/1989, teljast að fullu bætt með greiðslum launagreiðanda í sjóðinn.

14.2 Aðild að fjölskyldu- og styrktarsjóði

- 14.2.1 Sjóðurinn skal vera sameiginlegur fyrir félagsmenn aðildarfélaga samtakanna sem eru aðilar að samkomulagi þessu.
- 14.2.2 Þeir atvinnurekendur og stéttarfélag sem vilja síðar gerast aðilar að sjóði þessum gera það með skriflegri beiðni til sjóðsstjórnar um að þeir óski að gerast aðilar að þessum sjóði og að þeir gangist undir ákvæði samnings þessa. Slík beiðni öðlast gildi þegar sjóðsstjórn hefur fallist á erindið.

14.3 Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs

- 14.3.1 Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af þeim heildarsamtökum sem standa að stofnun sjóðsins.
- 14.3.2 Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og sendir launagreiðendum sem greiða til sjóðsins.

14.4 Iðgjaldagreiðslur launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð

- 14.4.1 Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,41% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.

14.5 Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna

- 14.5.1 Hvað varðar brottfall fyrri reglna, endurskoðunarákvæði og gildistöku vísast til samkomulags BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar 24.10.2000 um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum .

Sjá einnig „Samkomulag um barnsurðarleyfi kennara“ á bls. 56.

14.6 Starfsendurhæfingarsjóður

14.6.1 Lögjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

15 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

15.1 Framlag í séreignarsjóð

- 15.1.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi 2% framlag á móti 2% framlagi (iðgjaldi) starfsmanns.

16 Launaseðill og félagsgjöld

16.1 Launaseðill

16.1.1 Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddrar launafjárhæðar. Einnig skal uppsafnaður frítökuréttur skv. gr. 2.4.2 koma fram á launaseðli.

16.2 Félagsgjöld

16.2.1 Launagreiðandi innheimtir félagsgjöld fyrir stéttarfélagið, sé þess óskað. Skal það afhenda lista eða gögn um þá sem gjaldskyldir eru, með þeim upplýsingum sem nauðsyn krefur. Félagsgjöld skulu innheimt mánaðarlega og skilað til félagsins fyrir 20. sama mánaðar. Innheimtu má þó haga með öðrum hætti en hér er ákveðið ef um það er samkomulag.

17 Uppsagnarfrestur eftir 10 ára samfellt starf

17.1 Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfellt starf

17.1.1 Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir er starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
3. 6 mánuðir ef hann er orðinn 63 ára

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

18 Gildistími og samningsforsendur

18.1 Gildistími

18.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá 1. mars 2014 til 31. október 2016 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

18.2 Samningsforsendur

18.2.1 Komi til þess að á árinu 2014 og 2015 verði samið um frekari almennar launahækkningar en í samningi þessum greinir skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Sama gildir um árið 2016 að teknu tilliti til samningsslengdar. Verði samið um aðrar marktækar breytingar skulu aðilar fjalla um það sín á milli hvort og þá með hvaða hætti þær hafi áhrif til breytinga á þessum samningi. Jafnframt verði, á árinu 2016, áhrif nýs vinnumats á launasamsetningu og launaþróun félagsmanna Kennarasambands Íslands metin sérstaklega. Sérstök nefnd sem skipuð skal tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis og tveimur fulltrúum Kennarasambands Íslands skal fjalla um þessi atriði í samræmi við erindisbréf sem henni verður sett.

Bókanir
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands
undirrituðu 1. apríl 2015

Bókun 1

Í kjarasamningi aðila er ekki tekin afstaða til þess hvort nýtt vinnumat eigi eða megi breyta heildarumfangi kennslu í framhaldsskólum. Þá liggur fyrir að miðað við óbreytta starfsemi skólanna hvað varðar námskrá og nemendafjölda telja fulltrúar ríkisins sig ekki hafa umboð til þess að semja um að nýtt vinnumat feli í sér aukningu og að fulltrúar KÍ telja sig ekki hafa umboð til þess að semja um að það leiði til minnkunar. Vegna þessa lögðu samningsaðilar áherslu á að verkefnisstjórn um vinnumat leitaðist við að sníða sýnidæmum slíkan stakk að á hvorugt sjónarmiðið hallaði í þeirri útfærslu sem sýnidæmin yrðu leiðbeinandi um.

Bókun 2

Verkefnisstjórn hefur samkvæmt kjarasamningi yfirumsjón með innleiðingu vinnumats. Samningsaðilar eru sammála um að í því felist meðal annars að sjá til þess að umbúnaður vinnumats í framhaldsskólum sé fullnægjandi hvað varðar kerfislega framkvæmd. Enn fremur að verkefnisstjórn sjái til þess að efni um niðurstöður vinnumats í öllum framhaldsskólum verði tekið saman og það nýtt til frekari þróunar hugmynda- og aðferðafræði þessa þáttar kjarasamningsins á samningstímanum.

Samkomulag
forsendunefndar Kennarasamband Íslands og Fjármála- og
efnahagsráðherra

skv. 14 gr. kjarasamninga aðila frá 4. apríl 2014

Aðilar eru ásáttir um að mat fyrir árið 2014 leiði til þess að eftirfarandi launatöflur gildi fyrir Kennarasamband Íslands:

Frá 1.mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	291.646	298.645	305.645	312.644	319.644	326.643	333.643	340.642	347.642
02	304.579	311.889	319.199	326.509	333.819	341.129	348.438	355.748	363.058
03	318.156	325.792	333.428	341.063	348.699	356.335	363.971	371.606	379.242
04	332.415	340.393	348.371	356.349	364.327	372.305	380.283	388.261	396.239
05	347.384	355.721	364.058	372.395	380.733	389.070	397.407	405.744	414.082
06	361.871	370.556	379.241	387.926	396.611	405.296	413.981	422.666	431.351
07	375.695	384.712	393.728	402.745	411.762	420.778	429.795	438.812	447.828
08	390.046	399.408	408.769	418.130	427.491	436.852	446.213	455.574	464.935
09	408.296	418.095	427.894	437.693	447.492	457.292	467.091	476.890	486.689
10	427.458	437.717	447.976	458.235	468.494	478.753	489.012	499.271	509.530
11	447.576	458.318	469.060	479.802	490.544	501.286	512.027	522.769	533.511
12	468.702	479.951	491.199	502.448	513.697	524.946	536.195	547.444	558.693
13	490.883	502.664	514.445	526.226	538.007	549.789	561.570	573.351	585.132
14	514.174	526.514	538.855	551.195	563.535	575.875	588.215	600.556	612.896
15	538.628	551.555	564.482	577.410	590.337	603.264	616.191	629.118	642.045
16	564.304	577.847	591.390	604.934	618.477	632.020	645.564	659.107	672.650
17	591.264	605.454	619.645	633.835	648.026	662.216	676.406	690.597	704.787
18	619.575	634.445	649.315	664.184	679.054	693.924	708.794	723.664	738.533

Frá 1.ágúst 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	306.228	313.577	320.927	328.276	335.626	342.975	350.325	357.674	365.024
02	319.808	327.483	335.159	342.834	350.510	358.185	365.860	373.536	381.211
03	334.064	342.082	350.099	358.117	366.134	374.152	382.169	390.187	398.204
04	349.036	357.413	365.790	374.167	382.543	390.920	399.297	407.674	416.051
05	364.753	373.507	382.261	391.015	399.769	408.523	417.277	426.032	434.786
06	379.965	389.084	398.203	407.322	416.442	425.561	434.680	443.799	452.918
07	394.480	403.947	413.415	422.882	432.350	441.817	451.285	460.752	470.220
08	409.549	419.378	429.207	439.036	448.865	458.695	468.524	478.353	488.182
09	428.711	439.000	449.289	459.578	469.867	480.156	490.445	500.734	511.023
10	448.831	459.602	470.374	481.146	491.918	502.690	513.462	524.234	535.006
11	469.955	481.234	492.513	503.792	515.071	526.350	537.629	548.908	560.187
12	492.137	503.948	515.759	527.571	539.382	551.193	563.005	574.816	586.627
13	515.427	527.797	540.167	552.537	564.908	577.278	589.648	602.018	614.389
14	539.883	552.840	565.797	578.755	591.712	604.669	617.626	630.583	643.540
15	565.560	579.133	592.707	606.280	619.853	633.427	647.000	660.574	674.147
16	592.519	606.740	620.960	635.180	649.401	663.621	677.842	692.062	706.283
17	620.827	635.727	650.627	665.527	680.427	695.327	710.226	725.126	740.026
18	650.554	666.167	681.780	697.394	713.007	728.620	744.233	759.847	775.460

Frá 1.janúar 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	312.353	319.849	327.345	334.842	342.338	349.835	357.331	364.828	372.324
02	326.204	334.033	341.862	349.691	357.520	365.349	373.178	381.006	388.835
03	340.745	348.923	357.101	365.279	373.457	381.635	389.813	397.990	406.168
04	356.017	364.561	373.106	381.650	390.194	398.739	407.283	415.828	424.372
05	372.048	380.977	389.906	398.836	407.765	416.694	425.623	434.552	443.481
06	387.564	396.866	406.167	415.469	424.770	434.072	443.374	452.675	461.977
07	402.369	412.026	421.683	431.340	440.997	450.654	460.310	469.967	479.624
08	417.740	427.766	437.791	447.817	457.843	467.869	477.894	487.920	497.946
09	437.285	447.780	458.275	468.770	479.264	489.759	500.254	510.749	521.244
10	457.807	468.795	479.782	490.769	501.757	512.744	523.731	534.719	545.706
11	479.354	490.859	502.363	513.868	525.372	536.877	548.381	559.886	571.390
12	501.980	514.027	526.075	538.122	550.170	562.217	574.265	586.312	598.360
13	525.735	538.353	550.971	563.588	576.206	588.824	601.441	614.059	626.676
14	550.681	563.897	577.113	590.330	603.546	616.762	629.979	643.195	656.411
15	576.871	590.716	604.561	618.406	632.250	646.095	659.940	673.785	687.630
16	604.369	618.874	633.379	647.884	662.389	676.894	691.399	705.904	720.408
17	633.244	648.442	663.640	678.837	694.035	709.233	724.431	739.629	754.827
18	663.565	679.490	695.416	711.341	727.267	743.193	759.118	775.044	790.969

Reykjavík, 9. október 2014

f.h. samninganefndar ríkisins
Íslands

f.h. Kennarasambands

Samkomulag
forsendunefndar Kennarasamband Íslands og Fjármála- og
efnahagsráðherra

skv. 14 gr. kjarasamninga aðila frá 4. apríl 2014

Aðilar eru ásáttir um að mat fyrir árið 2015 leiði til þess að eftirfarandi launatöflur gildi fyrir Kennarasamband Íslands:

Frá 1.apríl 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	336.116	344.183	352.249	360.316	368.383	376.450	384.517	392.583	400.650
02	351.021	359.446	367.870	376.295	384.719	393.144	401.568	409.993	418.417
03	366.669	375.469	384.269	393.069	401.869	410.669	419.469	428.269	437.069
04	383.102	392.296	401.491	410.685	419.880	429.074	438.269	447.463	456.657
05	400.353	409.961	419.570	429.178	438.787	448.395	458.004	467.612	477.221
06	417.050	427.059	437.068	447.077	457.086	467.096	477.105	487.114	497.123
07	432.981	443.372	453.764	464.156	474.547	484.939	495.330	505.722	516.113
08	449.521	460.309	471.098	481.886	492.675	503.463	514.252	525.040	535.829
09	470.553	481.846	493.140	504.433	515.726	527.019	538.313	549.606	560.899
10	492.636	504.460	516.283	528.106	539.930	551.753	563.576	575.399	587.223
11	515.823	528.203	540.582	552.962	565.342	577.722	590.101	602.481	614.861
12	540.169	553.134	566.098	579.062	592.026	604.990	617.954	630.918	643.882
13	565.732	579.310	592.888	606.465	620.043	633.620	647.198	660.775	674.353
14	592.576	606.797	621.019	635.241	649.463	663.685	677.906	692.128	706.350
15	620.758	635.657	650.555	665.453	680.351	695.249	710.148	725.046	739.944
16	650.349	665.957	681.566	697.174	712.782	728.391	743.999	759.608	775.216
17	681.420	697.774	714.128	730.482	746.836	763.191	779.545	795.899	812.253
18	714.048	731.185	748.322	765.459	782.596	799.733	816.871	834.008	851.145

Frá 1.júní 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	348.997	357.722	366.447	375.172	383.897	392.622	401.347	410.072	418.797
02	366.447	375.609	384.770	393.931	403.092	412.253	421.414	430.576	439.737
03	384.770	394.389	404.008	413.627	423.247	432.866	442.485	452.104	461.724
04	404.008	414.108	424.209	434.309	444.409	454.509	464.609	474.710	484.810
05	424.209	434.814	445.419	456.024	466.630	477.235	487.840	498.445	509.050
06	445.419	456.555	467.690	478.826	489.961	501.096	512.232	523.367	534.503
07	467.690	479.382	491.075	502.767	514.459	526.151	537.844	549.536	561.228
08	491.075	503.351	515.628	527.905	540.182	552.459	564.736	577.013	589.289
09	515.628	528.519	541.410	554.300	567.191	580.082	592.972	605.863	618.754
10	541.410	554.945	568.480	582.015	595.551	609.086	622.621	636.156	649.692
11	568.480	582.692	596.904	611.116	625.328	639.540	653.752	667.964	682.176
12	596.904	611.827	626.749	641.672	656.595	671.517	686.440	701.362	716.285
13	626.749	642.418	658.087	673.756	689.424	705.093	720.762	736.431	752.099
14	658.087	674.539	690.991	707.443	723.896	740.348	756.800	773.252	789.704
15	690.991	708.266	725.541	742.816	760.090	777.365	794.640	811.915	829.189
16	725.541	743.679	761.818	779.956	798.095	816.233	834.372	852.510	870.649
17	761.818	780.863	799.909	818.954	838.000	857.045	876.090	895.136	914.181
18	799.909	819.906	839.904	859.902	879.900	899.897	919.895	939.893	959.890

Reykjavík, 10.nóvember 2015

f.h. samninganefndar ríkisins

Íslands

f.h. Kennarasambands

Yfirlýsing
Fjármála- og efnahagsráðuneytisins
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands
undirrituðu 1. apríl 2015

Ráðningarhlutfall er grunnatriði í vinnusambandi starfsmanns og stofnunar og ekki er ætlað að árstíðabundnar breytingar á vinnuframboði hafi áhrif á ráðningarhlutfall starfsmanna. Breytilegt vinnumat starfsmanna á því ekki að raska ráðningarhlutfalli, nema varanleg breyting verði á aðstæðum stofnunar.

Bókanir
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekinnna framhaldsskóla 15. febrúar 2013 verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

Aðilar eru sammála um að iðgjaldið verði reiknað af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands í ríkisreignum framhaldsskólum og það lagt á sérstakan biðreikning frá og með 1. mars 2014. Framlagið skal millifært, samkvæmt samkomulagi aðila, til Kennarasambands Íslands frá og með 1. ágúst 2014.

Bókun 2

Þrátt fyrir afnám skila milli kennslu- og prófatíma þarf áfram að gæta þess að nægur tími gefist innan dagvinnuársstarfs kennara til þess að sinna námsmati nemenda eins og skylt er samkvæmt lögum.

Viðauki 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Ársvinnuskyldunni er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti. Þessir vinnuþættir sem verða þættir A, B og C reiknast með eftirfarandi hætti.

Þáttur A byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá ársvinnuskyldunni. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi.

Þáttur B byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

Þáttur C byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Títekinn tími sem verkefnunum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

Sundurliðun vinnuþáttar B

B miðað við 180 skóladaga	klst.	Skýring
Kaffitímar á starfstíma	105	35 mín/60 mín x 36 vikur x 5 dagar
Símenntun/starfsþróun	80	2 vikur til umráða fyrir kennara
Frágangur og undirbúningur skólaárs/anna	32	8 klst. x 4 dagar við lok og upphaf
Önnur vinna skv. reglugerð þar af áætlað:	143	um það bil 4 klst á viku í 36 vikur
Kennarafundir		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Faglegt samstarf		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Viðtalstímar		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn upplýsingagjöf skólans		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn umsjónarstörf skólans		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Samtals:	360	Samspil vinnuþátta í vinnumati

Viðbótarorlof 30 til 37 ára er 24 klst. á ári og viðbótarorlof 38 ára og eldri er 48 klst. á ári.

Aldurstengdur afsláttur af kennsluþætti reiknast af A að teknu tilliti til viðbótarorlofs. Hann er 4,17% af A þætti kennara á aldrinum 55 til 59 ára og 20,83% af A þætti kennara 60 ára og eldri.

Viðauki 1 bls. 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Taflan hér að neðan sýnir samspil vinnuþátta í vinnumati kennara eftir aldri þegar hvorki er um aukningu á B-hluta að ræða né sérstök verkefni eða viðbótarstörf í C-hluta.

Aldur	A án afsláttar en með viðbótarorlofi	Aldursafsl. af A-þætti		A kennsluþáttur	B fastur hluti	C sérstök verkefni	Stundir á ári
< 30 ára	1.440 klst.			1.440 klst.	360 klst.	0 klst.	1.800 klst.
30-37 ára	1.416 klst.			1.416 klst.	360 klst.	0 klst.	1.776 klst.
38-54 ára	1.392 klst.			1.392 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
55-59 ára	1.392 klst.	4,17%	58 klst.	1.334 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
60 ára +	1.392 klst.	20,83%	290 klst.	1.102 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.

Viðauki 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Undirbúningur og fyrirkomulag vinnumats

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn samkvæmt 9. grein kjarasamnings hefur yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum. Hún er skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum af fjármála- og efnahagsráðuneyti og þremur af Kennarasambandi Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu og rekstur verkefnisstjórnarinnar.

Viðfangsefni verkefnisstjórnar eru sem hér segir:

- Að koma á fót vinnumatsnefndum og skilgreina verksvið þeirra.
- Að halda áfram vinnu við að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins í samstarfi við vinnumatsnefndir.
- Að vinna að sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber 7. grein í kjarasamningi aðila í samstarfi við vinnumatsnefndir.

Verkefnisstjórn skal að öðru leyti ákveða sjálf frekari viðfangsefni og útfærslur.

Meginútfærsla vinnumats skal liggja fyrir eigi síðar en 20. janúar 2015. Verkefnisstjórn gerir þá aðilum grein fyrir henni. Verkefnisstjórnin skal enn fremur leggja mat á framtíðarskipan vinnumatsnefnda í samráði við aðila málsins.

Staða verkefnisstjórnarinnar verður endurmetin af samningsaðilum þegar meginverkefni hennar eru komin í höfn.

Vinnumatsnefndir

Vinnumatsnefndir samkvæmt grein 9.2 í kjarasamningi verða stofnaðar samkvæmt nánari ákvörðunum verkefnisstjórnar. Hver vinnumatsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur tilnefndum af Kennarasambandi Íslands og tveimur tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hver vinnumatsnefnd sinnir ákveðnum fjölda framhaldsskóla.

Hlutverk vinnumatsnefnda er:

Að vinna, í samstarfi við verkefnisstjórn, að skilgreiningum á inntaki og umfangi einstakra hluta vinnumatsins og sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber grein 9.2 í kjarasamningi.

Að aðstoða skóla við umfjöllun um, prófanir á og innleiðingu nýs vinnumats.

Viðauki 2 bls. 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Að skera úr ágreiningi um vinnumat námsáfanga einstakra skóla sem skotið er formlega til hennar af skólameistara eða kennara til úrskurðar. Niðurstaða vinnumatsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 14 virkum dögum eftir að henni barst erindið að því tilskildu að því hafi fylgt fullnægjandi gögn en ella svo fljótt sem verða má. Náist ekki samkomulag í vinnumatsnefnd um ágreining um vinnumat námsáfanga sem til hennar hefur verið vísað skal hún innan 7 virkra daga frá því að sú niðurstaða liggur fyrir, vísa málinu til úrskurðarnefndar.

Úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefnd samkvæmt 11. grein kjarasamnings skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir skulu tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti og ríkissáttasemjara og skal sá síðastnefndi vera formaður og kallar hann nefndina saman að fengnum tilnefningum aðila. Úrskurðarnefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Við úrlausn vinnumatsdeilu skal úrskurðarnefndin hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar höfðu sett fram. Nefndin skal skila úrskurði ekki síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

Kostnaður

Kostnaður af starfi verkefnisstjórnar, vinnumatsnefnda og úrskurðarnefndar telst sjálfstæður hluti af kostnaðarmati kjarasamningsins.

Samkomulag
um tiltekin kjör stjórnenda
með kjarasamningi
fjármála-og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Starfspróun stjórnenda

Samkvæmt grein 2.1.7.1. hafa stjórnendur 80 stundir (samanber grein 2.1.6.1) á ári til umráða til endurmenntunar. Stjórnendur skulu eiga rétt á að umbúnaður um starf þeirra sé með þeim hætti að þeir geti nýtt sér þennan tíma. Það gæti verið gert með því að efla hlut dagvinnulauna stjórnenda í heildarlaunum, gera við þá fastlaunasamninga eða skipuleggja ársvinnutíma og nauðsynlegan sveigjanleika og gæta í því skipulagi þess, að stjórnendur fái tækifæri til endurmenntunar. Takist skóla ekki að tryggja stjórnendum umsaminn endurmenntunartíma ber eðli máls samkvæmt að greiða yfirvinnu fyrir þá tíma sem vantar upp á fullar 80 stundir.

Stjórnendur sem starfa áfram við skólann en láta af stjórnunarstörfum

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskólann í að minnsta kosti 8 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 50% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í að minnsta kosti 4 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 25% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

Samkomulag
um tiltekin kjör náms- og starfsráðgjafa
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Umbúnaður um vinnu náms- og starfsráðgjafa

Innihaldslýsingu starfa náms- og starfsráðgjafa er að finna í viðauka 1 með samningi dagsettum 18. mars 2005. Um vinnutíma þeirra fer samkvæmt almennum vinnutímaákvæðum, en ekki sérákvæðum um vinnutíma kennara nema 80 stundum til endurmenntunar sem kveðið er á um í grein 2.1.6.2 og gerðar eru gildandi fyrir þá með bókun 7 í sama samningi.

Bókun 7

Viðauki 3 í síðustu útgáfu kjarasamnings, „Samkomulag um námsráðgjafa“ var undirritað 22. júní 1995 og var kveðið á um að það skyldi endurskoðað í ljósi reynslunnar.

Samkomulagið fjallar m.a. um skiptingu árlegs vinnutíma námsráðgjafa á 10 mánaða tíma auk möguleika á útfærslu m.v. 9 mánaða starfstíma. Aðilar eru sammála um að í tengslum við kerfisbreytingu í maí 2006 taki samningar náms- og starfsráðgjafa og einstakra framhaldsskóla um skiptingu vinnutíma þeirra við af samkomulaginu og það falli úr gildi frá og með upphafi skólaárs 2006-2007. Heimilt er að leita til sáttanefndar sbr. gr. 11.5 verði ágreiningur.

Athuga ber að tími náms- og starfsráðgjafa til endurmenntunar og undirbúnings verður eftir sem áður 80 stundir á ári.

Í ljósi inntaks bókunarinnar leggja samningsaðilar áherslu á að skólar búi um vinnutíma þessara starfsmanna með þeim hætti að gætt sé að öllum þáttum starfs þeirra í vinnutímaramma sem skólar setji sér og náms- og starfsráðgjöfum sínum, samanber og 2. málsgrein 8. greinar laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996: *Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.*

Slíkur rammi um störf og vinnutíma náms- og starfsráðgjafa ætti að taka til dreifingar vinnuþátta þeirra innan ársins. Auk þess ætti slíkur rammi að gera náms- og starfsráðgjöfum auðveldara að halda reiðu á vinnu sinni gagnvart skólanum og gagnkvæmt.

Fylgiskjal 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Launatöflur með samningi þessum

Frá 1. mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	291.140	297.595	304.050	310.506	316.960	323.415	329.867	336.323	342.777
02	304.050	310.827	317.604	324.382	331.158	337.936	344.714	351.492	358.268
03	317.604	324.721	331.838	338.953	346.069	353.185	359.072	364.958	370.845
04	331.838	339.309	346.781	354.252	360.496	366.738	372.979	377.992	383.619
05	346.781	354.627	361.243	367.857	373.245	379.858	385.859	393.705	401.551
06	361.243	368.250	374.029	381.036	387.429	395.666	403.904	412.143	420.380
07	374.029	381.449	388.253	396.902	405.552	414.203	422.852	431.502	440.153
08	388.253	397.335	406.418	415.499	424.581	433.662	442.745	451.826	460.910
09	406.418	415.954	425.489	435.026	444.562	454.098	463.634	473.171	482.707
10	425.489	435.503	445.516	455.529	465.541	475.555	485.568	495.581	505.593
11	445.516	456.029	466.545	477.058	487.572	498.085	508.598	519.112	529.626
12	466.545	477.584	488.624	499.662	510.702	521.742	532.782	543.819	554.859
13	488.624	500.216	511.808	523.398	534.988	546.580	558.171	569.763	581.354
14	511.808	523.978	536.150	548.319	560.491	572.661	584.833	597.003	609.174
15	536.150	548.929	561.707	574.488	587.266	600.046	612.825	625.606	638.387
16	561.707	575.127	588.544	601.963	615.382	628.800	642.219	655.638	669.056
17	588.544	602.634	616.723	630.813	644.902	658.992	673.081	687.169	701.260
18	616.723	631.517	646.310	661.105	675.900	690.693	705.486	720.279	735.074

Frá 1. ágúst 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	305.697	312.475	319.253	326.031	332.808	339.586	346.360	353.139	359.916
02	319.253	326.368	333.484	340.601	347.716	354.833	361.950	369.067	376.181
03	333.484	340.957	348.430	355.901	363.372	370.844	377.026	383.206	389.387
04	348.430	356.274	364.120	371.965	378.521	385.075	391.628	396.892	402.800
05	364.120	372.358	379.305	386.250	391.907	398.851	405.152	413.390	421.629
06	379.305	386.663	392.730	400.088	406.800	415.449	424.099	432.750	441.399
07	392.730	400.521	407.666	416.747	425.830	434.913	443.995	453.077	462.161
08	407.666	417.202	426.739	436.274	445.810	455.345	464.882	474.417	483.956
09	426.739	436.752	446.763	456.777	466.790	476.803	486.816	496.830	506.842
10	446.763	457.278	467.792	478.305	488.818	499.333	509.846	520.360	530.873
11	467.792	478.830	489.872	500.911	511.951	522.989	534.028	545.068	556.107
12	489.872	501.463	513.055	524.645	536.237	547.829	559.421	571.010	582.602
13	513.055	525.227	537.398	549.568	561.737	573.909	586.080	598.251	610.422
14	537.398	550.177	562.958	575.735	588.516	601.294	614.075	626.853	639.633
15	562.958	576.375	589.792	603.212	616.629	630.048	643.466	656.886	670.306
16	589.792	603.883	617.971	632.061	646.151	660.240	674.330	688.420	702.509
17	617.971	632.766	647.559	662.354	677.147	691.942	706.735	721.527	736.323
18	647.559	663.093	678.626	694.160	709.695	725.228	740.760	756.293	771.828

Frá 1. janúar 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	311.811	318.725	325.638	332.552	339.464	346.378	353.287	360.202	367.114
02	325.638	332.895	340.154	347.413	354.670	361.930	369.189	376.448	383.705
03	340.154	347.776	355.399	363.019	370.639	378.261	384.567	390.870	397.175
04	355.399	363.399	371.402	379.404	386.091	392.777	399.461	404.830	410.856
05	371.402	379.805	386.891	393.975	399.745	406.828	413.255	421.658	430.062
06	386.891	394.396	400.585	408.090	414.936	423.758	432.581	441.405	450.227
07	400.585	408.531	415.819	425.082	434.347	443.611	452.875	462.139	471.404
08	415.819	425.546	435.274	444.999	454.726	464.452	474.180	483.905	493.635
09	435.274	445.487	455.698	465.913	476.126	486.339	496.552	506.767	516.979
10	455.698	466.424	477.148	487.871	498.594	509.320	520.043	530.767	541.490
11	477.148	488.407	499.669	510.929	522.190	533.449	544.709	555.969	567.229
12	499.669	511.492	523.316	535.138	546.962	558.786	570.609	582.430	594.254
13	523.316	535.732	548.146	560.559	572.972	585.387	597.802	610.216	622.630
14	548.146	561.181	574.217	587.250	600.286	613.320	626.357	639.390	652.426
15	574.217	587.903	601.588	615.276	628.962	642.649	656.335	670.024	683.712
16	601.588	615.961	630.330	644.702	659.074	673.445	687.817	702.188	716.559
17	630.330	645.421	660.510	675.601	690.690	705.781	720.870	735.958	751.049
18	660.510	676.355	692.199	708.043	723.889	739.733	755.575	771.419	787.265

Kjarasamningur 2015 í heild sinni

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kennarasamband Íslands
hins vegar
gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og sérstakar kjarasamningsgreinar vegna upptöku nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum frá 1. ágúst 2015 og nauðsynlegar breytingar á eldri kjarasamningsgreinum vegna þess samkvæmt 12. grein. Aðilar eru sammála um að kjarasamningur þeirra frá 4. apríl 2014 haldi gildi sínu með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast.

1. grein

Tilfærsla launabreytinga

Sú breyting verður á 2. grein samningsins að 8% launahækkun sem að koma átti til framkvæmda 1. maí 2015 kemur til framkvæmda 1. júní 2015. Sama gildir um hækkun sem tilgreind er í erindisbréfi nefndar skv. 14. grein.

2. grein

Breyting á sundurliðun vinnuþáttar B

Aðilar eru sammála um eftirfarandi breytingu á B þætti samkvæmt 6. grein kjarasamnings aðila frá 4. apríl síðastliðnum, samanber efni viðauka 1 með sama samningi um sundurliðun vinnuþáttar B. Breytingin tekur til þáttarins „Önnur vinna skv. reglugerð“ sem heldur óbreyttri samtölu en breytist og verður svohljóðandi:

Önnur vinna kennara samtals 143 klst. eða um það bil 4 klst á viku í 36 vikur, þar af áætlað:

<i>Kennarafundir</i>	<i>u.þ.b. 27 klst. á starfstíma skólans</i>
<i>Yfirseta í prófum annara</i>	<i>u.þ.b. 20 klst. á skólaárinu.</i>
<i>Faglegt samstarf</i>	<i>u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>
<i>Viðtalstímar</i>	<i>u.þ.b. 24 klst. á starfstíma skólans</i>
<i>Almenn upplýsingagjöf skólans</i>	<i>u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>
<i>Almenn umsjónarstörf skólans</i>	<i>u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>

3. grein

Viðmiðunarfjöldi nemenda í námshópum

Samningsaðilar eru ásáttir um að seinni málsgrein í liðnum *Sívirkt námsmat* í 7. grein falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

Vinnumat áfanga skal vera óbreytt frá upphafi til loka hans og miða skal vinnumat við nemendafjölda eftir þrjár vikur (nemendafjöldi fjórðu viku). Um áfanga með annan fjölda kennsluvikna en 15 gildir með sama hætti nemendafjöldi eftir fimmtung kennslutímans.

Fjölgun í námshópum skal þó hafa áhrif á vinnumat frá þeim tíma sem hún verður ef hún er umfram nemendafjöldann í fjórðu viku.

Leiði fækkun nemenda á fyrstu fullu þremur vikunum til þess að kennari uppfylli ekki ráðningarhlutfall sitt, verður hann ekki krafinn um aðra vinnu til uppfyllingar þess hluta vöntunar á vinnuframlagi.

4. grein

Um viðmið og fjöldatölur

Heildarfjöldi þeirra tíma í vinnumati áfanga sem taka mið af hverjum einstökum nemanda breytist eftir fjölda nemenda með eftirfarandi takmörkunum þó:

5. Aldrei skal greiða heildartímafjölda sem er lægri en sá sem fengist ef nemendur væru 2/3 af viðmiðunarfjölda.
6. Aukaálag komi á nemendahluta vinnumats sem nemi 100% á hvern nemanda umfram viðmið auk frávíks í öllum hópum.
7. Þess utan komi hliðstætt 20% álag á 29. og 30. nemanda í hópum með 25 nemenda fjöldaviðmið.
8. Vinnumat áfanga, skal aldrei fara undir 174,5 klst fyrir 3ja eininga áfanga samkvæmt viðmiðunarfjölda samanber nánari útfærslu í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar um vinnumat.

Hér er átt við viðmiðunarfjöldatölur eftir námsgreinum í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 4/2001. Sjá einnig ákvæði í annarri málsgrein 12. greinar kjarasamnings um samráð mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Kennarasamband Íslands og viðauka með yfirlýsingu ráðuneytisins frá 4. apríl 2014 auk viðmiða úr reiknilíkani ráðuneytisins.

5. grein

Reikniaðferðir vegna vinnumats endurtekinna áfanga

Við gerð vinnumats kom fram mismunandi mat á endurteknum áföngum sem aðilar töldu ekki rétt að tækju gildi við innleiðingu matsins. Því varð að samkomulagi að um endurtekinn áfanga gilti að hann teldist 92% af grunnmati áfangans á skólaárinu 2015-2016, en 90% af matinu skólaárið 2016-2017.

Um reikniaðferðir í vinnumati:

Ef kennari tekur að sér tvo hópa eða fleiri í sama áfanga skerðist vinnumatið fyrir umframhópa um 8% skólaárið 2015-2016 og 10% skólaárið 2016-2017, skv. eftirfarandi reglum (tölurnar í svigunum vísa til síðara skólaársins):

Heildarfjöldi nemenda í öllum hópum kennarans í áfanganum skal lagður til grundvallar. Mat á áfanganum skal miðast við meðaltalsfjölda nemenda beggja/allra hópa kennarans í áfanganum.

Skerðingin reiknast af heildarfjölda sömu áfanga samkvæmt eftirfarandi reiknitölum:

4% (5%) af báðum hópum ef þeir eru tveir

5,33% (6,67%) af öllum hópum ef þeir eru þrír

6% (7,5%) af öllum hópum ef þeir eru fjórir, o.s.frv.

Ofangreind skerðing hefur ekki áhrif á álag vegna yfirstærðar einstakra námshópa í áfanga samkvæmt liðum 2. og 3. í 4. grein.

6. grein

Um ákvæði kjarasamnings um sérkennsluálag

Við vinnumat í sýnidæmi verkefnisstjórnar fyrir starfsbrautir í framhaldsskólum er svokallað sérkennsluálag tekið inn í reikniaðferðir fyrir starfsbrautir og eru aðilar því sammála um að bókun 9 með kjarasamningi 18. mars 2005 um viðhald þessa álags á kennslu falli úr gildi. Því verður ekki um greiðslu sérstaks álags að ræða til viðbótar vinnumatinu.

7. grein

Breytingar á greinum kjarasamnings fyrir 2014 sem eru í gildi

Fyrri grein 1.5.5 fellur brott og ný grein með sama númeri verður svohljóðandi:

- 1.5.5 **Yfirvinna vegna forfallakennslu sem varir í viku eða skemur**
Yfirvinnustund vegna þessarar kennslu telst 1,3 klukkustund, sé lengd hennar 40 mínútur og hlutfallslega, sé hún lengri.
Í lengri afleysingum ber að meta vinnu sem hlutfall af vinnumati áfanga.

Grein 2.1.6.2 fellur brott en aðilar eru sammála um að áfram gildi að 80 klukkustundir utan starfstíma skóla séu ætlaðar til endurmenntunar eða undirbúnings eftir atvikum. Samanber umfjöllun um þennan þátt í viðauka 1 í samningi frá 4. apríl 2014.

Um grein 2.1.6.2.1, vinna á prófatíma gildir: Fyrstu tvær málsgreinar falla brott en síðasta málsgreinin gildir áfram. Hún er svohljóðandi: *Þó skal reikna 30% álag á prófavinnu kennara sem halda yfirlitspróf/stúdentspróf, úr a.m.k. tveggja ára námsefni að því marki sem vinna þeirra stafar frá þeim.* Samningsaðilar telja æskilegt að þetta atriði komi inn í vinnumat þeirra áfanga sem þetta á við um í viðkomandi skólum.

Fyrri grein 2.1.6.4 verður svohljóðandi:

2.1.6.4 Fjöldi vinnustunda bundinn út skólaár/önn

Fjöldi stunda sem settur er á stundaskrá og kennari tekur að sér við upphaf skólaárs/annar, er bindandi til loka tímabils vinnuskýrslu (skólaárs,annar eða spannar/lotu). Samanber þó 3. grein þessa samkomulags um ákvæði um endanlegan fjölda nemenda.

Fyrri grein 2.3.6 breytist og verður svohljóðandi:

- 2.3.6 **Greiðsla fastrar yfirvinnu**
Yfirvinna skv. föstum vinnuáætlunum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum á gildistíma vinnuskýrslu.

Grein 2.6.1 Vikulegur fjöldi kennslustunda, fellur brott.

Grein 2.6.2 Álag vegna tilraunakennslu fellur brott.

Grein 2.6.3 í núgildandi samningi er um greiðslur fyrir kennslu í öldungadeildum og hliðstæðri kennslu sem miðast við farið sé allt að tvöfalt hraðar yfir námsefni en í venjulegu skólahaldi. Einnig er fjallað um þessa tegund kennslu í bókun með samningnum frá árinu 1985 sem enn gildir.

Aðilar eru ásáttir um að þessi tegund kennslu verði útfærð í nýju vinnumati og haldi í aðalatriðum sömu sérstöðu og hún hefur haft.

Samningsaðilar munu í samstarfi við verkefnisstjórn um vinnumat setja fram sýnidæmi þar sem tekið er tillit til sérkenna þessarar kennslu.

8. grein
Umfjöllun um bókanir og fylgiskjöl

Bókanir og fylgiskjöl um eftirfarandi atriði verða endurunnin fyrir 1. október næstkomandi.

1. Fylgiskjal og bókun um kennsluskyldu frá 2001 og 2005.
2. Greiðslureglur fyrir P nemendur.

Aðilar munu innan sömu tímamarka setja fram nýja heildarútgáfu samningsins og fara yfir skipulag hans og öll fylgigögn og bókanir.

9. grein
Atkvæðagreiðsla

Samkomulag þetta og skýrsla verkefnisstjórnar um vinnumat ásamt viðauka dagsettum 30. mars 2015, skal fara í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg meðal allra félagsmanna Kennarasambands Íslands sem samningur þessi nær til og niðurstaða liggja fyrir kl 16:00 þann 15. apríl. Samþykki báðir aðilar samkomulagið er þar með komið fullnaðarsamþykki á upptöku nýs vinnumats (A hluta).

Reykjavík, 1. apríl 2015

f.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Bókanir
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands
undirrituðu 1. apríl 2015

Bókun 1

Í kjarasamningi aðila er ekki tekin afstaða til þess hvort nýtt vinnumat eigi eða megi breyta heildarumfangi kennslu í framhaldsskólum. Þá liggur fyrir að miðað við óbreytta starfsemi skólanna hvað varðar námskrá og nemendafjölda telja fulltrúar ríkisins sig ekki hafa umboð til þess að semja um að nýtt vinnumat feli í sér aukningu og að fulltrúar KÍ telja sig ekki hafa umboð til þess að semja um að það leiði til minnkunar. Vegna þessa lögðu samningsaðilar áherslu á að verkefnisstjórn um vinnumat leitaðist við að sníða sýnidæmum slíkan stakk að á hvorugt sjónarmiðið hallaði í þeirri útfærslu sem sýnidæmin yrðu leiðbeinandi um.

Bókun 2

Verkefnisstjórn hefur samkvæmt kjarasamningi yfirumsjón með innleiðingu vinnumats. Samningsaðilar eru sammála um að í því felist meðal annars að sjá til þess að umbúnaður vinnumats í framhaldsskólum sé fullnægjandi hvað varðar kerfislega framkvæmd. Enn fremur að verkefnisstjórn sjái til þess að efni um niðurstöður vinnumats í öllum framhaldsskólum verði tekið saman og það nýtt til frekari þróunar hugmynda- og aðferðafræði þessa þáttar kjarasamningsins á samningstímanum.

Yfirlýsing
Fjármála- og efnahagsráðuneytisins
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands
undirrituðu 1. apríl 2015

Ráðningarhlutfall er grunnatriði í vinnusambandi starfsmanns og stofnunar og ekki er ætlað að árstíðabundnar breytingar á vinnuframboði hafi áhrif á ráðningarhlutfall starfsmanna. Breytilegt vinnumat starfsmanna á því ekki að raska ráðningarhlutfalli, nema varanleg breyting verði á aðstæðum stofnunar.

F.h.r.

Kjarsamningur 2014 í heild sinni

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar

og

Kennarasamband Íslands

hins vegar

gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Þessum kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra er ætlað að skapa innan framhaldsskóla þau starfsskilyrði sem nauðsynleg eru til að markmið nýrra laga um skólastarf nái fram að ganga. Enn fremur er leitast við að skapa nýja og bættu umgjörð um kennarastarfið og færa laun kennara þannig til betri vegar um leið og skólum verður gert auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Með samningnum er leitast við að gera þetta fyrst og fremst með því að aðlaga kjarasamninginn að breyttum viðmiðum laga um framhaldsskóla um námseiningar og færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálu. Það er gert með áætlun um samningu nýs vinnumats og innleiðingu þess sem fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og kennara munu leiða í samstarfi sín á milli með þátttöku fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Með því er þess vænst að hagur bæði skóla og kennara batni, auk þess sem skólaþróun verði auðveldari innan skólanna til að mæta margvíslegum þörfum nemenda.

Þessu til stuðnings verður fjárhagur skóla styrktur og umbúnaður um fjárveitingar og skiptingu þeirra á milli skóla bættur til að ná fram markmiðum laganna og kjarasamningsins. Samningsaðilar telja að með samningnum aukist möguleikar skóla til að haga starfi sínu með breytilegum hætti.

I. hluti

1. grein Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2014 til 31. október 2016 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein Launahækkunarir

Launahækkunarir verða með eftirfarandi hætti:

1. mars 2014:	2,8%	Almenn launahækkun.
	4,0%	Vegna þeirra breytinga er í samningi þessum felast. Sjá meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.
1. ágúst 2014	5,0%	Vegna þeirra breytinga er í samningi þessum felast.
1. janúar 2015	2,0%	Almenn launahækkun.
1. maí 2015	8,0%	Vegna nýs vinnumats.
1. janúar 2016	2,0%	Almenn launahækkun.

3. grein

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014	73.600 kr.
Á árinu 2015	Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2015

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014	39.500 kr.
Á árinu 2015	Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2015
Á árinu 2016	Almenn uppbót ríkisstarfsmanna 2016

4. grein

Brottfall álagsþreps

Launataflan hækkar 1. mars 2014 við það að álagsþrep, samkvæmt bókun 3 með samkomulagi aðila dags. 26. maí 2011, fellur brott. Sjá meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

II. hluti

5. grein

Starfstími skóla

Frá og með gildistöku samnings þessa breytist grein 2.1.5.1 og verður svohljóðandi:

2.1.5.1 Árlegur starfstími

Starfstími framhaldsskóla er ákveðinn með lögum og í reglugerð er fjallar nánar um útfærslu hans.

Verði breytingar á þessum ákvæðum laga og reglugerðar gildir málsmeðferð samkvæmt síðasta hluta 7. greinar þessa kjarasamnings.

Sjá um starfstíma á skólaárinu 2014 – 2015 í bókun 2 með samningi þessum og viðauka við viljayfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðherra 4. apríl 2014.

Nýtt vinnumat

6. grein

Nýtt vinnumat skólaárið 2015- 2016

Frá og með skólaárinu 2015 – 2016 verður tekið upp nýtt vinnumatskerfi í framhaldsskólum. Það kerfi byggir á skiptingu vinnu kennara í þrjá þætti, A, B og C.

Í A þætti eru kennsla og þættir tengdir henni samkvæmt vinnumati. Í B falla þau verkefni sem eru fastur hluti vinnuskyldunnar við annað en kennslu og allir kennarar þurfa að sinna að lágmarki og í C falla verkefni/viðbótarstörf sem kennarar taka að sér í samráði við skólameistara.

Með upptöku nýs vinnumatskerfis samkvæmt þessum kjarasamningi frá 1. ágúst 2015 er horfið frá núgildandi ákvæðum um vinnumat og hafa samningsaðilar því orðið ásáttir um að tekið verði mið af eftirfarandi meginlínnum um skiptingu vinnupátta við nánari útfærslu vinnumatsins:

A. Kennsluþáttur:

Kennsluþátturinn er metinn eftir:

Tegund kennslunnar, nemendahópnum, undirbúningi kennslunnar, umfangi námsmats, námseiningum nemenda og öðru sem veldur því að heildarvinna við ólíka áfanga er mismikil, til dæmis föst tækja- og stofuumsjón.

Persónubundnum þáttum eins og fjölda námsefna sem kennari kennir og mögulega fleiru.

B. Fastur hluti vinnuskyldunnar auk kennsluþáttar:

Í þessum hluta eru þættir sem allir kennarar þurfa að sinna í sama mæli að lágmarki svo sem fundir ýmiss konar (kennarafundir, faghópafundir, skólafundir og fleira), viðtalstímar, almenn upplýsingagjöf, umsjón, faglegt samstarf kennara bæði innan námsgreinar og þvert á greinar, viðhald námskrár, þátttaka í sjálfsmati, símenntun og starfsþróun. Hverjum skóla er heimilt að auka við þennan þátt enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

C. Sérstök verkefni/viðbótarstörf:

Sérstök verkefni/viðbótarstörf sem kennarar taka að sér í samráði við skólameistara. Þetta getur til dæmis verið umsjón með nemendum sem er umfram almennar umsjónarskyldur, fagstjórn og sérstök tækja- og stofuumsjón, umfangsmeiri námskrárvinna en sú sem B felur í sér og ýmis viðbótarstörf (verkefnisstjórn, skólaþróun, námsefnisgerð og fleira). Þessi upptalning er ekki tæmandi.

7. grein

Viðmið um vinnumat kennara

Mat á vinnu kennara vegna námsáfanga er byggt á áfangalýsingu viðkomandi áfanga og er unnið af kennurum og skólastjórnendum. Vinnumat skal byggja á hlutlægum viðmiðum og málefnalegum tilefnum. Eftirfarandi þættir eru metnir eftir því sem við á en fleiri þættir koma einnig til greina.

Umfang

Einingafjöldi áfanga.

Nemendafjöldi*

Nemendafjöldi í námshóp að teknu tilliti til ákvæða um hámarksnemendafjölda í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nú nr. 4/2001, og nemendafjöldaviðmiða í reiknilíkani.

Gerð og samsetning nemendahópsins*

Námsstaða nemenda.

Kennsluhættir*

Tímamagn, form kennslu (til dæmis fjar- og dreifkennsla), námshraði og yfirferð.

Undirbúningur

Upphafsunirbúningur, stöðugur undirbúningur og úrvinnsla. Nýir áfangar, endurhönnun áfanga, þverfagleg kennsla.

Námsmat*

Verkefni, próf, endurgjöf og leiðsagnarmat.

Námsefni

Hvort til er námsefni eða hvort semja þarf það að hluta til eða öllu leyti.

Hæfniprep

Skipun námsáfanga á hæfniprep (1 til 4) getur haft áhrif á vinnu kennara, svo sem undirbúning, samningu verkefna og prófa og úrvinnslu.

**Stjórnumerkir eru þeir þættir þar sem taka þarf tillit til gildandi ákvæða kjarasamnings og aðlaga núgildandi greinar að nýju vinnumati, samanber 12. grein. Sama á við um hliðstæð ákvæði í reglugerðum og auglýsingum mennta- og menningar- málaráðuneytisins.*

Áhrif persónu-/aðstæðubundinna þátta á frávik frá grunnmati áfanga

Fjöldi námsefna, endurteknir áfangar eða önnur sambærileg atriði.

Sívirkt mat

Breytingar á hlutlægum viðmiðum sem eiga við um mat á vinnu kennara vegna námsáfanga skulu hafa áhrif á vinnumat áfangans á hverjum tíma.

Vinnumat áfanga skal vera óbreytt frá upphafi til loka hans nema nemendafjöldi sé við mat, eftir þriðjung tímalengdar áfanga, umfram þau viðmið sem sett hafa verið. Sama gildir um íþyngjandi breytingar samkvæmt öðrum viðmiðum.

Sveigjanlegt mat vegna meginbreytinga

Verði meginbreytingar gerðar á útfærslu skóla á leiðum til námsloka svo sem tímalengd náms eða öðru ytra skipulagi sem hefur áhrif á kennslufyrirkomulag innan skólans skal endurmeta vinnumat áfanga sem tilheyra slíkri breytingu.

Við slíkt endurmat skal meðal annars taka tillit til þess hvort aukið álag fylgi nýju fyrirkomulagi svo sem vegna hraðari yfirferðar námsefnis en í venjulegu skólahaldi eða annars sem áhrif kann að hafa á vinnu kennara.

Slíkt mat verður unnið á sama hátt og almennt vinnumat og ræðst af þeim breytingum sem gera á.

8. grein

Stærðir þátta A, B og C í vinnumati kennara

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Hún dreifist hins vegar með öðrum hætti innan ársins en almennt gerist og er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti.

Þáttur A byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá 1.800 klst. ársvinnuskyldu. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi. Um samspil þessara þátta er nánar fjallað í viðauka 1.

Þáttur B byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara. Í viðauka 1 er sundurliðun á vinnuþætti B.

Þáttur C byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Sá tími sem verkefnunum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

9. grein **Framkvæmdaaðilar vinnumats og umsýsla**

9.1 Verkefnisstjórn

Samhliða undirritun kjarasamnings verður sett á stofn verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum. Hún verði skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum af fjármála- og efnahagsráðuneyti og þremur af Kennarasambandi Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu og rekstur verkefnisstjórnarinnar. Um viðfangsefni verkefnisstjórnar er fjallað nánar í viðauka 2.

9.2 Vinnumatsnefndir

Til að undirbúa og innleiða nýtt vinnumat verði stofnaðar vinnumatsnefndir samkvæmt nánari ákvörðunum verkefnisstjórnar. Hver vinnumatsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur tilnefndum af Kennarasambandi Íslands og tveimur tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Um hlutverk vinnumatsnefnda er fjallað nánar í viðauka 2.

9.3 Úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefndin skal skipuð þremur fulltrúum. Kennarasamband Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti tilnefna sinn hvorn og ríkissáttasemjari einn og skal hann vera formaður og kallar nefndina saman að fengnum tilnefningum aðila. Úrskurðarnefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Við úrlausn vinnumatsdeilu skal úrskurðarnefndin hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar hafa sett fram. Nefndin skal skila úrskurði ekki síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

9.4 Umsýsla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast, í samráði við samningsaðila, umsýslu og fjárreiður verkefnisstjórnar, vinnumatsnefnda og úrskurðarnefndar.

10. grein **Umfjöllun um vinnumat á kennarafundum**

Um nýtt vinnumat samkvæmt kjarasamningi skal fjallað á kennarafundum í framhaldsskólum jafnt á undirbúnings- og kynningarstigi og á meðan vinna við vinnumatið fer fram eftir samþykki í atkvæðagreiðslu. Niðurstöður eða lokagerð vinnumats í hverjum skóla skal kynna og ræða á kennarafundi.

11. grein **Samráð við trúnaðarmenn**

Skólameistarar kynna trúnaðarmönnum Kennarasambands Íslands í hverjum framhaldsskóla stöðu vinnu við vinnumat á meðan á henni stendur sem og lokaniðurstöðu. Skólameistarar eru ábyrgir fyrir því að vinnumat áfanga í skólunum sé aðgengilegt kennurum á hverjum tíma.

12. grein

Aðlögun nógildandi greina að nýju vinnumati

Aðilar munu hefja vinnu við að aðlaga nógildandi greinar kjarasamningsins að nýju vinnumati með það að markmiði að ákvæði þeirra samlagist vinnumatinu. Sérstök áhersla er á ákvæði sem eru í nógildandi samningum og skarast við viðmið um vinnumat kennara í 7. grein þessa samnings. Þessar samningsgreinar snerta sérstaklega gerð og samsetningu nemendahópsins, kennsluhætti og námsmat.

Því til viðbótar mun mennta- og menningarmálaráðuneytið í samráði við Kennarasamband Íslands búa um ákvæði reglugerða og auglýsinga sem varða viðmið um nemendafjölda.

Aðilar telja nauðsynlegt að verkefnisstjórn samanber 9. grein fái niðurstöður vinnuhóps samningsaðila, sem vinna mun að þessu verkefni, eftir því sem verkinu vindur fram og að lokaniðurstöður aðila séu fram komnar í heild ekki síðar en í lok nóvember 2014.

Þær breytingar sem sátt verður um taka gildi með samþykkt vinnumatsins en ella ekki.

13. grein

Atkvæðagreiðsla um vinnumat

Í síðasta lagi fyrir lok febrúar 2015 fari fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands, sem samningur þessi tekur til, um upptöku nýs vinnumats á grundvelli útfærslu kennslupáttar (A-hluta). Þá liggi fyrir útfærsla og sýnidæmi verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda sem kennarar og skólar hafa átt kost á að kynna sér.

Um atkvæðagreiðsluna og áhrif hennar gildir eftirfarandi:

Hún skal vera leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla allra félagsmanna Kennarasambands Íslands sem samningur þessi tekur til. Til að fella tillöguna þarf að minnsta kosti helmingur félagsmanna að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra að hafa greitt atkvæði gegn tillögunni.

Samþykki félagsmenn upptöku vinnumats kennslupáttar (A-hluta), er þar með komið fullnaðarsamþykki á upptöku nýs vinnumats og skólar geta innleitt það.

Felli meirihluti félagsmanna upptöku vinnumats kennslupáttar (A-hluta), er samningurinn laus án frekari fyrirvara. Þá munu greinar 6 – 12 auk þeirra hluta greina 2 og 3 sem ekki eru komnir til framkvæmda í samningi þessum, falla niður og ákvæði eldri kjarasamnings halda gildi sínu að undanskilinni grein 2.1.5.1, samanber 5. grein þessa samnings, þó ekki 2. málsgrein þeirrar greinar.

III. hluti

14. grein

Samningsforsendur

Komi til þess að á árinu 2014 og 2015 verði samið um frekari almennar launahækkanir en í samningi þessum greinir skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Sama gildir um árið 2016 að teknu tilliti til samningslengdar.

Verði samið um aðrar marktækar breytingar skulu aðilar fjalla um það sín á milli hvort og þá með hvaða hætti þær hafi áhrif til breytinga á þessum samningi.

Jafnframt verði, á árinu 2016, áhrif nýs vinnumats á launasamsetningu og launaþróun félagsmanna Kennarasambands Íslands metin sérstaklega.

Sérstök nefnd sem skipuð skal tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis og tveimur fulltrúum Kennarasambands Íslands skal fjalla um þessi atriði í samræmi við erindisbréf sem henni verður sett.

15. grein

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 23. apríl 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 4. apríl 2014

f.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

**Bókanir
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014**

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekkinna framhaldsskóla 15. febrúar 2013 verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

Aðilar eru sammála um að iðgjaldið verði reiknað af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands í ríkisreknum framhaldsskólum og það lagt á sérstakan biðreikning frá og með 1. mars 2014. Framlagið skal millifært, samkvæmt samkomulagi aðila, til Kennarasambands Íslands frá og með 1. ágúst 2014.

Bókun 2

Þrátt fyrir afnám skila milli kennslu- og prófatíma þarf áfram að gæta þess að nægur tími gefist innan dagvinnuársstarfs kennara til þess að sinna námsmati nemenda eins og skylt er samkvæmt lögum.

Viðauki 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn ársvinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu lágmarksorlofi og helgidögum. Ársvinnuskyldunni er deilt upp í sérgreinda vinnuþætti. Þessir vinnuþættir sem verða þættir A, B og C reiknast með eftirfarandi hætti.

Þáttur A byggir á vinnumati þeirra áfanga sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er í grunn 1.440 klst. á ári. Þá hefur fastur hluti í B þætti, 360 klst. verið dreginn frá ársvinnuskyldunni. Taki kennari að sér verkefni eða viðbótarstörf samkvæmt þætti C eða verði almenn aukning í þætti B þá minnkar stundafjöldi í A þætti samsvarandi.

Þáttur B byggir á föstum störfum sem allir kennarar þurfa að sinna til viðbótar við kennsluþáttinn. Stærð B þáttar er að lágmarki 360 klst. á ári. Hverjum skóla um sig er heimilt að auka tímabundið við þennan þátt allt að 40 klst. á ári enda dragi þar með samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu hvers kennara.

Þáttur C byggir á sérstökum verkefnum eða viðbótarstörfum sem kennari tekur að sér í samráði við skólameistara. Tiltekinn tími sem verkefnunum/viðbótarstörfunum er ætlaður dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

Sundurliðun vinnuþáttar B

B miðað við 180 skóladaga	klst.	Skýring
Kaffitímar á starfstíma	105	35 mín/60 mín x 36 vikur x 5 dagar
Símenntun/starfsþróun	80	2 vikur til umráða fyrir kennara
Frágangur og undirbúningur skólaárs/anna	32	8 klst. x 4 dagar við lok og upphaf
Önnur vinna skv. reglugerð þar af áætlað:	143	um það bil 4 klst á viku í 36 vikur
Kennarafundir		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Faglegt samstarf		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Viðtalstímar		u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn upplýsingagjöf skólans		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Almenn umsjónarstörf skólans		u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans
Samtals:	360	Samspil vinnuþátta í vinnumati

Viðbótarorlof 30 til 37 ára er 24 klst. á ári og viðbótarorlof 38 ára og eldri er 48 klst. á ári.

Aldurstengdur afsláttur af kennsluþætti reiknast af A að teknu tilliti til viðbótarorlofs. Hann er 4,17% af A þætti kennara á aldrinum 55 til 59 ára og 20,83% af A þætti kennara 60 ára og eldri.

Viðauki 1 bls. 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Samspil vinnuþátta í vinnumati og sundurliðun vinnutíma

Taflan hér að neðan sýnir samspil vinnuþátta í vinnumati kennara eftir aldri þegar hvorki er um aukningu á B-hluta að ræða né sérstök verkefni eða viðbótarstörf í C-hluta.

Aldur	A án afsláttar en með viðbótarorlofi	Aldursafsl. af A-þætti		A kennsluþáttur	B fastur hluti	C sérstök verkefni	Stundir á ári
< 30 ára	1.440 klst.			1.440 klst.	360 klst.	0 klst.	1.800 klst.
30-37 ára	1.416 klst.			1.416 klst.	360 klst.	0 klst.	1.776 klst.
38-54 ára	1.392 klst.			1.392 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
55-59 ára	1.392 klst.	4,17%	58 klst.	1.334 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.
60 ára +	1.392 klst.	20,83%	290 klst.	1.102 klst.	360 klst.	0 klst.	1.752 klst.

Viðauki 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Undirbúningur og fyrirkomulag vinnumats

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn samkvæmt 9. grein kjarasamnings hefur yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum. Hún er skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum af fjármála- og efnahagsráðuneyti og þremur af Kennarasambandi Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu og rekstur verkefnisstjórnarinnar.

Viðfangsefni verkefnisstjórnar eru sem hér segir:

- Að koma á fót vinnumatsnefndum og skilgreina verksvið þeirra.
- Að halda áfram vinnu við að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins í samstarfi við vinnumatsnefndir.
- Að vinna að sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber 7. grein í kjarasamningi aðila í samstarfi við vinnumatsnefndir.

Verkefnisstjórn skal að öðru leyti ákveða sjálf frekari viðfangsefni og útfærslur.

Meginútfærsla vinnumats skal liggja fyrir eigi síðar en 20. janúar 2015. Verkefnisstjórn gerir þá aðilum grein fyrir henni. Verkefnisstjórnin skal enn fremur leggja mat á framtíðarskipan vinnumatsnefnda í samráði við aðila málsins.

Staða verkefnisstjórnarinnar verður endurmetin af samningsaðilum þegar meginverkefni hennar eru komin í höfn.

Vinnumatsnefndir

Vinnumatsnefndir samkvæmt grein 9.2 í kjarasamningi verða stofnaðar samkvæmt nánari ákvörðunum verkefnisstjórnar. Hver vinnumatsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur tilnefndum af Kennarasambandi Íslands og tveimur tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hver vinnumatsnefnd sinnir ákveðnum fjölda framhaldsskóla.

Hlutverk vinnumatsnefnda er:

Að vinna, í samstarfi við verkefnisstjórn, að skilgreiningum á inntaki og umfangi einstakra hluta vinnumatsins og sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða, samanber grein 9.2 í kjarasamningi.

Að aðstoða skóla við umfjöllun um, prófanir á og innleiðingu nýs vinnumats.

Viðauki 2 bls. 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Að skera úr ágreiningi um vinnumat námsáfanga einstakra skóla sem skotið er formlega til hennar af skólameistara eða kennara til úrskurðar. Niðurstaða vinnumatsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 14 virkum dögum eftir að henni barst erindið að því tilskildu að því hafi fylgt fullnægjandi gögn en ella svo fljótt sem verða má. Náist ekki samkomulag í vinnumatsnefnd um ágreining um vinnumat námsáfanga sem til hennar hefur verið vísað skal hún innan 7 virkra daga frá því að sú niðurstaða liggur fyrir, vísa málinu til úrskurðarnefndar.

Úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefnd samkvæmt 11. grein kjarasamnings skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir skulu tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti og ríkissáttasemjara og skal sá síðastnefndi vera formaður og kallar hann nefndina saman að fengnum tilnefningum aðila. Úrskurðarnefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Við úrlausn vinnumatsdeilu skal úrskurðarnefndin hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar höfðu sett fram. Nefndin skal skila úrskurði ekki síðar en 30 dögum eftir að málinu var vísað til hennar. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

Kostnaður

Kostnaður af starfi verkefnisstjórnar, vinnumatsnefnda og úrskurðarnefndar telst sjálfstæður hluti af kostnaðarmati kjarasamningsins.

Samkomulag
um tiltekin kjör stjórnenda
með kjarasamningi
fjármála-og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Starfspróun stjórnenda

Samkvæmt grein 2.1.7.1. hafa stjórnendur 80 stundir (samanber grein 2.1.6.1) á ári til umráða til endurmenntunar. Stjórnendur skulu eiga rétt á að umbúnaður um starf þeirra sé með þeim hætti að þeir geti nýtt sér þennan tíma. Það gæti verið gert með því að efla hlut dagvinnulauna stjórnenda í heildarlaunum, gera við þá fastlaunasamninga eða skipuleggja ársvinnutíma og nauðsynlegan sveigjanleika og gæta í því skipulagi þess, að stjórnendur fái tækifæri til endurmenntunar. Takist skóla ekki að tryggja stjórnendum umsaminn endurmenntunartíma ber eðli máls samkvæmt að greiða yfirvinnu fyrir þá tíma sem vantar upp á fullar 80 stundir.

Stjórnendur sem starfa áfram við skólann en láta af stjórnunarstörfum

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskólann í að minnsta kosti 8 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 50% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

Stjórnandi sem gegnt hefur stjórnendastarfi í að minnsta kosti 50% starfi skv. lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í að minnsta kosti 4 ár, skal heimilt að ráðstafa allt að 25% fyrri stjórnunarskyldu sinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara til endurmenntunar, aðstoðar við eftirmann og/eða skólaþróunar fyrsta árið eftir að hann lætur af stjórnunarstarfi.

Samkomulag
um tiltekin kjör náms- og starfsráðgjafa
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Umbúnaður um vinnu náms- og starfsráðgjafa

Innihaldslýsingu starfa náms- og starfsráðgjafa er að finna í viðauka 1 með samningi dagsettum 18. mars 2005. Um vinnutíma þeirra fer samkvæmt almennum vinnutímaákvæðum, en ekki sérákvæðum um vinnutíma kennara nema 80 stundum til endurmenntunar sem kveðið er á um í grein 2.1.6.2 og gerðar eru gildandi fyrir þá með bókun 7 í sama samningi.

Bókun 7

Viðauki 3 í síðustu útgáfu kjarasamnings, „Samkomulag um námsráðgjafa“ var undirritað 22. júní 1995 og var kveðið á um að það skyldi endurskoðað í ljósi reynslunnar.

Samkomulagið fjallar m.a. um skiptingu árlegs vinnutíma námsráðgjafa á 10 mánaða tíma auk möguleika á útfærslu m.v. 9 mánaða starfstíma. Aðilar eru sammála um að í tengslum við kerfisbreytingu í maí 2006 taki samningar náms- og starfsráðgjafa og einstakra framhaldsskóla um skiptingu vinnutíma þeirra við af samkomulaginu og það falli úr gildi frá og með upphafi skólaárs 2006-2007. Heimilt er að leita til sáttanefndar sbr. gr. 11.5 verði ágreiningur.

Athuga ber að tími náms- og starfsráðgjafa til endurmenntunar og undirbúnings verður eftir sem áður 80 stundir á ári.

Í ljósi inntaks bókunarinnar leggja samningsaðilar áherslu á að skólar búi um vinnutíma þessara starfsmanna með þeim hætti að gætt sé að öllum þáttum starfs þeirra í vinnutímaramma sem skólar setji sér og náms- og starfsráðgjöfum sínum, samanber og 2. málsgrein 8. greinar laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996: *Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.*

Slíkur rammi um störf og vinnutíma náms- og starfsráðgjafa ætti að taka til dreifingar vinnuþátta þeirra innan ársins. Auk þess ætti slíkur rammi að gera náms- og starfsráðgjöfum auðveldara að halda reiðu á vinnu sinni gagnvart skólanum og gagnkvæmt.

Fylgiskjal 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Launatöflur með samningi þessum

Frá 1. mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	291.140	297.595	304.050	310.506	316.960	323.415	329.867	336.323	342.777
02	304.050	310.827	317.604	324.382	331.158	337.936	344.714	351.492	358.268
03	317.604	324.721	331.838	338.953	346.069	353.185	359.072	364.958	370.845
04	331.838	339.309	346.781	354.252	360.496	366.738	372.979	377.992	383.619
05	346.781	354.627	361.243	367.857	373.245	379.858	385.859	393.705	401.551
06	361.243	368.250	374.029	381.036	387.429	395.666	403.904	412.143	420.380
07	374.029	381.449	388.253	396.902	405.552	414.203	422.852	431.502	440.153
08	388.253	397.335	406.418	415.499	424.581	433.662	442.745	451.826	460.910
09	406.418	415.954	425.489	435.026	444.562	454.098	463.634	473.171	482.707
10	425.489	435.503	445.516	455.529	465.541	475.555	485.568	495.581	505.593
11	445.516	456.029	466.545	477.058	487.572	498.085	508.598	519.112	529.626
12	466.545	477.584	488.624	499.662	510.702	521.742	532.782	543.819	554.859
13	488.624	500.216	511.808	523.398	534.988	546.580	558.171	569.763	581.354
14	511.808	523.978	536.150	548.319	560.491	572.661	584.833	597.003	609.174
15	536.150	548.929	561.707	574.488	587.266	600.046	612.825	625.606	638.387
16	561.707	575.127	588.544	601.963	615.382	628.800	642.219	655.638	669.056
17	588.544	602.634	616.723	630.813	644.902	658.992	673.081	687.169	701.260
18	616.723	631.517	646.310	661.105	675.900	690.693	705.486	720.279	735.074

Frá 1. ágúst 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	305.697	312.475	319.253	326.031	332.808	339.586	346.360	353.139	359.916
02	319.253	326.368	333.484	340.601	347.716	354.833	361.950	369.067	376.181
03	333.484	340.957	348.430	355.901	363.372	370.844	377.026	383.206	389.387
04	348.430	356.274	364.120	371.965	378.521	385.075	391.628	396.892	402.800
05	364.120	372.358	379.305	386.250	391.907	398.851	405.152	413.390	421.629
06	379.305	386.663	392.730	400.088	406.800	415.449	424.099	432.750	441.399
07	392.730	400.521	407.666	416.747	425.830	434.913	443.995	453.077	462.161
08	407.666	417.202	426.739	436.274	445.810	455.345	464.882	474.417	483.956
09	426.739	436.752	446.763	456.777	466.790	476.803	486.816	496.830	506.842
10	446.763	457.278	467.792	478.305	488.818	499.333	509.846	520.360	530.873
11	467.792	478.830	489.872	500.911	511.951	522.989	534.028	545.068	556.107
12	489.872	501.463	513.055	524.645	536.237	547.829	559.421	571.010	582.602
13	513.055	525.227	537.398	549.568	561.737	573.909	586.080	598.251	610.422
14	537.398	550.177	562.958	575.735	588.516	601.294	614.075	626.853	639.633
15	562.958	576.375	589.792	603.212	616.629	630.048	643.466	656.886	670.306
16	589.792	603.883	617.971	632.061	646.151	660.240	674.330	688.420	702.509
17	617.971	632.766	647.559	662.354	677.147	691.942	706.735	721.527	736.323
18	647.559	663.093	678.626	694.160	709.695	725.228	740.760	756.293	771.828

Frá 1. janúar 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	311.811	318.725	325.638	332.552	339.464	346.378	353.287	360.202	367.114
02	325.638	332.895	340.154	347.413	354.670	361.930	369.189	376.448	383.705
03	340.154	347.776	355.399	363.019	370.639	378.261	384.567	390.870	397.175
04	355.399	363.399	371.402	379.404	386.091	392.777	399.461	404.830	410.856
05	371.402	379.805	386.891	393.975	399.745	406.828	413.255	421.658	430.062
06	386.891	394.396	400.585	408.090	414.936	423.758	432.581	441.405	450.227
07	400.585	408.531	415.819	425.082	434.347	443.611	452.875	462.139	471.404
08	415.819	425.546	435.274	444.999	454.726	464.452	474.180	483.905	493.635
09	435.274	445.487	455.698	465.913	476.126	486.339	496.552	506.767	516.979
10	455.698	466.424	477.148	487.871	498.594	509.320	520.043	530.767	541.490
11	477.148	488.407	499.669	510.929	522.190	533.449	544.709	555.969	567.229
12	499.669	511.492	523.316	535.138	546.962	558.786	570.609	582.430	594.254
13	523.316	535.732	548.146	560.559	572.972	585.387	597.802	610.216	622.630
14	548.146	561.181	574.217	587.250	600.286	613.320	626.357	639.390	652.426
15	574.217	587.903	601.588	615.276	628.962	642.649	656.335	670.024	683.712
16	601.588	615.961	630.330	644.702	659.074	673.445	687.817	702.188	716.559
17	630.330	645.421	660.510	675.601	690.690	705.781	720.870	735.958	751.049
18	660.510	676.355	692.199	708.043	723.889	739.733	755.575	771.419	787.265

Fylgiskjal 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Sameiginleg yfirlýsing
fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra
um ráðstafanir vegna rekstrarvanda framhaldsskóla
í tengslum við gerð kjarasamnings framhaldsskólakennara og ríkisins

Á fundi sínum þann 14. mars sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um ráðstafanir vegna rekstrarvanda framhaldsskóla. Í framhaldinu hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið óskað eftir að 400 m.kr. nýtt fjárframlag verði veitt til framhaldsskóla þegar á árinu 2014 og fast framlag á árinu 2015.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur undanfarna mánuði unnið að stefnu í málefnum framhaldsskóla sem miðar að því að bæta námsframvindu og auka skilvirkni í framhaldsskólakerfinu. Þessar aðgerðir munu til lengri tíma litið skila sér í bættri afkomu framhaldsskóla. Engu að síður er nauðsynlegt að þegar verði brugðist við þeim bráðavanda sem nú blasir við í rekstri skólanna.

Eins og fram kemur í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla þá voru 16 af 28 opinberum framhaldsskólum reknir með halla á árinu 2013. Ríkisendurskoðun bendir á að vegna þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á að framhaldsskólar komi til móts við fólk sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði hefur ekki verið dregið úr umfangi skólastarfsins til samræmis við minnkandi fjárveitingar. Ríkisendurskoðun hefur beint þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðuneytis að brugðist verði tafarlaust við bágrri rekstrarstöðu framhaldsskólanna og að stuðlað verði með skýrri stefnu og forgangsröðun að auknu samræmi milli fjárveitinga og þeirrar þjónustu sem skólar eiga að veita.

Í frumvarpi til fjárlaga 2014 var vakin athygli á að framhaldsskólastigið hafi mátt þola samdrátt í framlögum eins og aðrir málaflokkar ríkisins. Á sama tíma hefur ekki verið gert ráð fyrir að það dragi mikið úr umsvifum skólakerfisins. Þrátt fyrir mikið aðhald var samanlögð rekstrarafkoma framhaldsskóla á árinu 2013 neikvæð um 100 m.kr. Brottfall tímabundinna fjárframlaga auk annarra veikleika í rekstri mun samkvæmt veikleikamati leiða til allt að 400 m.kr. halla á þessu ári. Að óbreyttum forsendum mun þessi halli vaxa á næstu árum.

Bág rekstrarstaða framhaldsskóla undanfarin ár hefur að mati kennara bitnað verulega á framkvæmd kjarasamnings. Þess vegna hafa framhaldsskólakennarar lagt á það áherslu í þeim kjaraviðræðum sem nú standa yfir að fundin verði lausn á rekstrarvanda skóla. Með því að brugðist verði við bráðavanda framhaldsskólans með auknum framlögum og frekari forgangsröðun má bæta forsendur framhaldsskólanna til að koma til móts við þessi sjónarmið kennara. Til lengri tíma þarf að bregðast við vanda framhaldsskólans með fjölbættum aðgerðum sem m.a. skapa forsendur fyrir bættum kjörum í skólum.

Í ljósi þessa munu fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

- a. Brugðist verði við bráðavanda í rekstri framhaldsskóla til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra með auknum fjárheimildum þegar á árinu 2014.
- b. Í undirbúningi lokafjárlaga 2013 verði staða framhaldsskóla með mikinn uppsafnaðan rekstrarvanda skoðuð með það fyrir augum að skapa raunhæfar rekstrarforsendur.

- c. Tryggðar verða fjárveitingar til að efna boðaðar breytingar á starfi framhaldsskóla, sem m.a felast í auknum sveigjanleika í skipulagi náms.
- d. Í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar verði áfram unnið að því að styrkja rekstrargrunn framhaldsskóla og auka samræmi milli fjárveitinga og þeirra þjónustu sem skólarnir eiga að veita.

Samhliða þessum aðgerðum verður unnið að bættum árangri og kerfisbreytingum í starfi framhaldsskóla til lengri tíma. Enn fremur verður unnið að bættri forgangsriðun og stýringu í þjónustu framhaldsskólans og hugað að öðrum aðgerðum til að auka fjölbreytni.

Fylgiskjal 3
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og
Kennarasambands Íslands
dags. 4. apríl 2014

Yfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra

Í tengslum við kjarasamning
fjármála- og efnahagsráðherra og
Kennarasambands Íslands
4. apríl 2014

Mennta- og menningarmálaráðherra mun á gildistíma kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og KÍ/framhaldsskólakennara, sem undirritaður er í dag, innleiða aðalnámskrá framhaldsskóla, m.a. með því að:

- endurskipuleggja formlegan námstíma í samræmi við núgildandi aðalnámskrá og aðgangsviðmið háskóla. Miðað er við að þessar breytingar hefjist í skrefum haustið 2015.
- efla menntun og starfsþróun kennara með framlögum í sjóð til endurmenntunar framhaldsskólakennara og fjölgun námsorlofa.
- styðja markvisst við útfærslu nýs skipulags vinnutíma og mats á vinnu kennara.
- færa reiknilíkan framhaldsskóla í nýtt horf með áherslu á að grunnbreytur endurspegli launakostnað sem réttast á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að endurskoðun reiknilíkans verði lokið á fyrri hluta ársins 2015.
- endurskoða reglugerð 6/2001 og auglýsingu 4/2001 til samræmis og stuðnings við breytingarnar.
- miðað er við að frá og með skólaárinu 2014-2015 verði leitað samþykkis viðkomandi kennara ef nemendur í námshópum eru meira en fimmtungi fleiri en núverandi viðmið reiknilíkans fela í sér.

Reykjavík, 4. apríl 2014

Skýrsla verkefnisstjórnar 2015

Skýrsla verkefnisstjórnar
um undirbúning nýs vinnumats
fyrir framhaldsskólakennara

Framsetning sýnidæma og reikniverks með skýringum

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara

Febrúar 2015

Efnisyfirlit

Um gerð vinnumats	88
Grunnur vinnumats og framkvæmd	88
Starf verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda	88
Hlutverk verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda við innleiðingu vinnumats	88
Reikniverk og sýnidæmi	89
Um útfærslu 7. greinar kjarasamnings í reikniverki og vinnumati	89
Um sýnidæmi	91
Tilgangur og gildi sýnidæma	91
Ýmsir vinnubættir	92
Skýringar við reiti í sýnidæmum	92
Sýnidæmi með skýringum	93
Áfangar almennrar brautar með 15 nemenda viðmið	94
Erlend tungumál	94
Félagsgreinar	95
Hægferðaráfangar	95
Íslenska	96
Íbróttir	96
Listgreinar	97
Starfsbrautaráfangar	98
Starfsnámsgreinar	99
Stærðfræði og raungreinar	100
Lokaorð	101

Um gerð vinnumats

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara starfar samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og hefur yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Kennarasambands Íslands frá 4. apríl 2014. Í henni eiga sæti þrír fulltrúar Kennarasambands Íslands, tveir fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og einn fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þeir eru: Ársæll Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Elna Katrín Jónsdóttir, Reynir Þór Eggertsson og Stefán Andrússon, Kennarasambandi Íslands, og Guðmundur H. Guðmundsson, fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Grunnur vinnumats og framkvæmd

Vinnumatið tekur til útfærslu kennsluþáttar kennarastarfsins eða A-hluta, en vinnuþættir B og C eru samkvæmt skilgreiningu kjarasamningsins. Samkvæmt 7. grein hans skal mat á vinnu kennara vegna námsáfanga byggjast á áfangaþýsingu viðkomandi áfanga og vera unnið af kennurum og skólastjórnendum. Vinnumat skal byggja á hlutlægum viðmiðum og málefnalegum tilefnum sem tilgreind eru í 7. grein. Samkomulag er um að nota sérstakt reikniverk til að setja fram vinnu kennara í A-hluta.

Fyrir hvern áfanga skal sundurliða vinnumat í þrjá meginþætti, undirbúning, kennslu og námsmat.

Undirbúningur skal tilgreina í klukkustundum;

- í upphafsundirbúning, svo sem vegna námsáætlunar og skipulags
- í stöðugan undirbúning og úrvinnslu kennslu.

Kennslutíma skal telja saman í klukkustundum samkvæmt skipulagi áfanga.

Námsmatstíma skal sundurliða:

- í tíma vegna gerðar verkefna og prófa og annars sem telst óháð nemendafjölda
- í tíma vegna hvers nemanda.

Þessi sundurliðun er skýrandi en ekki tæmandi.

Starf verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda

Verkefnisstjórn hefur í samræmi við hlutverk sitt unnið að nánari skilgreiningu á inntaki og umfangi einstakra hluta vinnumatsins í samstarfi við vinnumatsnefndir, auk þess sem fundir hafa verið haldnir í skólum með kennurum og skólastjórnendum.

Vinnumatsnefndirnar eru fimm og starfa eftir faggreinum og sviðum. Þær hafa safnað sýnishornum af vinnumati kennara í sínum greinum og unnið drög að sýnidæmum. Verkefnisstjórn hefur byggt á þeirri vinnu við lokagerð sýnidæma sem hér birtist og lögð er fram í tengslum við atkvæðagreiðslu um nýtt vinnumat.

Hlutverk verkefnisstjórnar og vinnumatsnefnda við innleiðingu vinnumats

Verkefnisstjórn og vinnumatsnefndir hafa áframhaldandi leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverk um málefni vinnumats að fengnu samþykki í atkvæðagreiðslu í samræmi við ákvæði kjarasamnings aðila. Vinnumatsnefndirnar fá þá að auki það hlutverk að úrskurða um ágreiningsmál sem rísa kunna vegna vinnumats einstakra námsáfanga.

Reikniverk og sýnidæmi

Verkefnisstjórn lét hanna reikniverk til notkunar við framkvæmd viðmiða 7. greinar kjarasamningsins. Samningsaðilar eru sammála um að þetta reikniverk sé í fullu samræmi við ákvæði greinarinnar og endurspegli efni kjarasamningsins. Þeir telja reikniverkið mikilvægt tæki við innleiðingu og framkvæmd nýs vinnumats.

Í sýnidæmum verkefnisstjórnar sem hér fara á eftir er lögð áhersla á þá meginþætti sem einkenna almennt kennslu námsáfanga. Þau taka ekki til allra atriða sem færa má inn í reikniverkið samkvæmt 7. grein. Sýnidæmin gera það þó mögulegt að bera saman nýtt mat á vinnu kennara við núgildandi mat í tengslum við atkvæðagreiðslu um nýtt vinnumat. Líta má á sýnidæmin sem leiðbeinandi við framkvæmd vinnumats í einstökum framhaldsskólum verði nýtt vinnumat innleitt.

Um útfærslu 7. greinar kjarasamnings í reikniverki og vinnumati

Í þeim hluta 7. greinar sem fjallar um sívirkt mat kemur fram að nemendafjöldi í hópum skuli endurskoðaður eftir þriðjung tímalengdar áfanga. Samningsaðilar hafa komið sér saman um breytingu (samanber 2. grein í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi vegna nýs vinnumats) á þessu ákvæði og reikna skuli endanlegt vinnumat áfanga út frá nemendafjölda í hópi eftir þrjár vikur í kennslu á önn (hlutfallslega ef kennt er í styttri tímabilum).

Lækki heildarvinnumat kennara við endanlegan útreikning á nemendafjölda þannig að vinnan fari niður fyrir stöðuhlutfall hans mun það ekki skerðast né má þá krefja hann um sérstaka vinnu af þeirri ástæðu til uppfyllingar vinnuskyldu (samanber 2. grein í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi vegna vinnumats). Yfirvinna gæti á hinn bóginn lækkað, samkvæmt almennum ákvæðum.

Nemendaviðmið í vinnumatsútreikningum eru samkvæmt 3. grein í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi vegna vinnumats, með vísan í auglýsingu nr. 4/2001 með viðbættum breytingum:

Tegund áfanga	Nem.fjöldi skv. reiknilíkani	Lágmarksviðmið	Hámarksviðmið
Verklegir áfangar	12	8	14
Fagbóklegir áfangar, listgreinaáfangar, áfangar alm. brautar	15	10	18
Tölvuáfangar	18	12	22
Raungreinaáfangar	22	15	26
Bóklegir áfangar, íþróttáfangar	25	17	30

Samningsaðilar hafa að auki orðið ásáttir um eftirfarandi álag vegna nemenda umfram hámarksviðmið í hópum:

- Nemendur umfram hámarksviðmið teljast með tvöfalt vægi, þ.e.a.s. summa vinnuþáttanna *Námsmat, yfirferð prófa og verkefna, Frágangur námsmats, yfirferð lokaprófs* og *Önnur vinna vegna hvers nemanda* reiknast tvöfalt fyrir hvern nemanda umfram hámark.

- Að auki reiknast 20% álag á sömu vinnuþætti vegna 29. og 30. nemanda í áföngum með 25 nemenda viðmið samkvæmt reiknilíkani.

Samningsaðilar hafa komið sér saman um áhrif kennslu fleiri en eins námshóps á vinnumat áfanga á sömu önn (samanber 4. grein í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi vegna vinnumats). Ef kennari tekur að sér tvo hópa eða fleiri í sama áfanga skerðist vinnumatið fyrir umframhópa um 8% skólaárið 2015-2016 og 10% skólaárið 2016-2017, samkvæmt eftirfarandi reglum (tölurnar í svigunum vísa til síðara skólaársins):

- Heildarfjöldi nemenda í öllum hópum kennarans í áfanganum skal lagður til grundvallar.
- Mat á áfanganum skal miðast við meðaltalsfjölda nemenda beggja/allra hópa kennarans í áfanganum.
- Skerðingin reiknast:
 - 4% (5%) af báðum hópum ef þeir eru tveir
 - 5,33% (6,67%) af öllum hópum ef þeir eru þrír
 - 6% (7,5%) af öllum hópum ef þeir eru fjórir, o.s.frv.

Ofangreind skerðing hefur ekki áhrif á álag vegna yfirstærðar einstakra námshópa í áfanga.

Um sýnidæmi

Hér á eftir fara sýnidæmi þar sem eitt, tvö eða fleiri dæmi eru sett fram sem sýnishorn af mögulegu mati einstakra námsgreina eða greinaflokka. Þannig verður ekki til sérstakt mat fyrir alla áfanga í sömu grein heldur eitt mat sem felur í sér megindrætti vinnumats fyrir námsgrein eða greinaflokk.

Grunnstærðir vinnumatsins eru fjöldi kennslustunda og nemendafjöldi. Eðli kennslugreina hefur einnig áhrif á umfang vinnuþátta auk stundafjölda sem ræðst af sérstökum verkum. Í sýnidæmunum eru kenndar stundir bundnar í samræmi við gamla kerfið, þ.e. fyrir hverja einingu á að kenna tvær kennslustundir. Í nýju einingakerfi rofnar þetta samhengi.

Í sýnidæmunum birtast aðferðir við vinnumat sem geta lagað sig að breytingum. Einstakar stærðir í sýnidæmunum áfanga eru ekki settar fram sem bindandi stærðir til framtíðar heldur frekar sem endurspeglun núgildandi kerfis. Sama aðferð er notuð við gerð allra sýnidæma óháð greinum og sviðum, en útkoman er misjöfn og ekki endilega jöfn núverandi mati á kennslu.

Sýnidæmi vinnumatsnefnda voru unnin upp úr gögnum frá kennurum. Þau sýndu mikla breidd í mati kennara á vinnu sinni. Það á bæði við um mat einstaklinga á vinnu við kennslu sömu eða sambærilegra námsáfanga eða -greina og mun á milli greinaflokka og sviða. Mikillar sundurleitni gætti í matinu og erfitt var að greina afgerandi línur, jafnvel um meginþætti kennslunnar.

Þessi sundurleitni ásamt fjárhagslegri umgjörð hafði töluverð áhrif á vinnuna og leiddi meðal annars til þess að ákveðnar stærðir í lokagerð sýnidæma verkefnisstjórnar eru settar fram með sama sniði í jafnstórum áföngum óháð námsgreinum. Engu að síður gefa vísbendingar í gögnum tilefni til þess að meta vinnu við ákveðna vinnumatþætti á ólíkan hátt eftir námsgreinum og -greinaflokkum, og endurspeglast það að einhverju leyti í sýnidæmunum sem hér birtast.

Nýtt vinnumat felur í sér mikla breytingu frá gildandi aðferðum við mat á vinnu kennara. Vinna kennara við kennslu er greind nánar í einstaka þætti en áður og nemendafjöldi verður grunnstærð í vinnumati. Hér er verið að fást við A-hluta vinnutíma kennara samkvæmt kjarasamningi sem á köflum getur skarast við þætti í B-hluta.

Tilgangur og gildi sýnidæma

Sýnidæmi þjóna þeim tilgangi að aðstoða kennara og skólastjórnendur við að taka afstöðu til upptöku nýs vinnumats í atkvæðagreiðslu. Þau gefa hugmynd um umfang og skiptingu vinnu kennara á einstaka þætti við kennslu áfanga mismunandi greina og greinaflokka. Sýnidæmin verða grundvöllurinn að gerð og innleiðingu vinnumats í hverjum framhaldsskóla. Þau eru ætluð til viðmiðunar en eru ekki bindandi fyrir útfærslu á vinnumati allra þeirra áfanga sem tilheyra þeim greinum og greinaflokkum sem sýnidæmin vísa til. Sú fjárhagslega umgjörð sem vinnumatinu er búin takmarkar þó mikil frávik frá sýnidæmunum.

Verkefnisstjórnin tók ekki eftirfarandi atriði í 7. grein kjarasamningsins til umfjöllunar í sýnidæmunum: Námsstöðu nemenda, mismunandi form kennslu (t.d. fjar- og dreifkennsla), hönnun nýrra áfanga, endurhönnun áfanga, þverfaglega kennslu og skort á námsefni.

Ýmsir vinnupættir

Verkefnisstjórn telur æskilegt að vinnumat sé hlutlaust gagnvart námsmatsaðferðum. Því er mælt með að heildartími í vinnupáttunum *Verkefnis og prófagerð á kennslutíma* og *Prófagerð og framkvæmd lokaprófs* sé hinn sami í sambærilegum áföngum óháð því hvaða matsaðferðum er beitt.

Á sama hátt skal í sýnidæmunum skoða vinnupættina *Námsmat, yfirferð prófa og verkefna* og *Frágangur námsmats, yfirferð lokaprófs* í samhengi, þ.e. að samtala þessara reita sé sú sama óháð námsmatsfyrirkomulagi.

Verkefnisstjórn telur vafasamt að leggja almennar línur um vinnupáttinn *Önnur vinna vegna hvers nemanda* í sýnidæmunum og að skólar verði að meta hann eftir því sem við á. Undantekningar frá þessu er þó að finna í sýnidæmunum um kennslu á starfsbrautum og fyrir áfanga á almennri braut með 15 nemenda viðmið, t.d. ÍSL193.

Þær tölur sem settar eru fram í sýnidæmunum undir vinnupættinum *Önnur vinna óháð nemendafjölda* eru mismunandi eftir áföngum og námsgreinum. Hér er um viðmiðunarstærðir að ræða.

Skýringar við reiti í sýnidæmunum

Texti og skýringar	
Umfang áfanga samkvæmt nügildandi einingakerfi	ein.
Klukkustundir á önn í kennslu. Í sýnidæmunum er miðað við 15 vikur	klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín. kennslustundir)	mín.
<i>Hér er gerð verkefna og skyndiprófa undanskilin. Á hverri kennsluviku reiknast undirbúningstíminn sinnum kennslustundafjöldinn á viku og heildarfjöldinn miðað við fjölda kennsluvikna á önn..</i>	
Námsáætlun / skipulag	klst.
<i>Vinna við gerð námsáætlunar, almennt skipulag og framsetning á námsvef.</i>	
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	klst.
<i>Hér er um að ræða heildartíma á önn vegna vinnu við gerð verkefna og prófa sem lögð eru fyrir á kennslutíma.</i>	
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	klst.
<i>Hér er um að ræða samningu lokaprófs og sjúkraprófs ef lokapróf er haldið, auk viðvera í eigin prófum.</i>	
Önnur vinna óháð nemendafjölda	klst.
<i>Vinna vegna stofuuppsetningar, tækjavörslu, efnisöflunar eða skyldra atriða. Aðrar ástæður gætu t.d. verið vegna sérstakra námeðfiskrafna í áfanga.</i>	
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:	
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	mín./nem.
<i>Hér er tilgreind vinna við að meta nám hvers nemanda og vinna við yfirferð prófa og verkefna sem nemendur skila á kennslutíma.</i>	
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	mín./nem.
<i>Draga saman og skrá námsmat. Fara yfir lokapróf.</i>	
Önnur vinna vegna hvers nemanda	mín./nem.
<i>Sérstakar kröfur vegna sérstöðu nemenda t.d. vegna námsáætlana eða tengslanets.</i>	
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda	klst./önn
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani	klst./önn
Samtals klst. m.v. hámarksfjölda	klst./önn
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi (á eingöngu við þar sem nem.viðmið er 25)	klst./önn
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	klst./önn

Í sýnidæmum er algengast að miðað sé við þriggja eininga áfanga í gamla einingakerfinu. (Undantekningar eru merktar með gulu). Vinnumat minni eða stærri áfanga taki mið af þessu.

Í bóknámsgreinum eru yfirleitt gefin dæmi um námsáfanga á neðra og efra stigi. Með neðra stigi er átt við áfanga á 1.-2. þrepi og með efra stigi átt við áfanga á 2.-3. þrepi.

Áætlaður tími kennara í vinnu við námsáætlun og skipulag þriggja eininga áfanga er 6 klst.

Undirbúningstími fyrir hverja kennslustund er áætlaður 20 mínútur, en séu vikulegar kennslustundir fleiri en námseiningar segja til um (hægferð og áfangar almennrar brautar með 15 nemenda viðmið) er gert ráð fyrir að undirbúningstími fyrir hverja kennslustund verði 15 mínútur.

Tími í gerð og framkvæmd loka- og sjúkraprófa í áföngum þar sem lokapróf er haldið er áætlaður 12 klst. Verkefni- og prófagerð á kennslutíma er áætluð 20–22 klst. Þó er samtala þessara tveggja liða jöfn í sambærilegum áföngum óháð námsmatsaðferðum. Hér er vísað til sýnidæma um þriggja eininga áfanga.

Tími í námsmat, yfirferð prófa og verkefna og frágang og yfirferð lokaprófs hvers nemanda er áætlaður heldur meiri í efri áföngum en þeim neðri.

Sýnidæmi með skýringum

Sýnidæmi eru hér birt í stafrófsröð, sem hér segir:

- Áfangar almennrar brautar með 15 nemenda viðmið
- Erlend tungumál
- Félagsgreinar
- Hægferðaráfangar
- Íslenska
- Íþróttir
- Listgreinar
- Starfsbrautaráfangar
- Starfsnámsgreinar
- Stærðfræði og raungreinar

Áfangar almennrar brautar með 15 nemenda viðmið

	Nem.fj. 10/18
	Alm. braut
Staðin kennsla	60 klst.
Einingar	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	15 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	15,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:	
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	90 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	60 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (10 nemar)	155,2 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (15 nemar)	171,0 klst.
Samtals klst. m.v. 18 nemendur	180,5 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	6,3 klst.

Í þessum áföngum almennrar brautar er gert ráð fyrir að farið sé hægar yfir námsefni og því er undirbúningstími fyrir hverja kennslustund 15 mínútur. Á móti er vinna vegna hvers nemanda metin 60 mín. á önn og önnur vinna óháð nemendafjölda 15 klst.

Erlend tungumál

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	Ens./Dan neðri	Ens./Dan efri	Þriðja mál
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.	8,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	4,0 klst.	4,0 klst.	4,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:			
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	120 mín./ nem.	110 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	162,5 klst.	167,3 klst.	162,5 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	182,5 klst.	188,7 klst.	182,5 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	190,0 klst.	196,7 klst.	190,0 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	3,0 klst.	3,2 klst.	3,0 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.	5,3 klst.	5,0 klst.

Félagsgreinar

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	Fél. neðri	Fél. mið/efri
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	4,0 klst.	4,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	162,5 klst.	167,3 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	182,5 klst.	188,7 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	190,0 klst.	196,7 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	3,0 klst.	3,2 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.	5,3 klst.

Hægferðaráfangar

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	ISL hægferð	STÆ hægferð	DAN/ENS hægferð
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.	60 klst.
Einingar	2 ein.	2 ein.	2 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	15 mín.	15 mín.	15 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	8,0 klst.	8,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	3,0 klst.	0,0 klst.	3,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:			
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	110 mín./ nem.	110 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	154,0 klst.	151,0 klst.	154,0 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	174,0 klst.	171,0 klst.	174,0 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	181,5 klst.	178,5 klst.	181,5 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	3,0 klst.	3,0 klst.	3,0 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.	5,0 klst.	5,0 klst.

Gert er ráð fyrir að í hægferðaráföngum (vikulegar stundir fleiri en námseiningar hafa sagt til um) sé farið hægar yfir námsefni og því er undirbúningstími fyrir hverja kennslustund 15 mínútur.

Íslenska

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	Ísl. neðri	Ísl. efri
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.
Verkefni- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	5,0 klst.	7,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	120 mín./ nem.	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	166,3 klst.	170,3 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	187,7 klst.	191,7 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	195,7 klst.	199,7 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	3,2 klst.	3,2 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,3 klst.	5,3 klst.

Íþróttir

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	Íþr. grunnur	Íþr. fræði
Staðin kennsla	20 klst.	60 klst.
Einingar	1 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	2,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.
Verkefni- og prófagerð á kennslutíma	4,0 klst.	8,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	0,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	2,0 klst.	0,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	30 mín./ nem.	90 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	20 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	52,2 klst.	152,8 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	58,8 klst.	170,2 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	61,3 klst.	176,7 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	1,0 klst.	2,6 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	1,7 klst.	4,3 klst.

Sýnidæmi fyrir verklegar íþróttir gerir ráð fyrir að almennt sé um 100% símat að ræða. Sé lokapróf þarf að aðlaga tölurnar þeim veruleika.

Listgreinar

	Nem.fj. 10/18
	Listgreinar
Staðin kennsla	60 klst.
Einingar	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	20,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	0,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	18,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:	
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (10 nemar)	159,0 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (15 nemar)	171,5 klst.
Samtals klst. m.v. 18 nemendur	179,0 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.

Sýnidæmi fyrir listgreinar gerir ráð fyrir að almennt sé um 100% símat að ræða í þessum greinum. Sé lokapróf þarf að aðlaga tölurnar þeim veruleika.

Starfsbrautaráfangar

	Nem. fj. 1/6
	Starfsbraut
Staðin kennsla	20 klst.
Einingar	1 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	4,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	7,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	0,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	18,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:	
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	0 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	25 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	40 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. 1 nemanda	60,1 klst.
Samtals klst. m.v. 6 nemendur	65,5 klst.
Samtals klst. m.v. 8 nemendur *	67,7 klst.

* Nemendur umfram 8 telja ekki til hækkunar

Kennsla á starfsbrautum í framhaldsskólum landsins er einkar fjölbreytt, bæði dag frá degi, önn til annar og frá einum skóla til annars. Frumforsendur vinnunnar á starfsbrautum tengjast fjórum greiningarflokkum vegna fötlunar nemenda. Að auki miðast álagsgreiðslur í kjarasamningi við hópastærðir sem ekki eru í samræmi við greiningarflokkana. Nemendum er oft kennt í hópum þvert á greiningarflokkana, og vegna alls þessa hafa margir skólar valið þá leið að greiða alltaf hæsta álagið.

Nýtt vinnumat á kennsluhluta framhaldsskólakennara á að ná til allrar kennslu í framhaldsskólum og því rétt að kennsla á starfsbrautum sé metin með sömu aðferðum og önnur kennsla. Við þetta fellur bókun 9 um viðhald sérkennsluálags brott (samanber 5. grein í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi vegna vinnumats). Verkefnisstjórn hefur ákveðið að birta eitt sýnidæmi um einnar einingar starfsbrautaráfanga sem tekur tillit til þessarar breytingar.

Áætlaður tími kennara í grunnvinnu við kennsluáætlun og skipulag einnar einingar áfanga á starfsbrautum er 4 klst. Þar við bætist vinna við einstaklingsáætlanir sem er áætluð 40 mín. á nemanda (sjá *Önnur vinna vegna hvers nemanda*). Önnur tilfallandi störf heyra undir *Önnur vinna óháð nemendafjölda*.

Sýnidæmi fyrir starfsbrautir gerir ráð fyrir að almennt sé um 100% símat að ræða.

Starfsnámsgreinar

	Nem.fj. 8/14	Nem.fj. 10/18
	Verklegt	Fagbóklegt
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.
Verkefni- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	30,0 klst.	12,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	95 mín./ nem.	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (8/10 nemar)	164,0 klst.	156,7 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (12/15 nemar)	173,0 klst.	170,0 klst.
Samtals klst. m.v. 14/18 nemendur	177,5 klst.	178,0 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	4,5 klst.	5,3 klst.

Hér er gert ráð fyrir að allir nemendur taki lokapróf á sama tíma. Sé um verkleg einstaklingspróf að ræða fer sá tími í reitinn *Frágangur námsmats, yfirferð lokaprófs*.

Stærðfræði og raungreinar

	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30	Nem.fj. 17/30
	STÆ neðri	STÆ efri	Jarðfræði
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein	3 ein
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	8,0 klst.	8,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	0,0 klst.	0,0 klst.	0,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:			
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	120 mín./ nem.	110 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (17 nemar)	158,5 klst.	161,3 klst.	158,5 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (25 nemar)	178,5 klst.	182,7 klst.	178,5 klst.
Samtals klst. m.v. 28 nemendur	186,0 klst.	190,7 klst.	186,0 klst.
Nemendur nr. 29 og 30 telja hvor um sig m. 20% álagi	3,0 klst.	3,2 klst.	3,0 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.	5,3 klst.	5,0 klst.

	Nem.fj. 15-26	Nem.fj. 15-26
	Raungr. neðri	Raungr. efri
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	0,0 klst.	0,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (15 nemar)	153,5 klst.	158,0 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (22 nemar)	171,0 klst.	176,7 klst.
Samtals klst. m.v. 26 nemendur	181,0 klst.	187,3 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100% álagi telur	5,0 klst.	5,3 klst.

Sýnidæmin sýna ekki skiptitíma vegna verklegrar raungreinakennslu. Sé um slíkt að ræða þarf að bæta þessum aukakennslustundum við í reitinn *Staðin kennsla* og þær taka þá með sér undirbúning eins og aðrar kennslustundir. Í reikniverkinu þarf þó að gæta að því að þessi kennslustundafjöldun skekkir útreikning á framhaldsskólæiningum.

Lokaorð

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara hefur með þessari skýrslu lagt fram tillögur sínar um hvernig mat á vinnu kennara líti út í nýju vinnumatskerfi. Með skýrslunni leggur verkefnisstjórn fram afrakstur vinnu sinnar og vinnumatsnefnda. Þessum aðilum var með kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra falið að vinna að gerð sýnidæma um nýtt mat á vinnu kennara á grundvelli 7. greinar kjarasamningsins sem fjallar um hlutlæg viðmið og málefnaleg tilefni er varða vinnumatið.

Hér er um að ræða mikla breytingu á fyrirkomulagi mats á vinnu kennara og aðferðin sem ákveðið var að nota gerir miklar kröfur til allra sem málið varðar. Þannig eru í raun allir kennarar og skólastjórnendur í framhaldsskólum þátttakendur í þessu ferli.

Víðtæk gagnasöfnun um mat kennara á vinnu sinni við einstaka námsáfanga fór fram og varpa niðurstöður hennar nokkru ljósi á það hversu flókið viðfangsefnið er. Sýnidæmagerð vinnumatsnefnda var afrakstur samvinnu við fjölda kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum. Verkefnisstjórn byggði vinnu sína við lokagerð sýnidæma á þessum grunni. Engu að síður tekur verkefnisstjórn fulla ábyrgð á efni skýrslu þessarar og framsetningu og innihaldi sýnidæmanna.

Verkefnisstjórn þakkar kennurum, skólastjórnendum og öllum fulltrúum í vinnumatsnefndum samstarfið í vetur og óskar þeim velfarnaðar á þeirri vegferð sem framundan er í nýju og breyttu umhverfi.

Reykjavík, 4. febrúar 2015

Ársæll Guðmundsson

Elna Katrín Jónsdóttir

Guðmundur H. Guðmundsson

Ólafur Sigurðsson

Reynir Þór Eggertsson

Stefán Andrésson

Viðauki við skýrslu verkefnisstjórnar 2015

Viðauki við skýrslu verkefnisstjórnar um vinnumat framhaldsskólakennara frá 4. febrúar 2015

Verkefnisstjórn tók til starfa að nýju 12. mars 2015 að beiðni samningsaðila. Viðfangsefni hennar var að taka til umfjöllunar og meta ákveðna þætti í vinnumatinu. Niðurstöður þeirrar vinnu fara hér á eftir og ber að skoða þær sem viðbót við skýrslu verkefnisstjórnar.

1. Aðgerð 174,5 lágmark (endurtekningar eru hlutfall og fylgja með)

Vinnumat á þriggja eininga áfanga (6 kest. á viku í eina önn) í viðmiðunarstærð (12, 15, 18, 22, 25 nemendur) sé aldrei lægra en 174,5 klst. (lágmark/gólf). Í áföngum með annan kennslustundafjölda (einingafjölda) gildir lágmarksstundafjöldi fyrir námshóp í viðmiðunarstærð hlutfallslega. Þetta snertir vinnumat eftirfarandi greina og greinasviða:

- Áfanga almennrar brautar
- Hægferðaráfanga
- Íþróttافرæði
- Listgreinar
- Starfsnámsáfanga

2. Staða/gildi sýnidæma

Vinnumat samkvæmt sýnidæmum er lágmarksamat að óbreyttum áföngum. Flest sýnidæmi eru miðuð við núverandi form á þriggja eininga áföngum. Vinnumatið gildir hlutfallslega í áföngum af annarri stærð.

3. Um efra og neðra þrep

Ef um er að ræða námsáfanga á 3. þrepi þar sem efra þrep er ekki tiltekið í sýnidæmum telur verkefnisstjórn eðlilegt að sömu meginsjónarmið gildi og í þeim greinum þar sem efra þrep er tilgreint.

4. Ný sýnidæmi um raungreinaáfanga

Eftirfarandi breytingar verða á sýnidæmum um raungreinaáfanga:

- Inn í liðinn *Önnur vinna óháð nemendafjölda* koma 7,5 klst. vegna undirbúnings fyrir verklega kennslu þegar ekki eru verklegir skiptitímar.
- Sé um skiptitíma að ræða fellur önnur vinna óháð nemendafjölda niður. Þess í stað reiknast vinna vegna hvers viðbótartíma (umfram 6 kest.) þannig að hver tími reiknast sem 62,5% af stökum grunntíma, þ.e. 1/6 af vinnumati námshópsins.

	Nem.fj. 15-26	Nem.fj. 15-26
	Rauogr. neðri	Rauogr. efri
Staðin kennsla	60 klst.	60 klst.
Einingar	3 ein.	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	8,0 klst.	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að)	12,0 klst.	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	7,5 klst.	7,5 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:		
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	110 mín./ nem.	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (15 nemar)	161,0 klst.	165,5 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (22 nemar)	178,5 klst.	184,2 klst.
Samtals klst. m.v. 26 nemendur	188,5 klst.	194,8 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100	5,0 klst.	5,3 klst.

5. Sýnidæmi um tölvuáfangi

Í skýrslu verkefnisstjórnar frá 4. febrúar 2015 var ekki sýnidæmi um námsáfanga með 18 nemenda viðmið, þ.e. tölvuáfangi. Verkefnisstjórn birtir nú sýnidæmi um tölvuáfangi.

	Nem.fj. 12/22
	Tölvuáfangar
Staðin kennsla	60 klst.
Einingar	3 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	6,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	10,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að)	12,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	10,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:	
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	120 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	40 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	0,0 klst./ nem.
Samtals klst. m.v. lágmarksfjölda nemenda (12 nemar)	160,0 klst.
Samtals klst. m.v. viðmið í reiknilíkani (18 nemar)	176,0 klst.
Samtals klst. m.v. 22 nemendur	186,7 klst.
Hver nem. umfram hámark skv. augl. 4/2001 m. 100	5,3 klst.

6. Endurgerð sýnidæmi um starfsbrautir

Verkefnisstjórn fjölgaði og breytti sýnidæmum um starfsbrautakennslu frá því sem birtist upphaflega í skýrslu hennar. Í breytingunni felst að tekið er tillit til nemendafjölda til og með 12 í hóp í stað 8 áður.

	Nem. fj. 1/3	Nem. fj. 4/6	Nem. fj. 7/12
	Starfsbraut	Starfsbraut	Starfsbraut
Staðin kennsla	20 klst.	20 klst.	20 klst.
Einingar	1 ein.	1 ein.	1 ein.
Námsáætlun / skipulag / vinnumat	4,0 klst.	4,0 klst.	4,0 klst.
Undirbúningur að jafnaði fyrir hverja kennslustund (m.v. 40 mín)	20 mín.	20 mín.	20 mín.
Verkefnis- og prófagerð á kennslutíma	7,0 klst.	7,0 klst.	7,0 klst.
Prófagerð / framkvæmd lokaprófs (ef um slíkt er að ræða)	0,0 klst.	0,0 klst.	0,0 klst.
Önnur vinna óháð nemendafjölda	18,0 klst.	18,0 klst.	18,0 klst.
Fyrir hvern nemanda að jafnaði:			
Námsmat / yfirferð prófa / verkefna	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.	0 mín./ nem.
Frágangur námsmats / yfirferð lokaprófs	25 mín./ nem.	25 mín./ nem.	25 mín./ nem.
Önnur vinna vegna hvers nemanda	40 mín./ nem.	35 mín./ nem.	30 mín./ nem.
Samtals klst. m.v. 1/4/7 nemendur	60,1 klst.	63,0 klst.	65,4 klst.
Samtals klst. m.v. 2/5/9 nemendur	61,2 klst.	64,0 klst.	67,3 klst.
Samtals klst. m.v. 3/6/12 nemendur *	62,3 klst.	65,0 klst.	70,0 klst.

* Nemendur umfram 12 telja ekki til hækkunar

Reykjavík, 30. mars 2015

Ársæll Guðmundsson

Elna Katrín Jónsdóttir

Guðmundur H. Guðmundsson

Ólafur Sigurðsson

Reynir Þór Eggertsson

Stefán Andrússon

Önnur kjarasamningsgögn

REGLUR
fjármálaráðuneytisins
og
Kennarasambands Íslands
um heimild til greiðslu tímakaups til kennara.

Framhaldsskólum er heimilt að greiða kennurum tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Kennsla alls sé minni en fjórðungur fullrar kennsluskyldu. Til kennslu telst álag, svo sem sérkennsluálag eða öldungadeildarálag. Önnur störf skal ekki telja til kennslu.
2. Kennslunni sé ætlað að standa skemur en þrjá mánuði.

Kennurum á tímakaupi skal ekki ætla sömu hlutfallslegu þátttöku í kennarafundum og svipuðum störfum innan skólans og starfsmönnum sem fá greidd mánaðarlaun. Hlutfallið 1/3 í greinum 2.7 í kjarasamningi aðila breytist skv. þessum reglum.

Reglur þessar gilda frá upphafi skólaárs 2004 – 2005.

Annars á kennari sem ráðinn er tímabundinni ráðningu í a.m.k. fjórðung starfs rétt til mánaðarlauna sem greiðast þannig:

1. Kennari sem kennir við fleiri en einn framhaldsskóla á rétt á því að öll kennsla hans reiknist sem um eitt starf sé að ræða, enda uppfylli hann skilyrði til mánaðarlauna við einn þeirra og ráðning hans við aðra náí til a.m.k. þriggja mánaða.
2. Lækkun kennsluskyldu í framhaldsskóla við 55 og 60 ára aldur sem kennari hefði notið sem skipaður, settur eða ráðinn ótímabundinni ráðningu, skal tekin til greina við ákvörðun launahlutfalls enda hafi ráðning á a.m.k. hálfum föstum mánaðarlaunum á grunn- og/eða framhaldsskólastigi varað minnst 5 ár fyrir hvora lækkun um sig.
3. Laun greiðast mánaðarlega með eftirfarandi hætti:
 - (a) Ef ráðning er til heils skólaárs, greiðast laun fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. júlí.
 - (b) Ef ráðning er einungis til haustannar (4,5 mán.), greiðast laun í 6 mánuði frá 1. ágúst. Þar í eru innifalin orlofslaun.
 - (c) Ef ráðning er einungis til vorannar (4,5 mán.), greiðast laun í 6 mánuði frá 1. janúar. Þar í eru innifalin orlofslaun.
 - (d) Ef lengd annar er 4 mánuðir, greiðast laun í 5,33 mánuði og ef lengd annar er 5 mánuðir, greiðast laun í 6,67 mánuði. Þar í eru innifalin orlofslaun.

Um laun kennara sem fær greidd mánaðarlaun samkvæmt þessum reglum gilda ákvæði kjarasamninga að öðru leyti.

Fyrri reglur um greiðslur til stundakennara á föstum mánaðarlaunum frá 22. júlí 1993 falla þá jafnframt úr gildi.

Reykjavík, 29. júní 2004

GREIÐSLUREGLUR

vegna nemenda sem mæta að jafnaði ekki í kennslustundir en njóta þó leiðsagnar kennara

undirritaðar 9. desember 1992

með síðari breytingum

1. í kenndum áföngum

Skilgreiningar nemenda

Með hugtakinu „nemandi sem mætir að jafnaði ekki í kennslustundir“ er átt við þá nemendur sem mæta að jafnaði sjaldnar en eina kennslustund í viku hverri í viðkomandi áfanga á viðkomandi kennslutímabili enda séu þeir ekki skráðir sem almennir nemendur í viðkomandi hóp eða bekk og eigi ekki rétt á sérstakri leiðsögn kennara.

Utanskólanemendur falla einnig undir skilgreininguna þótt þeim sé gert skylt að mæta vikulega í verklega tíma.

Verði breyting á skilgreiningu skólasóknar viðkomandi nemenda á tilteknu kennslutímabili, skal greiðslan reiknuð hlutfallslega.

Greiðslur

Fyrir leiðsögn slíks nemanda í kenndum áfanga skal reikna kennara vegna umsjónarstarfa þessara fyrir hvern nemanda á önn:

- 2 klst ef kenndar eru 80 mín á viku í áfanganum
- 3 klst ef kenndar eru 160 mín á viku í áfanganum
- 4 klst ef kenndar eru 240 mín á viku í áfanganum

Þessi stundafjöldi gildir jafnt þó um hrað- eða hægferð sé að ræða.

Fyrir yfirferð prófa greiðist 0,33 klst fyrir hvern nemanda umfram lágmarksviðmið í vinnumati.

Ljúki áfanganum með ritgerð (en ekki prófi) greiðast á önn fyrir hvern nemanda:

- 1 klst ef kenndar eru 80 mín á viku í áfanganum
- 2 klst ef kenndar eru 160 mín á viku í áfanganum
- 3 klst ef kenndar eru 240 mín á viku í áfanganum

Þessi stundafjöldi gildir jafnt þó um hrað- eða hægferð sé að ræða.

Ef semja þarf sérstakt viðamikið próf vegna viðkomandi nemanda, skal greiða fyrir það sem um endurtektarpróf væri að ræða samanber grein 2.3.9. Ef einungis er um að ræða viðbót við almenna prófið skal greiðslan vera helmingur þess sem greitt er fyrir endurtektarpróf.

2. Í áföngum sem ekki eru kenndir

Fyrir leiðsögn nemanda í áfanga sem ekki er kenndur, skal reikna kennara vegna umsjónarstarfa þessara fyrir hvern nemanda á önn:

- 3 klst ef kenndar væru 80 mín á viku í áfanganum
- 6 klst ef kenndar væru 160 mín á viku í áfanganum
- 9 klst ef kenndar væru 240 mín á viku í áfanganum

Fyrir samningu og yfirferð prófa greiðist eins og um endurtektarpróf sé að ræða. Yfirseta er innifalin í greiðslu fyrir prófsamningu þessa.

Ljúki áfanganum með ritgerð (en ekki prófi) greiðast:

- 2 klst ef kenndar væru 80 mín á viku í áfanganum
- 3 klst ef kenndar væru 160 mín á viku í áfanganum
- 4 klst ef kenndar væru 240 mín á viku í áfanganum

3.

Fyrir leiðsögn nemanda í áfanga sem að jafnaði er ekki kenndur í námshópum með fasta stundaskrá og lokið er með ritgerðarverkefni eða sambærilegu verkefni skal reikna kennara vegna umsjónarstarfa þessara 13 klst á önn fyrir hvern nemanda. Fyrir yfirferð ritgerðarinnar greiðast fyrir hvern nemanda á önn:

- 2 klst ef áfanginn er ígildi þess að kenndar væru 80 mín á viku í áfanganum
- 3 klst ef áfanginn er ígildi þess að kenndar væru 160 mín á viku í áfanganum
- 4 klst ef áfanginn er ígildi þess að kenndar væru 240 mín á viku í áfanganum

Sé um að ræða áfanga sem skilgreindur er í skólanámskrá og nokkur fjöldi nemenda tekur á námstímanum skal ekki nota þessar reglur heldur gera vinnumat fyrir áfangann. Það vinnumat skal lúta almennum reglum um vinnumat.

4.

Nemendur sem falla undir þessar greiðslureglur reiknast ekki með þegar vinnumat viðkomandi áfanga er ákvarðað.

Vinna vegna ofangreindrar leiðsagnar greiðist sem yfirvinna, þó skal heimilt að nota þessa vinnu til uppfyllingar dagvinnuskyldu innan ráðningarlutfalls viðkomandi kennara.

Miða skal við þá nemendur sem hafa hafið nám skv. ofanskráðu einum mánuði eftir að viðkomandi önn hefst. Hverfi nemandi frá námi innan sex vikna frá byrjun annar, skal greiðslan vegna leiðsagnarinnar vera helmingi minni en ella.

Greiða skal prófavinnu vegna nemanda, sé hann skráður í próf í upphafi prófatímabils.

Vinna vegna leiðsagnar þessarar skal innt af hendi í skólanum eftir því sem við verður komið.

Í bekkjarskólum samsvarar kennslugrein áfanga. Kennsla í grein í x kennslustundir á viku í eina önn reiknast vera $x/2$ einingar. Standi kennslustundafjöldi á viku á oddatölu, skal greiðslan reiknuð hlutfallslega.

Samkomulag þetta gildir frá upphafi skólaárs 1992/1993 með síðari breytingum (*reglunum var síðast breytt við heildarútgáfu kjarasamnings 2016*).

BÓKANIR

Bókun frá 14. maí 1993

Samkomulag er um að greiðsla fyrir nemendur sem mæta að jafnaði ekki í kennslustundir í áföngum sem kenndir eru í teiknifræði iðngreina, þ.m.t. grunnteikning, verði svipuð og greiðsla fyrir leiðsögn með nemanda í áfanga sem lokið er með ritgerðarverkefni (liður 3 í samkomulagi um greiðslureglur). Hvert einstakt tilvik verði leyst sérstaklega.

Bókun 8 frá 18. mars 2005

Bókun frá 14. maí 1993 og greiðslureglur frá 9. desember 1992 sem eru í viðauka 4 í síðustu útgáfu kjarasamnings kveða á um miðlægt ákvarðaðan tímafjölda fyrir ákveðnar skyldur kennara. Samkomulag er um að þessi ákvæði verði endurskoðuð af samningsaðilum í tengslum við kerfisbreytingu þann 1. maí 2006. Markmið þeirrar skoðunar er að skólarnir hafi sjálfir val um með hvaða hætti þeir meta þessa vinnu til launa.

Um ákvæði kjarasamninga um kennslu í öldungadeildum, meistaraskóla og sambærilegu námi.

Samningsaðilar hafa ekki komist að niðurstöðu um útfærslu þessara ákvæða í vinnumati enn sem komið er. Ákvæðin gilda því óbreytt, en stefnt er að því að ljúka málinu samhliða kjarasamningsgerð haustið 2016.

Grein 2.7.1 í nágildandi samningi er um greiðslur fyrir kennslu í öldungadeildum og hliðstæðri kennslu sem miðast við farið sé allt að tvöfalt hraðar yfir námsefni en í venjulegu skólahaldi. Einnig er fjallað um þessa tegund kennslu í bókun með samningnum frá árinu 1985 sem enn gildir.

Aðilar eru ásáttir um að þessi tegund kennslu verði útfærð í nýju vinnumati og haldi í aðalatriðum sömu sérstöðu og hún hefur haft.

Samningsaðilar munu í samstarfi við verkefnisstjórn um vinnumat setja fram sýnidæmi þar sem tekið er tillit til sérkenna þessarar kennslu.

2.7.1 **Álag vegna öldungadeildarkennslu**

Kennslustund í öldungadeildum sem starfa skv. reglum, er menntamálaráðuneytið setur, og í annari hliðstæðri kennslu sem miðast við að farið sé allt að tvöfalt hraðar yfir námsefni en í venjulegu skólahaldi, skal metin með 60% álagi.

B Ó K U N

um greiðslu fyrir kennslu

í öldungadeildum, meistaraskóla og sambærilegu námi

undirrituð 28. nóvember 1985

1. Kennarar á föstum mánaðarlaunum

Kennsla í öldungadeildum gengur til uppfyllingar vinnuskyldu hjá föstum kennurum eða greiðist með hlutfalli af mánaðarlaunum hjá stundakennurum eftir sömu reglum og gilda í dagskóla. Litið skal á stundafjölda í dagskóla og öldungadeild samtals þegar metið er hvort uppfyllt er lágmark til þess að fá föst mánaðarlaun.

Mat á kennslustund er 1,6 auk þess sem greitt skal óþægindaálag jafnhátt vaktaálagi í 0,75 klukkustund fyrir hverja kennslustund á álagstímabili.

Kennsla umfram fullt starf greiðist sem yfirvinna þar sem hver kennslustund telst jafngildi 1,6 stunda í dagskóla.

Frá 7. janúar 2001 gildir grein 2.1.6.2.1 um vinnu á prófatíma einnig um öldungadeildir og meistaraskóla.

2. Stundakennarar á tímataxta

Stundakennarar sem ekki uppfylla þau skilyrði að fá föst mánaðarlaun, skulu fá greidd laun fyrir kennsluna í 18 vikur miðað við kennslu í fulla önn. Hver kennslustund reiknast sem 1,6 stundir í dagskóla og að auki greiðist óþægindaálag sbr. 1. tölulið.

Ekki greiðist sérstaklega fyrir prófavinnu, þ.e. samningu eða yfirferð þeirra, að öðru leyti en því að fyrir leiðréttingar prófverkefna umfram 25 hjá hverjum kennsluhópi greiðast laun í 0,33 klst. á verkefni. Laun þessi greiðast sem stundakennsla í launaflokki viðkomandi kennara.

Reglur
um mismun á vinnuskyldu við kennslu
kennara sem féllu frá 10 og 15 ára afslætti með kjarasamningi 2001
eða í annarri umferð vals 2006
og þeirra sem völdu að halda óbreyttum afslætti.

Samkvæmt kjarasamningi frá 7. janúar 2001 var hámarkskennsluskylda á viku 24 stundir (þ.e. 40 mínútna stundir). Kennsluskylda kennara með 10 ára starfsaldur í kennslu var 23 stundir, með 15 ára starfsaldur í kennslu 22 stundir, 55 ára 21 stund og 60 ára 17 stundir.

Samkvæmt sama kjarasamningi gátu kennarar sem voru í starfi í framhaldsskólum þegar samningurinn var gerður valið hvort þeir vildu falla frá rétti sínum til kennsluskyldulækkunar um eina stund á viku eftir 10 ára starf og aðra stund til viðbótar eftir 15 ára starf eða ekki. Þeir sem völdu að falla frá þessum hluta réttar til lækkunar kennsluskyldu skyldu hækka um einn launaflokk eftir 9 ára kennsluferil, um annan eftir 12 ára kennsluferil og þriðja eftir 15 ára kennsluferil. Bil á milli launaflokka var á þessum tíma 3% og samanlögð hækkan á mánaðarlaunataxta af þessum sökum því 9,27% miðað við 15 ára starfsreynslu. Í kjarasamningi frá 7. janúar 2001 var launaflokkahækkunin skilgreind í greinum 1.3.1.3 og 1.3.2.3 sem síðan eru horfnar úr kjarasamningum eins og önnur miðlæg ákvæði um launaröðun einstaklinga.

Það voru því tvær leiðir í boði fyrir félagsmenn KÍ í framhaldsskólum samkvæmt fyrrgreindum samningi:

1. Í fyrsta lagi að um kennsluskyldu færi skv. svonefndri leið 1. Þá verður við 55 ára aldur skyldan 23 og 19 stundir 60 ára. Kennsluskylda þeirra sem völdu þessa leið 2001 og þeirra sem byrjuðu síðar er skv. þessari leið.
2. Í öðru lagi að kennari haldi sig við 10 og 15 ára afslátt og fari eftir 10 ár í 23 stundir, eftir 15 ár í 22 stundir, 55 ára í 21 stund og 60 ára í 17 stundir.

Þessi munur var ákveðinn í miðlægum kjarasamningi sem gildi um þetta fram til loka apríl 2006.

Í tengslum við gerð nýs kjarasamnings árið 2005 og upptöku nýs launakerfis 1. maí 2006 urðu samningsaðilar sammála um að heimila skyldi þeim sem höfðu valið leið 2 og ekki afsalað sér umræddum tveimur stundum í kennsluafslátt gegn tilgreindum launahækkunum að velja leið 1 miðað við 1. ágúst 2006. Á þessum tíma tilheyrðu 10 til 15% kennara hópi 2. Þetta var skýrt skilgreint sem val hvers kennara og ekki kom til greina af hendi samningsaðila, að sá valréttur kennara yrði felldur út.

Kennurum sem ekki höfðu valið leið 1 2001 var því heimilt frá 1. ágúst 2006 að falla frá 10 og 15 ára afslætti og taka í stað þess hærra launaröðun stofnanasamnings. Stofnanasamningar skyldu þó áfram að rúma báðar leiðir fyrir þá sem enn kysu að halda í fullan kennsluafslátt samanber leið 2. Tekið var fram að munurinn á milli leiðanna í stofnanasamningum í þeim skólum þar sem enn starfa kennarar sem völdu afsláttinn skyldi vera sambærilegur við það sem áður var (3%-9,27%),

Með nýju launakerfi sem samið var um í kjarasamningum 2005 og tekið var upp vorið 2006 breyttust meðal annars launaflokkabilin úr 3% í 5% og því varð framkvæmdin ögn torveldari þar sem hæpið var talið að nota lárétta ásinn eða launaprepin til þess að hækka launin í

samræmi við ákvæði kjarasamningsgreina 1.3.1.3 og 1.3.2.3 sem giltu um launaflokkahækkanirnar í kjarasamningum frá 2001-2006. Tilgangur samningsaðila með annarri umferð í kennsluskyldusölu var að stofnanir fengju tækifæri til að losa sig undan þessum mismun hjá kennurum sínum með því að bjóða þeim að láta af þessum afslætti gegn sömu launaröðun og aðrir fengju án þess þó að gengið væri á rétt þeirra kennara sem kysu að halda sig við fyrri ákvörðun.

Talning kennsluferils er skv. eftirfarandi:

Regla I: Til og með skólaárinu 1975-76 skal miða lækkun kennsluskyldunnar við kennsluferil. Skv. þeirri reglu er kennsla sem ekki nær fullu starfi, metin til kennsluferils í hlutfalli við stundafjölda á viku.

Regla II: Eftir lok skólaárs 1975-76 ákveðst lækkun kennsluskyldunnar með því að telja kennsluferil með sama hætti og starfsaldur er talinn. Telst þá kennsluár í meira en hálfu starfi sem 1 ár í kennsluferli en það sem minna er fellur niður.

Regla III: Frá og með hausti 1980 er farið að telja starfshlutfall á bilinu 1/3-1/2 sem starfsferil að hálfu og þá gildir að kennsluár í 1/3-1/2 starfi telst sem hálf ár í kennsluferli. Kennsluár í minna en 1/3 starfi telst ekki til kennsluferils. (1/3 verður 1/4 frá og með skólaárinu 2004 – 2005).

Heimilt er að leggja saman kennsluferil á grunn- og framhaldsskólastigi.

Fullgildir framhaldsskólakennarar öðlast 55 og 60 ára afslátt frá og með því skólaári sem þeir ná þeim aldri. Upphaf skólaárs telst vera 1. september í þessu tilliti.

Sjá þó; *Reglur fjármálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands um heimild til greiðslu tímakaups til kennara.*

Þeir sem enn eiga kost á 10 ára og 15 ára afslætti vegna kennsluferils og ekki velja launahækkun skv. leið 1, öðlast hann eftir 10 ára og 15 ára kennsluferil.

Þetta val endurspeglast í kjarasamningum 2014 – 2015 í vinnustundafjölda kennara í vinnuþætti A.

Viðauki 1
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands
undirrituðu 18. mars 2005

Með þessum samningi eru felld út úr miðlægum samningi öll ákvæði um launaröðun og starfsþróun félagsmanna og við taka ákvæði stofnanasamninga á hverri stofnun. Til að fá fram líka sýn skólanna á eðli þessara breytinga hafa aðilar þessa samnings sett fram eftirfarandi hugmyndir og texta:

1. Flokkun starfa eftir eðli starfs og viðfangi

Leið til að nálgast launasetningu á grundvelli starfaflokkunar og starfslýsinga sbr. kafla 11.3 er að flokka störf félagsmanna KÍ í framhaldsskólum á eftirfarandi hátt:

1.1. Kennarar

Kennari 1 – Kennarinn hefur með höndum skipulagningu kennslu, námsmat og upplýsingagjöf í samræmi við starfsskyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum og tekur þátt í innra starfi. Kennarinn semur og vinnur eftir áætlunum um þá námsáfanga sem hann kennir, sinnir samstarfi við samkennara um kennsluna og nám nemenda. Kennarinn starfar sjálfstætt, þ.e. ber fulla ábyrgð á kennslu og námsmati í samræmi við námskrá, skólanámskrá og ákvarðanir innan deildar/sviðs.

Kennari 2 – Kennari sem hefur aflað sér reynslu í starfi. Hann hefur tekið virkan þátt í endurmenntun og er vel heima í þróun sinnar faggreinar. Hann sinnir samstarfi innan síns skóla svo sem innan deildar og milli deilda og við þróun og viðhald skólanámskrár í sinni grein og er fær um að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum, svo sem faglegri stjórnun og verkefnum í innra starfi skólans.

Kennari 3 – Kennari, sem vegna reynslu sinnar og menntunar, getur veitt ráðgjöf og leiðsögn til nýliða, samkennara, verið stjórnendum til ráðuneytis um ýmis málefni skólans. Hann hefur staðgóða reynslu af samningu kennslugagna og leiðbeininga, yfirsýn yfir málefni kennslugreina sinna og heildaryfirsýn yfir starfsemi síns skóla. Hann er fær um að leiða/taka þátt í umræðu/starfi, svo sem varðandi skipulag endurmenntunar, starfsþróunar og framtíðaráætlana stofnunarinnar. Hann er hæfur til að taka að sér stjórnun.

1.2. Náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um það sem lýtur að námi og störfum. Náms- og starfsráðgjafar eru stjórnendur í þeim hluta stuðningskerfis framhaldsskólans er snýr að stuðningi við nemendur og eru trúnaðarmenn þeirra.

Starfið felur í sér:

- Móttöku nýnema og kynningu á námi í skólanum.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval, s.s. áhugagreiningu og upplýsingagjöf.
- Ráðgjöf um vinnubrögð, s.s. skipulagningu, áætlanagerð og námsaðferðir.
- Persónulega ráðgjöf og stuðning við nemendur.
- Þróunarverkefni, s.s. skráningu viðtala, mat og áætlanagerð og fræðslu.
- Samstarf við yfirvöld og sérfræðinga.

Starfið getur ennfremur falið í sér:

- Umsjón með umsjónarkerfi skólans, s.s. skipulagningu funda og ráðgjöf við kennara
- Aðstoð við nemendur með sértæka námsörðugleika
- Námsmat úr öðrum skólum.

- Hópráðgjöf, s.s. vegna prófkviða, áhugagreininga, gerð ferilsskráa og námstækni.
- Umsjón með útskriftarnemendum.
- Ráðgjöf til fjarnemenda.

1.3. Stjórnendur

Stjórnendur í framhaldsskólum skiptast í grófum dráttum í þrjá hópa, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og stjórnendur sem taka að sér viðamikla stjórnun brauta og/eða sviða eða umsjón með sérverkefnum af einhverju tagi.

Stjórnendur með viðamikla verkefnastjórn

Hér er um að ræða stjórnendur sem taka að sér viðamikil stjórnunarstörf á grundvelli 7. greinar reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Nánar er kveðið á um starfsheiti og verkvið í skipuriti og starfslýsingum skóla.

Áfangastjóri

Starfsskyldum áfangastjóra er lýst í 6. grein reglugerðar nr. 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og í erindisbréfi sem skólameistari setur.

Aðstoðarskólameistari

Starfsskyldum aðstoðarskólameistara er lýst í 3. og 5. grein reglugerðar nr. 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og í erindisbréfi sem skólameistari setur.

2. Röðun starfa í launaflokka

Samstarfsnefndir þeirra skóla sem taka upp nýja launatöflu og nýtt launakerfi þurfa að setja reglur um röðun starfa í launflokka (lóðrétt röðun) og um álagsgreiðslur vegna persónu- og tímabundinna þátta (lárétt röðun). Þessar reglur geta verið breytilegar eftir skólum.

Við röðun starfa í launaflokka sjá samningsaðilar fyrir sér að styðjast megi við eftirfarandi viðmið:

- Kennara 1 er grunnraðað í launaflokk 2
- Kennara 2 er grunnraðað í launaflokk 4
- Kennara 3 er grunnraðað í launaflokk 7
- Náms- og starfsráðgjafa er grunnraðað í launaflokk 7
- Stjórnenda með viðamikla verkefnastjórn er grunnraðað í launaflokk 9
- Áfangastjóra eða sambærilegum stjórnanda er grunnraðað í launaflokk 11
- Aðstoðarskólameistara er grunnraðað í launaflokk 13

3. Viðmið fyrir frekari röðun í launaflokka (Lóðrétt röðun)

Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir því að störf flokkist eftir starfslýsingum og raðist í launaflokka eftir þeim. Þó er í þessum hugmyndum gert ráð fyrir að hver starfsflokkur spanni fleiri launaflokka og starfsmaður geti bætt við sig launaflokkum innan sama starfsflokksins/starfsins.

3.1. Kennarar

Kennsluréttindi

Kennara með kennsluréttindi er raðað a.m.k. launaflokki hærra en ella.

Verkefnisstjórn

Ef kennara er falið tímabundið að gegna sérstökum verkefnum jafnhliða kennslu getur hann raðast hærra en ella á meðan hann gegnir þeim. Hve mikil sú umframröðun er ræðst af umfangi viðkomandi verkefna auk þeirrar færni (kunnáttustigs/sérhæfingar) sem þarf til að geta innt verkefnin af hendi.

Launaröðun vegna verkefna getur einnig verið í formi álags – sbr. lárétt röðunartilefni.

Starfsreynsla

- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 1 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 2 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 3 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Kennari sem raðast sem kennari 3 og hefur haft viðbótarlaunasetningu vegna sérstakra verkefna og gegnt þeim í a.m.k. 5 ár, njóti þeirrar reynslu í launasetningu.

Hæfnismat

- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 1 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 2. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.
- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 2 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 3. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.

Áskilið er að í viðkomandi skóla liggja fyrir viðurkenndar forsendur/matskerfi til að meta umrædda hæfni. Sé slíkt matskerfi ekki fyrir hendi eða verði ágreiningur um matið skal vísa málinu til sáttanefndar skv. kjarasamningi.

3.2. Náms- og starfsráðgjafar

Við ákvörðun um það hvort náms- og starfsráðgjafar skuli raðast hærra en grunnröðun kveður á um er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi:

- Sérstakrar ábyrgðar
- Umfangs starfs
- Fjölbreytileika verkefna
- Leiðsögn annarra starfsmanna
- Sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins
- Samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans

3.3. Stjórnendur

Við ákvörðun um það hvort stjórnandi skuli raðast hærra en grunnröðun kveður á um er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi:

- Sérstakrar ábyrgðar
- Umfangs starfs
- Fjölbreytileika verkefna
- Leiðsögn annarra starfsmanna
- Sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins
- Samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans

Stjórnandi sem unnið hefur sem slíkur í a.m.k. 5 ár njóti þeirrar reynslu í launasetningu hefji hann aftur störf sem kennari.

4. Viðmið um notkun álagspátta (lárétt röðun).

Samstarfsnefndir þeirra skóla sem taka upp nýja launatöflu og nýtt launakerfi þurfa að semja um álagsgreiðslur vegna persónu- og tímabundinna þátta (lárétt röðun). Slíkir þættir geta verið breytilegir eftir skólum og störfum.

Við mat á álagi vegna þessara þátta (lárétt röðun) ber að líta til viðbótarmentunar sem nýtist í starfi, starfsreynslu, viðbótarábyrgðar og álags vegna sérstakra verkefna, hæfni og sérstaks árangurs og/eða frammistöðu. Sumir þeirra þátta sem koma til álita í þessu sambandi geta misst vægi sitt að einhverju

eða öllu leyti breytist lóðrétt röðun viðkomandi kennara, náms- og starfsráðgjafa eða stjórnanda.

Það á þó ekki við um formlega viðbótarmenntun umfram viðmiðunarmenntun hvers starfaflokks og álag vegna hennar ætti því að vera ótengt við lóðrétt launaröðun, nema einstaklingur færast í flokk með önnur viðmið.

Með þann mikla breytileika sem er innan framhaldsskólakerfisins í huga verður að búast við því að samstarfsnefndir, sem þurfa að forgangsráða þeim þáttum sem álag er greitt fyrir, útfæri þennan hluta með mismunandi hætti. Þættir sem hugsanlegt er að meta með t.d. stigakerfi gætu verið:

- Formleg viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun
- Endurmenntun
- Reynsla
- Færni/sérhæfing
- Árangur
- Álag fyrir nýliða í kennslu
- Álag vegna kennslu nýs áfanga
- Álag vegna kennslu áfanga/greina þar sem námsefni er ekki til staðar
- Leiðsögn með nýliðum
- Fjölhæfni í starfi (fjöldi greina/áfanga)
- Nemendafjöldi í námshópum
- Álag vegna kennslu greina/áfanga sem hafa umfangsmikið námsmat
- Vinna við þróunarverkefni
- Starf í nefndum á vegum skólans
- Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna
- Frumkvæði/forysta í skipulags- og uppbyggingarstarfi, þróunar- og nýbreytnistarfi

Þó í þessum viðauka endurspeglit sú sátt sem samningurinn byggir á, skal tekið fram að samstarfsnefndir eru á engan hátt bundnar af honum. Hann er settur fram til að auðvelda starf við gerð stofnanasamninga og er fyrst og fremst mótaður af núverandi launadreifingu.

SAMKOMULAG
HÍK, KÍ og fjármálaráðuneytisins
um barnsburðarleyfi kennara

undirritað 9. nóvember 1988

Bókun 9/2001

Aðilar eru sammála um að ganga frá breytingum á samkomulagi HÍK, KÍ og fjármálaráðuneytisins um barnsburðarleyfi kennara frá 9. nóvember 1988 á grundvelli bókunar með samkomulagi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga frá 24. október 2000. Í því felst að aðlaga fyrri samkomulagið að því síðara og lögnum um foreldra- og fæðingarorlof nr. 95/2000 án þess að fara gegn meginreglum laganna eða réttinda kennara.

1. Vegna barnsburðarleyfis kennara skulu þeir mánuðir sem skólar ekki starfa, þ.e. júní, júlí og ágúst, teljast sem 1 mánuður.
Vegna fæðingar í júní eða júlí reiknast barnsburðarleyfi frá 1. ágúst.
Vegna fæðingar í ágúst reiknast barnsburðarleyfi frá fæðingardegi.
2. Barnsburðarleyfi reiknast frá fæðingardegi. Óski kona eftir því, er henni heimilt að hefja töku barnsburðarleyfis í fyrsta lagi 2 mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag enda hafi slíkt ekki áhrif til lengingar barnsburðarleyfis á kennslutímabili.
3. Um barnsburðarleyfi kennara fer að öðru leyti en hér segir skv. reglugerð nr. 633/1987*, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins.
**Nú reglugerð nr. 410/1989.*
4. Reglur þessar taka gildi frá 1. júní 1988.

SAMNINGUR

milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Bandalags háskólamanna
um rétt þungaðra kvenna til mæðraskoðunar

undirritaður 13. ágúst 1999

Samningur þessi er gerður til að hrinda í framkvæmd ákvæðum 9. gr. tilskipunar ESB frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir eða hafa nýlega alið eða hafa börn á brjósti (92/85/EBE).

1. grein Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.
2. grein Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi.

REGLUR
um Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands
sbr. gr. 10.5.2

undirritaðar 15. febrúar 1990 og 11. mars 1991

Bókun 6/2001

Aðilar eru sammála um að fella saman í einn sjóð, starfsmenntunarsjóð skv. gr. 10.3.1, 10.3.2 og vísindasjóð skv. gr. 10.5.1, 10.5.2, þegar þeir hafa komið sér saman um þær reglur sem hinn nýi sjóður skal starfa eftir. Þar til halda eldri reglur sjóðanna gildi sínu.

1. grein Sjóðurinn heitir Verkefna- og námsstyrkjasjóður Kennarasambands Íslands og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.
2. grein Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn KÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn. Heimilt er að veita þeim félagsmönnum KÍ sem aðild hafa átt að sjóðnum, styrki vegna náms eða rannsókna í launalausum leyfi allt að tveim árum eftir að hætt er að greiða í sjóðinn fyrir þá. Á sama hátt er heimilt að veita slíka styrki félagsmönnum KÍ á eftirlaunum, sbr. b)- lið 6. greinar.
3. grein Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna KÍ til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa.
4. grein Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og þrír af stjórn KÍ, þar af formaður sjóðsins. Tilnefna skal jafnmarga varamenn frá sömu aðilum. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur í samræmi við markmið sjóðsins. Fagleg sjónarmið kennara skulu lögð til grundvallar við úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.
5. grein Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Framlag ríkisins sem nemi 1,5% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna KÍ skv. kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra, dags. 22. maí 1989.
 - b) Starfsmenntunarsjóðsframlag, 0,22% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna KÍ.
 - c) Vaxtatekjur.Framlag ríkisins vegna a)- og b)-liða skal greitt fyrir 10. hvers mánaðar inn á reikning sjóðsins í þeirri bankastofnun sem stjórn sjóðsins ákveður. Sjóðurinn verði ávaxtaður á þann hátt sem sjóðsstjórn telur hagkvæmastan á hverjum tíma.
6. grein Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 3. grein. Óheimilt er að styrkja aðra en þá sem getið er um í 2. grein. Í því sambandi skal höfð hliðsjón af eftirfarandi skiptingu:
 - a) U.þ.b. 40% af tekjum sjóðsins skv. a)-lið 5. greinar skal varið til að greiða laun á námsleyfistíma.
 - b) U.þ.b. 40% af tekjum sjóðsins skv. a)-lið 5. greinar skal varið til umfangsmikilla verkefna sem félagsmenn KÍ taka að sér, til rannsókna og til þróunarverkefna og til að styrkja Kennarasamband Íslands, aðildarfélög KÍ og önnur sérfélög innan KÍ vegna faglegra námskeiða fyrir almenna félagsmenn og náms- og kynnisferða fyrir hópa félagsmanna á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.
 - c) U.þ.b. 20% af tekjum sjóðsins skv. a)-lið 5. greinar og öllu því framlagi sem inn kemur skv. b)-lið 5. greinar, skal varið til starfsmenntunarstyrkja. Í því

sambandi er sjóðsstjórn m.a. heimilt að veita einstökum sjóðsfélögum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna:

- til að sækja námskeið eða nám innanlands eða utan,
- til ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

7. grein Þeir sem sækja um styrk úr sjóðnum, skulu senda stjórn sjóðsins umsókn á sérstöku eyðublaði þar sem fram kemur lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaður kostnaður og námstími, aðrir styrkir og aðrar þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegar.
Sjóðsstjórn tekur ákvörðun um styrkveitingar og upphæð styrkja í samræmi við ákvæði 6. greinar.
Ef í ljós kemur við lok reikningsárs að úthlutun úr einhverjum hluta sjóðsins nemur ekki árlegu framlagi í hann, er sjóðsstjórn heimilt að flytja það sem upp hefur safnast, inn í aðra hluta sjóðsins.
8. grein Úthlutun styrkja úr sjóðnum vegna a)-og b)-liða í 6. gr. skal fara fram a.m.k. árlega en a.m.k. ársfjórðungslega vegna styrkja skv. c)-lið 6. greinar. Vaxta-tekjum sjóðsins skal skipt í sömu hlutföllum og greint er í a) - c)-liðum 6. greinar.
9. grein Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og af kjörnum endurskoðendum KÍ.
Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um þau störf sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.
10. grein Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðast liðið reikningsár. Skýrsla þessi skal send samningsaðilum.
11. grein Reglur þessar eru settar skv. ákvæðum kjarasamnings KÍ frá 22. maí 1989 og gilda frá undirritun þeirra. Reglurnar skulu endurskoðaðar fyrir lok skólaárs 1991-92.
Breytist framlag á fjárlögum til þeirra verkefna sem sjóðnum er ætlað að styrkja, skv. 6. grein, má semja um aðra ráðstöfun sjóðsins.

Launanefnd sveitarfélaga og/eða einstök sveitarfélög sem óska eftir að gerast aðilar að sjóðnum vegna tónlistarskólakennara sem eru félagsmenn í KÍ í viðkomandi sveitarfélagi, geta sent sjóðsstjórn skriflega beiðni þar um. Slík beiðni öðlast gildi þegar viðkomandi aðili hefur staðfest að hann viðurkenni reglur sjóðsins og stjórn sjóðsins hefur samþykkt erindið.

REGLUR
um Vísindasjóð Hins íslenska kennarafélags
skv. 8. gr. kjarasamnings frá 18. maí 1989, sbr. gr. 10.5.1 í þessari útgáfu
undirritaðar 8. nóvember 1990

Bókun 6/2001

Aðilar eru sammála um að fella saman í einn sjóð, starfsmenntunarsjóð skv. gr. 10.3.1, 10.3.2 og vísindasjóð skv. gr. 10.5.1, 10.5.2, þegar þeir hafa komið sér saman um þær reglur sem hinn nýi sjóður skal starfa eftir. Þar til halda eldri reglur sjóðanna gildi sínu.

1. grein Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Hins íslenska kennarafélags, HÍK. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.
2. grein Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn HÍK sem greitt er fyrir í sjóðinn.
3. grein Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna HÍK til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa.
Sjóðurinn greiði styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem félögin standa fyrir, aukabókun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni, laun á námsleyfistíma og aðstoði félagsmenn til endurmenntunar eða á annan hátt samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. grein Stjórn HÍK skipar stjórn sjóðsins. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.
5. grein Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Framlag ríkisins sem nemi 1,5% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna HÍK samkvæmt kjarasamningi þess og fjármálaráðherra, dags. 18. maí 1989.
 - b) Vaxtatekjur.
 - c) Aðrar tekjur.Sjóðurinn verði ávaxtaður á þann hátt sem sjóðsstjórn telur hagkvæmast á hverjum tíma.
6. grein Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir.
7. grein Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðast liðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send samningsaðilum fyrir 1. mars ár hvert.
8. grein Reglur þessar sem settar eru samkvæmt ákvæðum kjarasamnings milli Hins íslenska kennarafélags og fjármálaráðherra sem hafa undirritað frumrit reglna þessara, gilda frá undirritun þeirra.